



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. maí 2005 - 127. tölublað - 5. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Getur Stjarnan úthlutað
ríkisborgararéttinum?

ÍBV sakar forystu handknattleiksdeildar Stjörnunnar um að hafa boðið stórskyttunni Títe Kalandadze íslenskan ríkisborgararétt ef hann kæmi í Stjörnuna.



ÍPRÓTTIR 30

Að búa til fordóma

Sigurður Þór Guðjónsson segir neikvæða umræðu um öryrkja farna úr böndunum. Skýrslan um fjölgun öryrkja ætti að vera þjóðinni áskorun um að endurskoða þessi mál af samfélagslegri ábyrgð og heilindum.



SKOÐUN 24

Skapandi í
miðbænum

Eigendur hönnunarversunarinnar Trilogia færa Íslendingum framsækinn klæðnað frá ýmsum löndum.


FÓLK 44

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST EN HLÝTT OG BJART með köflum á austurhellingi landsins en dálítil væta vestan til, einkum þegar kemur fram á daginn. Hiti 7-17 stig, hlýjast austan til.

VEDUR 4

Meðallestur
á tölublað*

FRÉTTABLAÐIÐ

Morgunblaðið

*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.

Fangar einir í flugið

Fangar eru oftast sendir fylgdarlausir í flugi milli Reykjavíkur og Akureyrar. Fangelsisfyrirvöld meta í hverju tilviki hvort fylgdarmaður þyki nauðsynlegur. Ef svo er ekki er fanganum fylgt á flugvöllinn og miði keyptur handa honum.

FLUG Fangar eru yfirleitt sendir fylgdarlausir í flugi milli Reykjavíkur og Akureyrar. Fanganum er þá fylgt á flugvöllinn, flugmiði keyptur og séð til þess að hann fari í flugið en honum ekki fylgt inn í flugvélinu. Tekið er á móti fanganum við landingu og honum fylgt í fangelsið en að öðru leyti er hann fylgdarlaus um borð.

Flugstjórinn er látinn vita þegar fangi er sendur með vélinni og hefur komið fyrir að flugstjóri hafi neitað að flytja eftirlitslausan fanga. Misbrestur hefur þó orðið á því að flugstjóri hafi verið látinn vita.

Samkvæmt upplýsingum frá Erlendi S. Baldurssyni, deildarstjóra Fangelsismálastofnunar, er metið hverju sinni af yfirstjórn viðkomandi fangelsis í samráði við Fangelsismálastofnun hvort fylgja þurfi föngum milli landshluta eða hvort hægt sé að senda þá fylgdarlaus í flugi.

„Þetta fer eftir því hvort ástæða er til að ætla að það þurfi einhvern



FLUGVÉL Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Fangar eru yfirleitt sendir einir í innanlandsflugi milli Reykjavíkur og Akureyrar en fá fylgd ef þeim er ekki talið treystandi til að vera til friðs.

með þeim. Ef svo er ekki eru þeir keyrðir út á flugvöll af fangaflutningsmönnum og tekið á móti þeim við komu. Ef ástæða er til að ætla að þeir geti ekki ferðast eins og venjulegt fólk er fylgdarmaður sendur með þeim,” segir hann.

Undir þetta tekur Guðmundur Gíslason fangelsisstjóri: „Eftirlitslausir flutningar tíðkast þegar um mjög rólega einstaklinga er að ræða þar sem ekki er ástæða til að ætla að þeir verði til neinna vandræða.“

Fangaflutningarnir hafa nær undantekningarlaust gengið vandræðalítið, að sögn Guðmundar, „en eins og annars staðar getur komið upp eitt og eitt dæmi þar sem einhver leiðindi verða. Þetta hefur viðgengist í mörg ár og aldrei skapast nein veruleg vandræði.“

Á Akureyri eru yfirleitt vistaðir menn með stutta dóma, til dæmis fyrir umferðarlagabrot eða þjófnað, og eru þeir fimm til sex þegar flest er.

- ghs



MAHMOUD ABBAS

Mahmoud Abbas:

Vill fresta
kosningum

IERÚSALEM, AP Leiðtogar Hamas-samtakanna hafa hafnað tillögu Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar og leiðtoga Fatah-hreyfingarinnar, um að fresta þingkosningunum í Palestínu.

Abbas segir að rétt sé að fresta kosningunum, sem eru fyrirhugaðar 17. júlí, til haustsins þegar brottflutningi Ísraels frá Gaza-ströndinni er lokið. Stjórnmalaskýrendur telja hins vegar tillögu Abbas helgast af því að Hamas hefur sótt verulega í sig veðrið, eins og sást í sveitarstjórnarkosningum á sjálfstjórnarsvæðunum á dögunum, og því vilji hann kaupa sér tíma. ■

Selma æfði í Kænugarði:

Bjartsýn á
framhaldið

EVROVISJÓN Selma Björnsdóttir kvaðst bjartsýn á framhaldið eftir að hafa æft í fyrsta sinn á sviðinu í Kænugarði þar sem söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fer fram.

Selma kvaðst ánægð með hvernig til tókst í gær og sagði sviðið einstaklega gott.

Selma fór mikinn á blaðamannafundi eftir æfinguna og hreif viðstadda meðal annars með því að syngja hluta af laginu „All Out of Luck“ sem hún söng í Jerúsalem árið 1999 og endaði þá í öðru sæti.

Selma sagði margt hafa breyst síðan hún tók þátt í söngvakeppninni fyrir sex árum, hún væri orðin afslappaðri á sviði og röddin hefði breyst.

Íslenski hópurinn hvílist í dag en æfir á ný á morgun.

Sjá síðu 50



FYRSTA ÆFINGIN Í KÆNUGARÐI Selma Björnsdóttir og félagar æfðu í gær í fyrsta sinn á sviðinu þar sem söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fer fram í næstu viku. Æfingin byrjaði nokkuð rólega og tók nokkra stund fyrir íslenska hópinn að ná áttum, en þegar það hafði verið gert rúllaði Selma laginu í gegn þrívægis.

Samræmda prófið í stærðfræði kom á óvart:

Prófið öðruvísi en kynnt var

PRÓF Samræmda prófið í stærðfræði sem grunnskólanemar þreyttu í gær var öðruvísi en búíð var að kynna kennurum og nemendum.

Alda Gísladóttir, kennari í Valhúsaskóla, segir kennara hafa fengið rangar upplýsingar um hvernig prófið yrði byggt upp. Kennarar fengu bréf frá Námsmatsstofnun þar sem fram var tekið að sá hluti prófsins sem skal leystur án reiknivélar

SIGURGRÍMUR
SKÚLASON

yrði lengri og myndi vega þyngra en undanfarin ár og hefðu kennarar undirbúið nemendur með það að leiðarljósi. Þegar á hólminn var komið var prófið samt með svipuðum áherslum og undanfarið.

Sigurgrímur Skúlason, sviðstjóri prófadeildar Námsmats-

stofnunar, viðurkennir að dreifingin hafi ekki verið eins og lagt var upp með, hins vegar hafi mörg dæmi verið í reiknivélahlutunum verið til þess fallin að þau væru leyst án reiknivélar. Hann viðurkennir að atvikið sé mjög óheppilegt. Aðspurður hvort búast megi við frekari óvæntum upphákomum í samræmdu prófunum segist Sigurgrímur vona að svo verði ekki.

- oá

Áfall fyrir Bush:

Neitað um
staðfestingu

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti varð fyrir áfalli þegar utanríkismálanefnd öldunga-deildar Bandaríkjaþings neitaði að staðfesta skipun John Bolton sem sendiherra Bandaríkjanna hjá Sam-einuðu þjóðunum.

Repúblikaninn George Voinovich andmælti tilnefningunni en samþykkti þó að bera tilnefninguna undir öldungadeildina, sem kys um framtíð Bolton. ■



SPURNING DAGSINS

Guðjón, hvernig refsist þið liðhlaupum?

„Þeir refsa sér sjálfir með því að ganga í Sjálfstæðisflokkinn.“

Guðjón Arnar Kristjánsson er formaður Frjálslynda flokksins. Á miðvikudag sagði Gunnar Örylgsson alþingismaður sig úr flokknum og gekk í Sjálfstæðisflokkinn.

Háskólinn á Akureyri:
**Vegleg bókar-
gjöf frá Kína**

MENNINGARTENGSL Kínverska menntamálaráðuneytið hefur fært Háskólanum á Akureyri 1000 bækur að gjöf í tilefni þess að háskólinn hyggst koma á fót símenntunarnámi í kínversku. Flestar bækurnar eru á kínversku en sumar á ensku eða á báðum tungumálum. Bækurnar verða öllum landsmönnum aðgengilegar í gegnum millisafnalán.

Við Háskólann á Akureyri verða kenndir áfangar í helsta tungumáli Kínverja, áfangar er fjalla um þróun og stöðu kínversks viðskiptalífs, kínverska viðskiptahætti og kínverska nútímamenningu auk nokkurra annarra menningarnámskeiða.

- kk

HÆSTIRÉTTUR

KONU DÆMDIR DRÁTTARVEXTIR Hæstiréttur dæmdi í gær íslenska ríkið til að greiða konu rúmar 433 þúsund krónur, en það eru dráttarvextir sem bótanefnd hafði neitað að greiða konunni. Konunni höfðu verið dæmdar bætur vegna líkamsárásar sem hún varð fyrir og sótti um greiðslu þeirra til bótanefndar. Nefndin féllst á greiðslu höfuðstóls, en ekki dæmda dráttarvexti.

HÉRAÐSDÓMUR

ENDURUPPTAKA MÁLS Í gær fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur endurupptaka í fyrri hluta Dettifossmálsins, en dómara þótti ástæða til að spyrja frekar út í frágang og þökkun tæpra þriggja kílóa af amfetamíni sem reynt var að smygla til landsins. Fjórir sæta ákærum í þessum anga málsins, en tveir hafa játað obbann af sakargiftunum.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

13. maí 2005 **FÖSTUDAGUR**

Miðstjórn Frjálslyndra segir úrsögn þingmanns koma sér í opna skjöldu:

Lýsir litlum drengskap Gunnars



STJÓRNMÁL „Það er augljóst mál, að þingmaður sem nú vill styðja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forystu Halldórs Ásgrímssonar, á ekki heima í Frjálslynda flokknum,“ segir í yfirlýsingu sem samþykkt var á fundi miðstjórnar Frjálslynda flokksins um þá ákvörðun Gunnars Örylgssonar þingmanns að ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn.

Miðstjórnarmenn segja ákvörðun Gunnars um að ganga úr Frjálslynda flokknum koma þeim gjörsamlega í opna skjöldu og átelja Gunnar fyrir hana.

„Það er jafnframt fullvíst að flokksmenn og kjósendur Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi og öðrum kjördæmum landsins voru ekki að kjósa þingmann fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Miðstjórn Frjálslynda flokksins telur það lýsa litlum drengskap af hálfu Gunnars Örylgssonar að nota fylgi kjósenda Frjálslynda flokksins til þess að styrkja ríkisstjórnina til verka þvert á hans eigin málflutning. Þá harmar miðstjórnin ávirðingar Gunnars í garð flokkssystkina sinna í Frjálslynda flokknum og telur þær ómaklegar.“

Gunnar var kjörinn á þing fyrir Frjálslynda flokkinn í síðustu kosningum. - bþg/ Sjá síðu 18

GUNNAR ÖRYLGSSON Harðlega gagnrýndur af sínum fyrrum félögum í Frjálslynda flokknum.

Verðkönnun ASÍ:
**80 prósent
verðmunur**

NEYTENDUR Um 80 prósent munur var á hæsta og lægsta verði vörukörfu í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt verðlagskönnun ASÍ. Í Bónus var verð vörukörfunnar lægst, 4.619 krónur, en mest kostaði karfan í Nóatúni, 8.303 krónur.

Tekid er dæmi af innkaupum fjögurra manna fjölskyldu sem kaupir hefðbundnar vörur til heimilisins, svo sem mjólkurvörur, kornmeti, ávexti, grænmeti og kjötvörur. Í samanburðinum voru hafðar þær verslanir þar sem allar vörur í körfunni fengu.

- bs

Sýknaður af broti gegn systurdóttur

Héraðsdómur Norðurlands vestra klotnaði í máli manns sem sakaður var um kynferðisbrot gegn ungri systurdóttur sinni. Tveir dómarmar sýknuðu manninn, en sá þriðji skilaði séráliti og vildi dæma hann í tíu mánaða fangelsi.



HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS VESTRA Héraðsdómur Norðurlands vestra og Ráðhús Skagafjarðar eru í sama húsi á Sauðárkróki. Föstudaginn 6. maí klotnaði héraðsdómurinn í sýknudómi manns sem sakaður var um kynferðisbrot gegn tíu ára stúlku.

tekið viðtal við stúlkuna í Barnahúsi þar sem hún greindi starfsmanni frá atburðum. Meirihluti dómsins tekur fram að þessir annmarkar á framburði stúlkunnar, gegn staðfastri neitun mannsins, þýði að ekki hafi tekist að „færa fram lögfulla sönnun á sekt hans“.

Í sératkvæði Sigrúnar bendir hún á að ágreiningslaust sé að stúlkan hafi dvalist næturlangt hjá manninum á umræddum tíma, hún hafi greint bæði bróður sinni og móður frá atburðum en það gerði hún rúnum mánuði eftir að meint brot átti sér stað. „Þótt



SKRÚFAN ÚR SKEENA Lá í rúm 60 ár á hafsbolti við Viðey.

Landhelgisgæslan:
Náði skrófu af hafsbotni

MINJAR Áhöfn Óðins og sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar náðu upp skrófu sem legið hafði á sjávarbotni við Viðey síðan í október 1944. Skrófan er úr kanadíska tundurspillinum Skeena, sem strandaði við Viðey í ofsavæðri. Fimmtán manns fórust þá eftir að þeir yfirgáfu skipið í björgunarbátum og -flekum.

Skrófan fannst þegar leitað var að djúpsprengjum sem óttast var að leyndust á sjávarbotni og báðu kanadísk yfirvöld Landhelgisgæsluna um að ná henni upp. Kanadíska sendiráðið vill koma henni fyrir í Viðey sem minnismerki um þá sem létust. - bþg

STJÓRNMÁL

HALLDÓR TIL NOREGS Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fer í opinbera heimsókn til Noregs í dag. Hann mun taka þátt í hátíðahöldum í Noregi vegna þess að hundrað ár eru liðin frá því að landið fékk sjálfstæði.

RÍKISÚTVARPIÐ

ÁGÚST RÁÐINN Ágúst Ólafsson, fyrrum fréttamaður Stöðvar 2 og Bylgjunnar á Austurlandi, hefur verið ráðinn forstöðumaður svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins á Austurlandi. Ágúst hefur undanfarin ár unnið hjá almannatengslafyrirtækinu Athygli.

Alltaf einfalt



ódyrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

Ný sveitarfélög bætast inn á útburðarsvæði Fréttablaðsins:

Fréttablaðið borið út á Selfossi

FJÖLMIDLAR Fréttablaðið verður borið inn á öll heimili á Selfossi frá og með deginum í dag. Fréttablaðinu var dreift í bænum í þrífuskyni í gær en regluleg dreifing þess hefst formlega í dag.

Mikið verður um dýrðir á Selfossi af þessu tilefni. Til dæmis verður morgunútvarp Talstöðvarinnar, í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar, fréttaritstjóra Fréttablaðsins, sent út frá Selfossi.


Í næstu viku bætast svo Akranes, Borgarnes og Hveragerði í hóp þeirra þéttbýlisstaða þar sem íbúarnir fá blaðið heim.

„Nú erum við komin næstum á alla staði,“ segir Dagný Jóhannsdóttir, dreifingarstjóri Fréttablaðsins, og bendir á að nú af hverjum tíu landsmönnum fái Fréttablaðið þegar dreifing er hafin í kaupstöðunum fjórum.

SELFÖSS Í gær var byrjað að dreifa Fréttablaðinu í heimahúsi á Selfossi. Akranes, Borgarnes og Hveragerði bætast í hópinn í næstu viku.

- bþg





ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS IBI 27863 03/03

Við styðjum íslenska
knattspyrnu með stolti



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 12.05.2005			
	KAUP	SALA	
Bandaríkjadalur	USD	65,83	66,15
Sterlingspund	GBP	122,94	123,54
Evra	EUR	84,03	84,51
Dönsk króna	DKK	11,29	11,36
Norsk króna	NOK	10,38	10,44
Sænsk króna	SEK	9,12	9,18
Japanskt jen	JPY	0,62	0,62
SDR	XDR	98,86	99,44
Gengisvísitala krónunnar			
116,36 +1,13%			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Sótt að múslimum:

Hatursglæpir færast í vöxt

BANDARÍKIN Réttindasamtök múslima í Bandaríkjunum, CAIR, birtu í fyrradag skýrslu um glæpi og mismunun sem þarlendir múslimar urðu fyrir á síðasta ári. Þar kemur fram að svonefndum hatursglæpum gegn þeim hefur fjölgað um helming á milli ára.

Árið 2004 urðu múslimar í 1.522 skipti fyrir ofbeldi, áreitni eða mismunun vegna trúar sinnar.

Fimmtungur atvikanna á sér stað í Kaliforníu og tíu prósent í New York-ríki.

Tilefnislausar handtökur hafa talsvert færst í vöxt en á móti kemur að verulega hefur dregið úr mismunun á vinnumarkaði.

- shg

Glæpamenn:

Smygluðu fólki til Vesturlanda

VÍN. AP Lögregluþyriföld í Austurríki segjast hafa brotið á bak aftur alþjóðlegan glæpahring sem síðustu ár hefur smyglað yfir 5.000 Austur-Evrópumönnum til Vesturlanda.

Aðgerðir lögreglunnar hófust í júní í fyrra og síðan þá hafa 64 menn verið handteknir.

Flestir hinna grunuðu eru Rúmenar, Moldóvar og Úkraínmenn.

Að sögn yfirmanns rannsóknarinnar tóku smyglararnir um 350.000 krónur í þóknun fyrir að koma fólkinu yfir landamærin. Það þurfti oftan en ekki að dúsa í miklum þrengslum og sætti auk þess ýmiss konar ofbeldi af hálfu smyglaranna. ■

Fjölmiðlakönnun Gallup:

Forskot Fréttablaðsins eykst

FJÖLMIÐLAR Fréttablaðið eykur forskot sitt sem vinsælasti fjölmiðill landsins, samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun Gallup. Tíu prósent fleiri lesa Fréttablaðið daglega en horfa á Ríkisjónvarpið á hverjum degi.

Um er að ræða dagbókarkönnun á áhorfi á sjónvarp og lestri dagblaða, tímarita, netmiðla og umhverfismiðla. Könnunin var gerð dagana 7. til 13. apríl síðastliðinn. Í könnuninni kemur fram að daglega lesa 66 prósent landsmanna Fréttablaðið að meðaltali, 60 prósent stilla á Ríkisjónvarpið, 55 prósent horfa á Stöð tvö, 52 prósent lesa Morgunblaðið, 35 prósent horfa á Skjá einn og nítján prósent lesa DV.



DAGBLÖÐ LESIN Ríkisfjölmiðlarnir njóta mests trausts en traust til Fréttablaðsins eykst.

Í könnuninni kemur fram að ríkisfjölmiðlarnir njóta mests trausts, en traust til Fréttablaðsins eykst frá sama tíma í fyrra. Að öðru

leyti eru litlar breytingar á stöðunni á fjölmiðlamarkaði frá því á sama tíma í fyrra.

- bs

Spæna í gegnum mosagróna hlíð

Torfæruhjólamenn eru sagðir hafa unnið mikil skemmdarverk á landi á Reykjanesi með akstri utan vega. Í nýrri reglugerð umhverfisráðuneytisins er kveðið á um að brot af þessu tagi varði sektum eða allt að tveggja ára fangelsi.

UMHVERFISMÁL Miklar gróður-skemmdir hafa verið unnar á Reykjanesi með akstri utan vega, að sögn Jónatans Garðarssonar, sem er varamaður í umhverfisnefnd Reykjanes og mikill úti-vistarmaður. Hann segir að það taki óratíma fyrir náttúruna að afmá þau sár sem þar séu nú.

„Á sumardaginn fyrsta voru sex eða sjö ungir menn á torfæruhjólum að leik við Djúpavatsveg á Reykjanesi,“ sagði Jónatan. „Sá vegur er að jafnaði lokaður á veturna og ekki opnaður fyrr en líða tekur aðeins á sumarið. Djúpavatsvegur liggur meðfram norðanverðum Sveifluhálsi, frá Krýsuvíkurvegi við Vatnsskarð í áttina að Djúpavatni og síðan áfram um Vigdísarvelli og kemur niður á Ísólfskálaveg á sunnanverðu Reykjanesi nærri Latsfjalli.“

Jónatan sagði að torfæruhjólamenn hefðu greinilega eignað sér þetta svæði án nokkurra leyfa frá fólkvangsnefndinni, sýslumanni eða öðrum sem hefðu lögsögu á Reykjanesi.

„Hvor sínu megin við veginn hafa þeir útbúið keyrslubraut þar sem spólað er og spænt linnulaust alla helgidaga, sérstaklega á vorin. Þessi braut



GRÓÐURSKEMMDIR Mosagróður á Sandfellsklöfa hefur verið spændur upp, eins og myndin sýnir greinilega. Í nýrri reglugerð umhverfisráðuneytisins um akstur utan vega er kveðið svo á, að brot gegn henni varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

virðist ekki nægja því einhverjir hafa tekið upp á því að aka upp í hlíðar Sveifluhálsins,“ sagði Jónatan. „Þeir sem komast alla leið upp halda síðan áfram eftir hálsinum ýmist í norð-austur út í Vatnsskarð á Krýsuvíkurvegi eða suðvestur eftir hálsinum í áttina að Miðdegishnúki. Við Djúpavatsveg er hrauntröð sem nefnist Sandfellsklöfi og þykir merkilegt náttúrufyrirbæri. Foksandur hefur

fyllt um 900 metra af hraunrásinni og þótti lengi falleg yfirferðar. Nú er vægast sagt ómurllegt að sjá hvernig henni hefur verið misþyrmt. Það er greinilegt að brautin er ekki nógu spennandi því sumir torfærumenn láta hafa sig í að aka eftir Sandfellsklöfagjánni. Þeir hafa sporað þar allt út með hjólum sínum. Til að komast aftur upp úr gjánni þegar komið er að endilokum foksandsins þurfa þeir að spæna í gegnum mosagróna hlíð og sárið þar er greinilega fremur nýtt.“

jss@frettabladid.is

JÓNATAN GARÐARSSON Vægast sagt ómurlegar misþyrmingar á landinu.

Ísland-Palestína:

Styrkir lækna í Palestínu

HJÁLPARSTARF Félagið Ísland-Palestína hefur styrkt Samband palestínskra læknishjálparnefnda um 330 þúsund krónur. Sambandið var stofnað af palestínskum læknum árið 1979 og starfar við hjálpar- og sjúkrastörf á Vesturbakkanum og í Gaza.

Féð er afrakstur neyðarsöfnunar félagsins til íbúa Palestínu sem staðið hefur síðan 2001. Samtals hafa safnast rúmlega fimm milljónir króna í söfnunina með framlögum einstaklinga og félaga og með ýmsum uppákomum.

- bs

Nýtt stýrikerfi í Apple:

Viðkvæmt fyrir árásum

NEYTENDUR Notendur nýs stýrikerfis í Apple-tölum gætu verið ber-skjaldaðar fyrir árásum tölvuhakkara og veitt þeim aðgang að persónulegum upplýsingum á borð við lykilorð eða kreditkortanúmer.

Þetta kemur fram á vefmiðlinum Wired en þar lýsa sérfræðingar yfir áhyggjum vegna þessa vandamáls. Í Tiger-stýrikerfinu er svokallað Dashboard sem gefur notendum auðveldan aðgang að vefsíðum á internetinu en margir telja auðvelt að brjótast inn í þennan hluta kerfisins. ■

BANDARÍKIN

TVÖFALT LÍFSTÍÐARFANGELSI

Sebastian Young var í fyrrakvöld dæmdur í tvöfalt lífstíðarfangelsi. Hann var sakfelldur fyrir morðið á Lucille Mosco í Bellview, Pensacola, Flórída og banatilræði við Jón Júlíusson, hálfíslenskan son hennar. Fangelsisdómur Youngs er án möguleika á reynslulausn.

SVÍPJÓÐ

FÍLL Í SKEMMTIGÖNGU Lögreglan í Stokkhólmi fékk í gær símhringingu um að fíll gengi laus í borginni. Í ljós kom að þetta var bara sirkusfíllinn Lubli sem hafði rölt aðeins of langt frá búðum sínum en hún var komin í réttar hendur þegar lögreglan mætti á vettvang. Lubli notaði þó tækifærið og skóflaði í sig grasi á hringtorgi áður en hún hélt heim.

AFGANISTAN

MÓTMÆLIN BREIÐAST ÚT

Alda mótmæla hefur gripið um sig í Afganistan eftir að fréttist að bandarískir leyniþjónustumenn í Guantanamo-búðunum hefðu vanhelgað Kóraninn. Í gær voru uppþot í Kabúl og skutu lögreglumenn þrjá mótmælendur til bana. Fjórir féllu fyrir byssukúlum lögreglunnar í Jalalabad deginum áður.

Opel Corsa eða sambærilegur

Vika á Ítalíu

14.300*

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

50 50 600

hertzerlendis@hertz.is

VEDRIÐ Í DAG

Um hádegi

VINDASAMUR DAGUR

Það er hlýtt en hvasst á landinu og sýnu hvasast með norður-ströndinni. Lægir í kvöld og nótt.

HVAR VERÐUR HLYJAST?

Í hnúkaþey fyrir austan. Gætum séð 17-18 stiga hita á einhverjum mæli þar en nákvæmlega hvar er erfið að spá. En það leiðinlega við þetta er þessi vindbelgingur.

HVITASUNNU-HELGIN

Hún lofar bara góðu. Fremur hægur vindur, úrkomulítið og milt fram á mánudag.

Á morgun

Hæg breytileg átt. Hætt við lítilsháttar vætu með ströndum.


Sunnudagur

Fremur hæg norðaustlæg átt og bjart.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	14°C heiðskirt	Paris	17°C léttskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Oslo	17°C skýjað	Berlin	16°C heiðskirt	Milano	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	13°C heiðskirt	Frankfurt	15°C hálfskýjað	New York	17°C léttskýjað
Helsinki	14°C hálfskýjað	Madrid	19°C alskýjað	San Francisco	20°C heiðskirt
London	14°C hálfskýjað	Barcelona	20°C skýjað	Orlando/Flórída	31°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hítatölur sýna hæstu hitagildi.



Ferskt um helgina



Lambalæri

TILBOÐ

935 kr/kg

Verð áður 1.198,-

Kjöt & fisktorgið



Laxafiðrildi

með aspas og kryddsmjóri



TILBOÐ

359 kr/kg

Merkt verð 599,-

TILBOÐ

899 kr/kg

Merkt verð 1.499,-

kjúklingalæri
með legg

kjúklingalæri
úrbeinuð



Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?



30%
afsláttur við
kassa

TILBOÐ

323 kr/pk

Merkt verð 462,-

Grill borgari 4 stk. m/brauði
- ódýrt og fljótlegt



**Gott
verð**

399 kr/pk

Grillkartöfluskífur, venjulegar og
sætar, að hætti kokkalandsliðsins



TILBOÐ

139 kr/stk

Verð áður 189,-

Hagkaups appelsínusafi 1 ltr.

Gildir til 16. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Hefurðu hlustað á nýjan geisladisk Hildar Völu?

Niðurstöður gærdagsins á **visir.is**

Já	4,9%
Nei	95,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga þingmenn að halda þingsæti sínu ef þeir skipta um flokk á kjörtímabilinu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Mannréttindadómstóllinn dæmir Tyrkjum í óhag:

Hvetur til nýrra réttarhalda

STRASSBORG, AP Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði í gær að Kúrdaleiðtoginn Abdullah Öcalan hefði ekki hlotið sanngjarna málsmeðferð þegar tyrknesk yfirvöld réttuðu yfir honum á sínum tíma.

Öcalan var leiðtogi Verkamanna-flokks Kúrdistan og stýrði frelsis-baráttu þjóðar sinnar þegar hann var handtekinn árið 1999 og síðar dæmdur til dauða. Árið 2002 breyttu yfirvöld í Ankara dómnum hins vegar í ævilangt fangelsi.

Í úrskurði Mannréttindadómstólsins segir að réttarhaldið yfir Öcalan hafi ekki verið sanngjarnt, meðal annars vegna þess að lögfræðingar hans fengu ekki að hafa

við hann samband. Dómstóllinn hvetur tyrknesk stjórnvöld til að taka málið upp á nýjan leik og rétta aftur yfir Öcalan.

Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, sagði að rækilega yrði farið yfir úrskurðinn en minnti á að skæruliðasveitir Kúrda hefðu drepjið fjölda manns. Almennigur í Tyrklandi er Kúrdum andsnúinn og því hefur úrskurður dómstólsins fallið í grýttan jarðveg þar. Tyrkir eru hins vegar í erfiðri stöðu því aðildarviðræður þeirra við Evrópu-sambandið hefjast í haust og varla er hægt að hugsa sér verri byrjun en að hafa tilmæli Mannréttinda-dómstólsins að engu. ■



ABDULLAH ÖCALAN Öcalan var á sínum tíma dæmdur til dauða en dómnum var síðar breytt í ævilangt fangelsi. Hann afplánar dóminn í eins manns fangelsi á lítilli eyju.

Háskólakennarar:

Stjórnvöld sinnulaus

HÁSKÓLINN Félag prófessora og Félag háskólakennara fagna stjórn-sýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands, sem félögin segja leiða í ljós að Háskólinn búi við fjársveldi. Úttektin sýni að fjárveit-ingar ríkisins til skólans, miðað við nemendafjölda, hafi farið minnk-andi með árunum. Það sé í hróplegri mótsögn við þann metnað og árang-ur sem Háskólinn hafi sýnt við upp-byggingu og rannsóknarstörf.

Félögin segja að sinnuleysi stjórnvalda sé farið að ógna fram-tíðaruppbyggingu Háskólans og bregðist þau ekki við muni fagleg uppbygging hans staðna. ■

Kjarnorkumál:

Blair vill kæra Írana

LONDON, AP Tony Blair, forsætis-ráðherra Bretlands, hélt sinn fyrsta hefð-bundna blaðamannafund eftir kosningarnar í gær. Þar kvaðst hann vera hlynntur því að kæra Íran til öryggisráðs Sameinuðu þjóð-anna haldi þar-lend stjórnvöld áfram að auðga úran. Hann úti-lokaði þó hern-aðaríhlutun með öllu.



RAUSTIN BRÝND Tony Blair hélt í gær sinn fyrsta reglulega blaðamannafund eftir kosningarnar.

Bandaríkja-menn vilja láta öryggisráðið fjalla um meintar til-raunir klerkastjórnarinnar til að smíða sér kjarnavopn svo hægt sé að beita hana efnahagsþvingun-um. Bretar, Frakkar og Þjóðverj-ar hafa hins vegar reynt að semja við Írana en ekki orðið mjög ágengt. ■

Fundið að Héraðsdómi:

Dómurinn stendur

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms um að maður og kona greiði Hundaræktinni Dalsmynni samtals um 730 þús-und krónur fyrir fimm hunda sem þau keyptu í ársbyrjun árið 2002, alla af Chihuahua-smáhunda-tegund, einn hund og fjórar tíkur. Hæstiréttur tekur hins vegar fram í dómnum að aðfinnsluvert sé hvernig skýrslutaka fyrir hér-aðsdómi hafi farið úr böndum, en í endurritum skýrslna sé að finna samtöl og deilur sem ekki eigi þar heima og héraðsdómari hefði átt að gæta betur að.

- óká

Máli Gunnars Arnar vísað frá dómi

Hæstiréttur gagnrýnir rannsókn lögreglu og verknaðarlýsingu ákæru á hendur fyrrum endurskoðanda Tryggingasjóðs lækna. Málinu var í gær vísað frá dómi. Ríkissaksóknari segir verða skoðað hvort málarekstur verði hafinn að nýju.

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur taldi slíka annmarka á rannsókn lögreglu á meintum brotum Gunnars Arnar Kristjánssonar, fyrrum forstjóra SÍF og endurskoðanda Trygginga-sjóðs lækna, á lögum um endur-skoðendur að ekki væri stætt á öðru en að vísa málinu frá dómi. Þá segir dómurinn verknaðarlýsingu í ákærinni á hendur Gunnari vera verulegum annmörkum háða.

Gunnar Örn var ákærður fyrir að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi þegar Lár-us Halldórsson, fyrrverandi fram-kvæmdastjóri Tryggingasjóðsins, dró sér tæpar 76 milljónir króna úr sjóðnum á tæpum áratug. Lárus var í júlí í fyrra dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi og til endur-greiðslu tæplega 47,6 milljóna króna, en Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í nóvember Gunnar Örn. Þeim dómi áfrýjaði ríkissaksóknari.

Hæstiréttur segir ófært að leggja mat á hvort Gunnar hafi gætt góðrar endurskoðunarvenju í störf-um sínum fyrir Tryggingasjóðinn án þess að fyrir liggi hvort Lárus hafi vísvitandi beitt hann blekking-um, en það hafi ekki verið nægilega rannskakað. Þá átelur dómurinn að ekki hafi verið tiltekið nákvæmlega í ákæru hvaða gögn Gunnar Örn hefði átt að kanna betur, hversu oft og hvenær á því níu ára tímabili sem fjárdrátturinn átti sér stað.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir Hæstarétt hafa gengið heldur lengra en kröfur gengu út á með því að vísa málinu á hendur Gunnar Erni frá í stað þess að vísa því aftur í Héraðsdóm. „Til er í dæminu að málið fari af stað aftur með aukinni



GUNNAR ÖRN KRISTJÁNSSON Gunnar Örn var í héraði fundinn sýkn saka fyrir brot um lög um endurskoðendur. Hæstiréttur vísaði í gær máli hans frá dómi og gagn-rýndi bæði ákæru og rannsókn lögreglu.



BOGI NILSSON Ríkissaksóknari segir að fyrst málinu var vísað frá dómi sé hægt að hefja rannsókn þess að nýju og þá í sam-ræmi við kröfur Hæstaréttar.

olikr@frettabladid.is

21 týndi lífi í hryðjuverkaárásum í gær:

Óeirðir í kjölfar bílsprengjuárásar

BAGDAD, AP Ekkert lát er á ofbeld-inu í Írak. 21 týndi lífi í fjórum bílsprengjuárásum víðs vegar um landið í gær. Bandarískar her-sveitir sækja hart að uppreisnar-mönnum sem hafast við nærri sýrlensku landamærunum.

Mannskæðasta tilræðið var framið í Bagdad í gærmorgun. Þá sprakk öflug bílsprengja við markaðstorg þar sem fjöldi fólks var á ferli. Sautján heimamenn féllu og 65 særðust. Miklir eldar kviknuðu í kjölfarið í nálægum húsum og létu vegfarendur reiði sína bitna á lögreglu- og blaðamönnum. Bandarískir hermenn skutu úr byssum sínum upp í loft-ið til að dreifa reiðum múgnum.

Matador-aðgerð hersveita Bandaríkjanna var framhaldið í gær þar sem sótt er að uppreisn-armönnum sem hernámsliðið seg-ir vera á snærum Abu Musab al-



ELDARNIR SLÖKKTIR Sautján manns dóu í bílsprengjuárás í Bagdad og lét almenningur reiði sína í kjölfarið bitna á lögreglu- og blaðamönnum.

Zarqawi, samverkamanns al-Kaída. Til harðra bardaga kom á milli þeirra nærri sýrlensku landamærunum og dóu tveir bandarískir hermenn í átökunum. Ekki er vitað hversu margir upp-reisnarmenn féllu.

Sjötíu úkaínskir hermenn sneru í gær heim frá Írak og þar með lýkur fyrsta hluta brottflutn-ingers herliðs Úkraínu í Írak. Enn eru nokkur hundruð hermenn eftir en þeir munu snúa heim á næstu mánuðum. ■

Skoðanakönnun um stuðning við R-listaframboð var gerð 8. maí.

GRÆNA LANDIÐ

EFTIR ÓLAF HAUK SÍMONARSON

Sýnt í Samkomuhúsinu, Akureyri
Fös. 13/5 og lau. 14/5
Aðeins þessar tvær sýningar!

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

KJÓBÍLEIKHÚSIÐ



Með tilliti til aukinna umsvifa og þátttöku í stórum verkefnum, jafnt hér á landi sem erlendis, hefur stjórn Meiðs ehf. ákveðið að breyta nafni félagsins í Exista ehf. Á síðasta ári var framtíðarstefna félagsins mótuð og lagður grunnur að frekari vexti sem að miklu leyti verður erlendis. Breytingin á nafni félagsins aðlagar ásýnd þess að breyttum áherslum. Exista ehf. er öflugt fjárfestingarfélag með aðsetur á Íslandi. Skrifstofa Exista er að Tjarnargötu 35.

www.exista.is



Exista ehf.
Tjarnargata 35
101 Reykjavík
Sími 550 8600
Fax 550 8699



VEISTU SVARID?

1

Hvernig lauk leik Arsenal og Everton í fyrirakvöld?

2

Hversu margir búa við þrældóm, samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðavinnuáðastofnunarinnar?

3

Hvaða grein hefur fengið mestan lestur á vef Landssambands kúabænda?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Galloway:

Sakaður um mútubægni

HNEYKSLI Nefnd á vegum öldunga-deildar Bandaríkjaþings sakaði þá George Galloway, þingmann á Bretlandi, og Charles Pasqua, fyrrverandi ráðherra í frönsku ríkisstjórninni, um að hafa þegið mútur í formi olíukaupréttar af hendi Saddams Hussein á meðan olíusölu-áætlun Sameinuðu þjóðanna var í gildi á árunum 1996-2003. Galloway, sem sagði sig úr Verkamannaflokknum vegna Íraksstríðsins og náði svo kjöri í kosningunum í síðustu viku sem óháður, vísaði ásökunum þingnefndarinnar á bug og sagði að það væri fáránlegt að halda því fram að þingmaður sem væri undir stöðugu eftirliti yfirvalda hefði getað tekið þátt í slíku. ■

SVÍPJÓÐ

LÍKFUNDUR Í STOKKHÓLM Enn eitt líkið fannst í vikunni á hafnararsvæðinu í miðborg Stokkhólms. Það fannst á svipuðum slóðum og annað lík sem fannst í lok mars, en það var sundurhlutað og hafði verið pakkað inn í plast. Það mál er enn óupplýst. Ekki er vitað af hverjum líkið sem fannst nú er, eða hvort um slys eða glæp er að ræða.

FINNLAND

SMS TIL ÞJÓÐARINNAR Finnsla ríkisstjórnin undirbýr lagasetningu sem heimilar stjórnvöldum að senda SMS-skilaboð í alla finnska farsíma samtímis. Er þetta hugsað fyrir neyðartilvik þegar vara þarf almenning við náttúruhamförum, hryðjuverkaárásum eða kjarnorkuslysum.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

13. maí 2005 FÖSTUDAGUR

Hæstiréttur snýr dómi í máli lögreglumanns: Lögreglumaður sýknaður af fjárdrætti

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur sýknaði í gær fyrrum lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild Lögreglunnar í Reykjavík af því að hafa dregið sér tæpar 900 þúsund krónur sem haldlagðar voru við hútleit þar sem rannsakað var meint brot á fíkniefnalögum. Um miðjan nóvember dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur manninn í 9 mánaða fangelsi fyrir fjárdráttinn. Maðurinn fór fram á áfrýjun til Hæstaréttar og ákærvaldið þvingingu refsingar.

Hæstiréttur segir fjölmarga starfsmenn hafa haft aðgang að geymslu þar sem peningarnir voru geymdir og þótt maðurinn



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HLEMM Í REYKJAVÍK Hæstiréttur sýknaði í gær lögreglumann sem Héraðsdómur hafði áður fundið sekan um að hafa dregið sér fé sem haldlagð var við rannsókn fíkniefnamáls.

hefði sem yfirmaður lögreglumannanna sem að hútleitinni stóðu átt að ganga úr skugga um að peningunum yrði komið til gjaldkera leiddi sú vanræksla ekki til refsíábyrgðar.

Þá er vitnisburður yfirlögregluþjóns um að maðurinn hafi viðurkennt brotið með óbeinum hætti ekki sagður hafa sönnunargildi gegn eindreginni neitun mannsins.

Sakar- og áfrýjunarkostnaði var vísað á ríkissjóð, en málið dæmdu hæstaréttardómaramarnir Ingibjörg Benediksdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson og Ólafur Þórkur Þorvaldsson.

- óká

Námshagnastofnun: UNESCO þýðir forrit

ÞRÓUNARMÁL Tveir starfsmenn á vegum UNESCO vinna baki brotnu á skrifstofu Námsgagnastofnunar við að þýða fimmtán kennsluforrit yfir á ýmis tungumál til notkunar fyrir börn í Afríku. Forritin sem um ræðir eru gömul kennsluforrit sem notuð hafa verið hér á landi um árabil en standa að sögn Tryggva Jakobssonar, forstjóra Námsgagnastofnunar, fyllilega fyrir sínu auk þess sem ekki þarf nýttiskulegar og öflugar tölvur til að keyra þau.

Námshagnastofnun gefur vinnu sinna starfsmanna og réttindin á kennsluefninu.

- óá

ÍBÚÐARBYGGÐ Fasteignasala hefur verið afar líflæg síðustu misserin. Hópur manna sem eiga og reka fasteignasölur telur sig þó missa spón úr aski sínum með gildistöku nýrra laga.

Fasteignasalar stefna ríkinu

Lögmaður hóps manna sem eiga og reka fasteignasölur undirbýr málshöfðun á hendur ríkinu. Þeir telja að í nýjum lögum um fasteignasölur felist brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarrétt og atvinnufrelsi.

VIÐSKIPTI Hópur manna sem eiga og reka félög sem stunda fasteignasölu á almennum markaði hefur falið lögmanni sínum að höfða mál á hendur ríkinu vegna ákvæða í nýjum lögum um fasteignasölur. Þá hefur lögmaðurinn sent erindi fyrir hönd hópsins til Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra og allsherjarnefndar Alþingis.

„Í erindinu var kvartað yfir tilteknum ákvæðum í lögum,“ sagði Halldór H. Backman hæstaréttarlögmaður, sem fer með mál hópsins. „Um var að ræða eignarréttarákvæði laganna, svo og gildistöku ákvæðis um löggildingingu.

Síðarnefnda ákvæðið átti að taka gildi áður en mönnum var mögulegt að ljúka réttindaöflun. Leyst var úr því með bráðabirgðaaðkvæði um daginn og þeim veitt undanþága um eignarráð sem eru á námskeiði til öflunar löggildingarréttinda.“

Halldór sagði að vandi vegna löggildingarkröfunnar væri þó ekki leystur hvað alla umbjóðendur sína varðaði. Sumir hverjir hefðu starfað að fasteignasölu um árabil, en uppfylltu nú ekki inn-tökuskilyrði, til að mynda um stúdentspróf.

„Hitt er öllu alvarlegra, að ákvæði laganna um eignarráð fela

í sér raunverulega eignaupptöku að mati umbjóðenda minna, því í umræddu ákvæði segir, að sé „...fasteignasala stunduð í nafni félags og skal þá fasteignasalinn eiga meiri hluta í því“. Þetta þýðir að menn sem hafa eignast og rekið fasteignasölu um lengri eða skemmri tíma verða að selja fyrirtæki sitt,“ sagði Halldór. „Þó svo að menn hefðu tök á því að afla sér réttinda til að mega eiga fyrirtækið, þá er hlutféð sem slíkt orðið nánast verðlaust vegna þessara takmarkana á eignarhaldi. Með öðrum orðum, það er ekki hægt að selja þetta hverjum sem er eftir gildistöku laganna.

Það er ólöglegt og brot á stjórnarskránni að svipta menn rétti sem þeir hafa aflað sér, en slík svipting kristallast einmitt í lögum gagnvart umbjóðendum mínum.“

Halldór kvaðst vera að undirbúa málssókn á hendur ríkinu fyrir hönd hópsins. Þar yrði gerð krafa um að ofangreind ákvæði laganna yrðu dæmd ólöglegt með hlöðsjón af stjórnarskránni. Til vara yrði fallist á bótaskyldu ríkisins á grundvelli stjórnarskrárinnar, þar sem um væri að ræða brot á ákvæðum hennar um eignarrétt og atvinnufrelsi.

jss@frettabladid.is

www.icelandexpress.is

5.995

KR.

FYRIR BÖRN 2 - 12 ÁRA

Fullorðinsverð frá 7.995 kr.

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.





..... Ferðabjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600



VEÐJAFÐU Á ÍSLAND EUROVISION Í

TILBOÐ

2.483

á mánuði í 6 mánuði

Verð: 14.900 kr.
Verð áður: 24.900 kr.

Endurgreiðum
ÖLL GRILL

sem keypt eru frá 13.-21. maí
ef Ísland vinnur Eurovision

GOTT FOLK McCANN



TILBOÐ

9.316

á mánuði í 6 mánuði

Verð: 55.900 kr.
Verð áður: 69.900 kr.

TILBOÐ

4.650

á mánuði í 6 mánuði

Verð: 27.900 kr.
Verð áður: 34.900 kr.



GRILLINU
FYLGIR



VILDARPUNKTAR

olis

PÚ FINNUR MUNINN

ELLINGSEN

Við **SENDUM** grillið heim til þín
SAMSETT, KENNUM þér á það
og losum þig við **GAMLA** grillið
ef þú vilt.*

*Samsetning og heimkeyrsla er aðeins í boði á Stór-Reykjavíkursvæðinu, Reykjanesbæ, Selfossi, Akranesi og Akureyri.
Tilboðið gildir frá 13.-21. maí á þjónustustöðvum Olis og Ellingsen, á meðan birgðir endast.



ORPÓDOXAR DEILA Aristarkos, erkebiskup í grísku rétttrúnaðarkirkjunni í Jerúsalem, lýsti því yfir í gær að Íreneusi patriarka bæri að víkja úr embætti í samræmi við úrskurð kirkjupings. Ireneus er ásakaður um að hafa farið frjálsglega með eigin kirkjunnar.

Vinnutímatilskipun:

Fallið frá undanþágu

EVROPUSAMBANDIÐ. AP Evrópuþingið samþykkti í gær að í uppfærðri vinnutímatilskipun sambandsins yrði kveðið á um að löglegur hámarksvinnutími launþega yrðu 48 stundir á viku. Þar með yrði fallið frá undanþágu frá tilskipuninni, sem að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilar að launþegi vinni lengri vinnuviku, semji hann sérstaklega við vinnuveitandann. Þessi undanþága hefur talsvert verið notuð í Bretlandi, en einnig í fleiri löndum, svo sem í heilbrigðisgeiranum í Þýskalandi. Henni hefur einnig verið beitt á Íslandi sem hefur tekið vinnutímatilskipunina upp í gegn um EES-samstarfið. Samþykkt var á þinginu í gær að undanþágan rynnir úr gildi á þremur árum eftir að ný vinnutímatilskipun tekur gildi, líklega árið 2007. ■



FRÉTTABLAÐIÐ Í ÖLL HÚS Á SELFOSSI OG TALSTÖÐIN FAGNAR Í BEINNI

Frá og með deginum í dag er Fréttablaðið dreift á hvert heimili á Selfossi. Af því tilefni er Morgunútvarp Talstöðvarinnar í umsjón Sigujóns M. Egilssonar og Gunnhildar Örnú Gunnarsdóttur í beinni útsendingu frá Hótel Selfossi kl. 7-9. Guðni Ágústsson er heiðursgestur þáttarins.

FRÉTTABLAÐIÐ



Talstöðin
FM 90,9

Lagafrumvarp um gjaldþrot var ekki afgreitt fyrir þinglok:

Óþverralög standa óbreytt

VÖRSLUSKATTAR Ögmundur Jónason þingmaður Vinstri grænna segir slæmt að geta ekki afgreitt lög um meðferð vörsluskatta á því þingi sem nú er lokið. „Flutningsmenn eru úr öllum flokkum. Þetta er blettur á löggjöfinni sem verður að þvo af,“ sagði Ögmundur í upphafi þingfundar á Alþingi í fyrradag. Einar K. Guðfinnsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins kvaðst harma það mjög að þetta mál fengi ekki afgreiðslu. „Full þörf er á að breyta þessum óþverralögum. Við sjáum hrikaleg dæmi um óréttlæti. Í einni umsögn til þingnefndar kom fram að maður hafði



EINAR K. GUÐFINNSSON ÞINGMAÐUR SJÁLFTÆÐISFLOKKSINS Dæmi um 120 milljóna króna sekt vegna átta milljóna króna vanskila. Þessu verður að breyta.

stjórnað fyrirtæki sem varð gjaldþrota og skuldaði verulegar upphæðir í vörslusköttum. Honum hafði tekist að greiða allar skuldir utan átta milljónir króna. En vegna þeirra laga sem nú eru í gildi fær hann á sig 120 milljóna króna sekt. Líf hans verður aldrei samt eftir þetta,“ sagði Einar. Hann kvaðst ætla að láta það verða sitt fyrsta verk að ljúka málinu þegar þing kemur saman næsta haust. Lúðvík Bergvinsson Samfylkingunni varaði við að draga mjög úr varnaðaráhrifum í lögum vegna skila á vörslusköttum.

- jh

Álversframkvæmdir eystra:

Hliðrað til fyrir kríunni



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

TILHUGALÍF Forráðamenn Bechtel, sem byggir álver Alcoa í Reyðarfirði, brugðust skjótt við eftir að athugull íbúi á Reyðarfirði benti þeim á að gámum á vegum fyrirtækisins hafði verið komið fyrir á varpsvæði kríunnar. Létu þeir fjarlægja gámana hið snarasta svo álversframkvæmdirnar eystra hefðu ekki hamlandi áhrif á ástarlíf fuglanna enda Bechtel annnt um að framkvæmdirnar hafi jákvæð en ekki neikvæð áhrif á Austurlandi.

- kk

EINMANNA KRÍA Gámastæður á hafnarsvæðinu á Reyðarfirði trufluðu hreiðurgerð reyðfirsku kríanna.



ÍSLENSK ERFÐAGREINING Þriðja og síðasta stig rannsóknar á nýju hjartalyfi hefst á þessu ári ef allt gengur upp. Það er fyrsta lyf heims sem byggir á erfðarannsókn á algengum sjúkdómi.

Fyrsta lyfið byggt á erfðarannsóknnum

Setja á þriðja og síðasta stig rannsóknar á nýju hjartalyfi sem byggt er á grunni erfðarannsóknna Íslenskrar erfðagreiningar af stað í ár.

HEILBRIGDISMÁL Fyrsta lyfið sem byggt er erfðarannsókn á algengum sjúkdómi í heiminum fer í þriðja og síðasta fasa lyfjaprófana á þessu ári ef fram heldur sem horfir. Um er að ræða hjartalyfið DG031. Í nýjasta tölublaði tímarits bandarísku læknasamtakanna, The Journal of the American Medical Association; JAMA, er birt grein eftir vísindamenn og samstarfsaðila Íslenskrar erfðagreiningar um niðurstöður lyfjaprófana á umræddu lyfi. Einnig er fjallað um greinina og almenna þýðingu niðurstaðnanna í ritstjórnargrein í blaðinu. Í greininni er lýst jákvæðum áhrifum lyfsins á ýmsa áhættuþætti hjartaáfalls. Greint er frá því að lyfið dragi úr myndun á öflugum bólguvaka sem erfðarannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar hafi sýnt að tengist aukinni hættu á hjartaáföllum. Í greininni kemur einnig fram að lyfið hafi áhrif á ýmsa mikilvæga áhættuþætti hjartaáfalla sem tengist bólgum í æðakerfinu. Þetta er í fyrsta sinn sem lýst er

klínískri lyfjarannsókn á nýju lyfi á grundvelli erfðarannsóknna á algengum sjúkdómi, að því er fram kemur í frétt frá ÍE. „Niðurstöðurnar sem við kynnum í þessari vísindagrein eru afar spennandi og sýna að það er hægt að nota grundvallaruppötun í erfðafræði til að þróa ný lyf gegn alvarlegustu heilbrigðisvandamálum samtímans,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Hann segir enn fremur að á grunni þessara niðurstaðna sé nú unnið að því að skipuleggja þriðja og síðasta fasa lyfjaprófana. Þar verður kannað hvort lyfið fækki hjartaáföllum í hópi einstaklinga sem taka lyfið miðað við hóp sem tekur lyfleysu. Þær rannsóknir munu fara fram á Íslandi og í fleiri löndum Evrópu og í Bandaríkjunum. Reiknað er með því að þær hefjist á seinni hluta þessa árs og taki rúm tvö ár. Ef niðurstöður þeirra verða jákvæðar verða næstu skref leyfisumsóknir, skráning og markaðssetning lyfsins.

jss@frettabladid.is

Uppgjör Landsbankans vel umfram væntingar: Hagnast um sex milljarða

VÍÐSKIPTI Landsbankinn hagnaðist um sex milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi og jókst hagnaðurinn um 45 prósent á milli ára. Uppgjör-ið var mun betra en spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir en bankanum hafði verið spáð um 5,2 milljarða hagnaði. Hreinar vaxtatekjur jukust um 45 prósent og hreinar rekstrartekjur um 37 prósent. Hreinar rekstrartekjur voru um 12,8 milljarðar króna, um 1,2 milljörðum meiri en Íslandsbanki og KB banki höfðu gert ráð fyrir. Rekstrargjöld voru 24 prósent hærri en á sama tíma í fyrra. Kostnaðarhlutfall Landsbankans var 32 prósent. Arðsemi eigin fjár var 82 prósent á tímabilinu samanborið við 50 prósent í fyrra.

SPÁR UM AFKOMU LANDSBANKANS Í MILLJÓNUM KRÓNA	
Íslandsbanki	5.296
KB banki	5.070
Meðaltal	5.183
Niðurstaða	6.045



ÁRSHLUTATÖLUR LANDSBANKANS Bankinn hagnaðist um sex milljarða fyrstu þrjá mánuði ársins og var það mun betri niðurstaða en búist hafði verið við. Mikill vöxtur er í starfsemi bankans og námu heildar-eignir hans um 850 milljörðum króna.

Bankinn stækkaði gríðarlega á fyrstu mánuðum ársins. Heildar-eignir bankans þann 31. mars voru 851 milljarður króna og eigið fé um 54 milljarðar. Til samanburðar námu heildareignirnar 737 milljörðum um síðustu áramót og eigið fé 37,7 milljörðum. Hækkuðu hlutabréf í Landsbankanum um fimm prósent í Kauphöllinni eftir birtingu uppgjorsins og var gengi félagsins í 16,7 krónum á hlut.

- eþa

Opnum stærstu

húsgagnaverslun

landsbyggðarinnar

Dalsbraut 1 - 600 Akureyri

Við færum ykkur HÚSGÖGNIN HEIM

14.
maí

Opnunarhátíð

Léttar veitingar

Allir velkomnir



**Paparnir
spila**

kl: 14:30




Opnum laugardaginn 14. maí kl. 11:00



1900 m²





Gaman að skoða
margvíslegar
gjafavörur sem
myndu þrýða öll
heimili



**Hundur í
öskilum
Group**

spila kl: 14:00



Skoðið húsgögn
frá Öndvegi,
Heima, GA
húsgögnum, og
fleirum



Ótrúleg tilboð



Mikið af nýjum
vörum sem
eingöngu eru
fáanlegar á
Akureyri



Skemmtidagskrá

söngur sprell



Úrval af fallegum
kristal, glösum og
matarstellem.



Kynnið ykkur
opnunartilboð
sem eingöngu
gilda í maí



Dalsbraut 1 - 600 Akureyri

Frí heimsending á vörukaupum yfir
100.000 kr. á stór- Akureyrarsvæðinu.

HÚSGÖGNIN HEIM

Sími 461 1150 · Fax 461 1121

Opnið verður frá
kl. 11-16:00
laugardaginn
14. maí

Mikið úrval af ýmsum
gjafavörum. Myndir,
speglar, o.fl.



BLÖÐGJÖF ER LIFGJÖF Adebayo Ogutuga var á meðal þeirra fyrstu sem gaf blóð í blóð-bankinnin Orugget blóð í Afríku sem opnaður var í Abuja í Nígíríu í gær. Bankinn er sá fyrsti í landinu sem er í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla og er opnun hans liður í að draga úr útbreiðslu alnæmis.

LÖREGLUFRÉTTIR

LAGT ÖLÖGLEGA Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Keflavíkurlflugvelli eru landsmenn farnir að streyma út í frið og ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar vill það oftast ekki brenna við að fólk komi bílunum sínum ekki almennilega fyrir áður. Þá þarf lögreglan að láta draga bílinn með ærnum tilkostnaði, sem auðvitað lendir á bileygandanum.

HÉRAÐSDÓMUR

ENDURUPPTAKA MÁLS

Í gær fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur endurupptaka í fyrri hluta Dettifosmálsins, en dómara þótti ástæða til að spyrja frekar út í frágang og þökkun tæpra þriggja kílóa af amfetamíni sem reynt var að smygla til landsins. Fjórir sæta ákærum í þessum anga málsins, en tveir hafa játað obbann af sakargiftunum.

Nýr vefur héraðsdómstólanna:

Dómar birtast á netinu

DÖMSTÓLAR Í sumar eða undir haust er fyrirhugað að dómstólar landsins hefji allir birtingu dóma á netinu. Hingað til hefur Hér- aðsdómur Norðurlands eystra einn birt dóma með þeim hætti. „Þetta hefur lengi staðið til,“ segir Elín Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dómstóla- ráðs, en ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær nýr vefur fer í loftið. Hún segir að þótt birtingu á netinu fylgi einhver vinnuspær- adur í að svara þarf færri fyrir- spurnum þá fylgi þessu einnig nokkurt umstig. „Það þarf að taka út nöfn og annað slíkt. Þetta er nákvæmnisvinna og fjöldi dóma gríðarlegur. Svo setjum

við líka inn lýsingu á dómnum og leitarorð, þannig að það er nokkur vinna við þetta.“ Elín segir reglur settar um hvaða dómari fari í almenna birtingu á netinu, en undanskildir verði ákveðnir málaflokkar. „Það eru mál sem snerta bráðabirgðaforsjá, opinber skipti og fleira. Yfirleitt svona einkaréttarleg mál sem verða viðkvæma persónulega hagsmuni og opinber mál þar sem ákært er fyrir kynferðisafbrot og svo mál þar sem ákært er fyrir yngri en 18 ára.“ Þá verða einnig birtar á nýja vefnum upplýsingar um dómstólana og dagskrá þeirra.

- óká



ELÍN SIGRÚN JÓNSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Dómsstólaráðs segir að tekin hafi verið ákvörðun um að setja í forgang á þessu ári birtingu dóma á netinu. Hún segir nýjan vef fara í loftið í sumar eða haust.

BANDARÍKIN

**MYRTI DÓTTUR SÍNA OG VIN-
KONU HENNAR** Maður frá Illino-
is-riki hefur verið ákærður fyrir
að myrða átta ára gamla dóttur
sína og vinkonu hennar. Að sögn
lögreglu jaftaði maðurinn að hafa
leíðst svo þegar dóttirin var úti
lengur en sem nam útivistartíma
hennar að hann stakk hana og
vinkonu hennar til bana.

**REKINN FYRIR SPRENGJEFNA-
KENNSLU** David Pieski, efna-
fræðikennari í menntaskóla í Or-
ange County í Kaliforníu, hefur
verið rekinn úr starfi fyrir að
kenna nemendum sínum að búa
til sprengjefni. Einn nemendanna
tók sig til og sprengdi kofa á
golfvelli í nágrenninu. Yfirvöld-
um gramdist uppátækið veru-
lega.

Úthlutun til vegagerðar í tíu stærstu bæjarfélögum landsins:

Átta af tíu stærstu fá ekkert

SAMGÖNGUÁÆTLUN Átta af tíu stærstu bæjarfélögum landsins, ef höfuðborgarsvæðið er talið, sem eitt bæjarfélag, fá enga fjármuni til nýlagningar vega innan bæjarmarka sinna í samgönguáætlun áráanna 2005 til

2008 sem samþykkt var á Alþingi fyrir skemmstu.

Akureyri er eina bæjarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins sem fær úthlutað fé til nýrra vegamannvirkja, en bæjarfélaginu er úthlutað 30 milljónum

króna vegna nýrra gatnamóta.
Höfuðborgarsvæðinu er út-

hlutað rúmum sex milljörðum.

Jón Þorvaldur Heiðarsson
hagfræðingur hjá Rannsóknar-
stofnun Háskólans á Akureyri
bendir á að ef Akureyringar not-


uðu sömu rök og höfuðborgar-
búar ættu þeir að krefjast mun
hærri upphæðar í samgönguá-
ætlun.

„Ef Akureyri væri sérkjör-
dæmi líkt og höfuðborgarsvæði-
ð og við reiknuðum út, líkt og
höfuðborgarbúar hafa verið að
gera, heildarútlutun fjár til
vegamála miðað við höfðatölu
ættum við að fá 5,5 prósent
heildarupphæðarinnar í stað
þess 0,1 prósentis sem okkur er
útlútað,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann segist alfarið á móti því að reikna fjáruhlutun til vegamála út frá kjördæmaskipan. „Höfuðborgarbúar megi vel við una innan sinna bæjarmarka miðað við aðra,“ segir Jón.

- sda

Péttbýlisstaður	Íbúafjöldi 31/12 2004	Fjárveiting til stofnkostnaðar í grunnneti (milljónir kr)	Fjárveiting á íbúa (kr.)
Borgin	183.079	6.142	33.548
Akureyri	16.308	30	1.840
Keflavík/Njarðvík	10.832	0	0
Akranes	5.657	0	
Selfoss	5.269	0	0
Vestmannaeyjar	4.215	0	0
Ísafjörður	2.785	0	0
Sauðárkrókur	2.632	0	0
Grindavík	2.494	0	0
Húsavík	2.323	0	0



Það er mér sönn ánægja að bjóða
yður á opnun sýningar minnar

HVÍTIR HRAFNAR

i Gallerí Sævars Karls - Bankastræti 7
Laugardaginn 14. maí klukkan 16:00



Með kveðju
Jón Sæmundur Auðarson

Sýningin er opin á verslunartíma og stendur til 2. júní

Tryggingastofnun ríkisins:
Sjúkratryggingakortin rjúka út

HEILBRIGÐISMÁL Rúmlega sex þúsund evrópsk sjúkratryggingakort hafa verið gefin út hjá Tryggingastofnun fyrstu vikuna eftir að útgáfa þeirra hófst. Um 85 prósent fólks sækja um gegnum heimasíðuna. Útgáfa kortanna hófst 1. maí. Alls voru 6.064 sjúkratryggingakort gefin út dagana 1.- 7. maí eða um fimmtungur af áætluðum fjölda korta á öllu árinu, samkvæmt upplýsingum frá TR. Evrópska sjúkratryggingakortið leysir af hólmi E-111 vottorðið og veitir korthafa, sem lendir í slysi eða óvæntum veikindum, rétt til nauðsynlegrar

heilbrigðisþjónustu í dvalarlandi á sama verði og heimamenn. Einfalt er að sækja um nýja kortið á heimasíðu Tryggingastofnunar. Hún sendir síðan kortið á lögheimili viðkomandi. Þeir sem hafa ekki aðgang að netinu geta komið í þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar í Reykjavík og sótt um evrópska sjúkratryggingakortið.

- jss

FYRSTA KORTIÐ Heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, fékk fyrsta sjúkratryggingakortið.



Hæstiréttur:
Lithái sendur til Pýskalands

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að framselja bæri litháískan mann til Pýskalands. Hann kom með Norrænu í byrjun mars. Litháanum er gefið að sök að hafa með öðrum flutt fjögur kíló af amfetamíni frá Litháen til Pýskalands, en þar var gefin út handtökuskipun á hendur honum. „Á grundvelli hennar var hann svo eftirlýstur á Schengen-svæðinu,“ segir Friðbjörn Garðarsson, réttargæslumaður mannsins. Maðurinn hélt fram sakleysi sínu og sagðist hingað kominn til að heimsækja vin sinn

.- óká



VERÐHJÖÐNUN Samkeppni á matvörumarkaði er meðal skýringa lækkunar á neysluverðsvisitalunni. Vísitalan lækkaði um 0,54 prósent á milli mánaða.

Neysluverðsvisitalan lækkar:
Töluverð verðhjöðnun

EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs minnkaði um 0,54 prósent á milli mánaða og var 240,7 stig. Verðhjöðnunin er meiri en búist var við en markaðsaðilar höfðu spáð mun minni lækkun vísitalunnar. Jafngildir þetta því að verðbólgan sé 2,9 prósent á ársgrundvelli. Tvær helstu ástæður þessarar lækkunar eru hörð verðsamkeppni á matvörumarkaði og breyttar aðferðir við útreikning vaxta á húsnæðislánum. Síðast lækkaði neysluverðsvisitalan við verðból gumælingar í júní í fyrra.

- eþa

Héraðsdómur NE:
Barði mann með flösku

DÓMSTÓLAR Liðlega tvítugur maður þarf bara að sitja inni í tvo mánuði af fimm fyrir líkamsárásir haldi hann skilorð í þrjú ár. Þá þarf hann, samkvæmt dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra, að greiða manni sem hann barði í höfuðuð með flösku tæpar 160 þúsund krónur. „Árás ákærða á brotþola var tilefnislaus og ófyrirleitin. Brotþoli skarst nokkuð í andliti og ber hann ör eftir,“ segir í dómnum, en með hliðsjón af aldri og skýlausri játningu þótti rétt að skilorðsbinda hluta dómsins. Frá 17 ára aldri hefur maðurinn verið sóttur til saka fyrir skjalafals, þjófnaði og umferðarlagabrot og rauf með broti nú skilorð frá því í júní 2003.

- óká

ARGENTÍNA

HEFUR JÁTAÐ AFTÖKUR Fyrrum liðsmaður í öryggissveitum argentínsku herforingjastjórnarinnar hefur játað aftökur á þremur mönnum á sínum tíma, en réttarhöld fara nú fram yfir honum á Spáni. Herforingjastjórnin var við völd á árunum 1976-1982 og er talið að í það minnsta 13.000 manns hafi „horfið“ eða verið tekinn af lífi á þeim tíma.

BANDARÍKIN

FÉLL NIÐUR NÍU HÆÐIR Betur fór en á horfðist þegar sjötug kona sem var að þrifa svalirnar hjá sér á níundu hæð fjölbýlishúss í Fort Lauderdale í Flórída féll fram af þeim. Það varð henni til lífs að hún lenti á skyggni fyrir framan húsið. Hún hlaut aðeins minni háttar áverka og var að sögn sjónarvotta hin hressasta á eftir.

EUROVISION

SÉRTILBOÐ

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

189 KR.

49

Bonus bữa

Pesto rosso
LAMBASNEIÐAR

PESTO SNEIÐAR

599

40% afsláttur við kassar
Merkt verð 998^{kr.}

159
100g poki KR.

100g poki KR.

899

kg
KD

10% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

Villikryddaðar GRILLSNEIÐAR

VILLI GRILLSNEIÐAR KF

599
KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998_{KR.}

Klettasalat

159 100a poki KR.

100g poki KR.

Smá spínat

159
100g poki KR.

100g poki KR.

Tilboðin gilda til 15. maí
eða meðan birgðir endast

Lambalæri VILLIKRYDDAÐ

HÁI FUR | ÍTRT

29
500 ml KR.

500 ml KR

Salatblanda

Fetaostur

199
150g KR.

150g KR.

**Bónus 100g
FURUHNETUR**

129 100g KR.

100g KR.

**RISTADAR
FURUHNATUR**

199 100a poki KR

100g poki KR

Nægtarbrunns FRÆ OG HNETUR

RISTUÐ FRÆ OG HNETUR SALATBLANDA

159
100g poki KR

100g poki KR

GRASKERSFRÆ

159 100g poki KR

100g poki KR

24

stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HJÖRLEIFUR VALSSON FIÐLULEIKARI

Reynir að gera margt í einu

„Það er af mörgu að taka get ég sagt þér,“ segir tónlistarmaðurinn Hjörleifur Valsson þegar hann er inntur eftir því hvað sé af honum að fréttu. „Ég er kominn með garð í Hafnarfirði, eftir nýleg íbúðarkaup, og ætla mér að spila þar fyrir gesti og gangandi á góðviðrisdögum í sumar,“ segir Hjörleifur, sem greinilega er fullur orku. Hjörleifur er hluti af hljómsveitinni Bardúkká sem ætlar sér í upptökur í sumar auk þess sem hann spilar einu sinni í mánuði með Tangósveit lýðveldisins í lönó. Hann kennir einnig í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og spilar auk þess mikið sjálfur við hin ýmsu tilefni. Framundan eru síð-



an tónleikar í London ásamt Þórhildi Björnsdóttur pianóleikara og Björgu Þóhallsdóttur söngkonu. Að auki er Hjörleifur hluti af stórrí fjöl-

skyldu en hann á fjögur börn ásamt konu sinni Ágústu Maríu Arnardóttur. „Ég hef ekki hugmynd um hvernig ég kem þessu öllu fyrir, ég geri það alls ekki með því að skipuleggja mig vel,“ segir Hjörleifur og virðist greinilega ekki heillaður af því að hafa hlutina í föstum skorðum. Hann reynir að finna sér tíma til æfinga og afslóppunar inn á milli verkefnanna en viðurkennir að það sé orðið strembið.

„Ég er því miður eiginlega hættur að geta æft mig, þó ég reyni að leggja mig fram við að finna tíma,“ segir Hjörleifur að lokum og rýkur af stað í næsta verkefni.

HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



ÞAÐ KOSTAR UM ÞÚSUND KRÓNUR AÐ GANGA Í SJÁLFTÆÐISFLOKKINN. Hverfafélag innheimta félagsgjöld.

SJÓNARHÓLL
FLOKKASKIPTI
GUNNARS ÖRLYGSSONAR



SOFFÍA VAGNSDÓTTIR

Endar vonandi í réttum flokki

„Þetta kom skemmtilega óvart en hann hefði átt að vanda valið betur,“ segir Soffía Vagnsdóttir bæjarfulltrúi á Bolungavík um þá ákvörðun Gunnars Örlygssonar alþingismanns að segja sig úr Frjálslynda flokknum og ganga í Sjálfstæðisflokkinn.

Hún telur þó framkomu Gunnars gagnvart kjósendum sínum tortryggilega. „Mér finnst tímasetningin á þessari skiptingu svolítið skýrtin. Það hefði örugglega verið betra að skipta aðeins seinna, svona til þess að geta skýrt mál sitt með eðlilegri hætti fyrir þeim sem kusu hann. Hefði verið gott að nota sumarið til þess að heyra betur í fólkinu,“ segir Soffía.

Annars telur hún ekki lokum fyrir það skotið að Gunnar haldi ferð um flokkana áfram. „Fyrst hann er lagður af stað í þetta ferðalag þá kannski endar hann í réttum flokki, sem er af sjálf-sögðu Samfylkingin,“ segir Soffía og lifir greinilega í voninni um að ferðalaginu sé ekki lokið.



ANNRÍKI Mikið er að gera í uppáhaldsskólabúð fyrrverandi landsstjórnar í Hong Kong

Bakarí í Hong Kong:

Uppáhald Pattens í hættu

Vandræði bakarísins Tai Cheong í Hong Kong hafa vakið óskipta athygli þar í landi. Bakaríið stefnir í gjaldbrot þar sem leigusali þess tvöfaldaði leiguna á dögnum. Ástæðan fyrir því að þetta þykir merkilegt er sú að Tai Cheong, sem þekkt er fyrir eggjabökur sínar, var uppáhaldsskólabúð Chris Patten, síðasta breska landsstjóra Hong Kong sem stjórnaði borginni þar til henni var skilað til Kínverja árið 1997. Hanga myndir af Patten á veggjum búðarinnar.

Nú er barist fyrir varðveitingu bakarísins og hefur þingmanna meðal annars verið freistað með góðgæti úr smíðju þess. Þá hefur fjöldi fólks flykkst að bakaríinu eftir að fréttist af vandræðum þess. ■

Verslunum fækkaði með komu ganganna

Ein elsta verslun Akraneskaupstaðar leggur upp laupana á næstu dögum en það verður þá sextánda verslunin þar í bæ sem hættir frá því að Hvalfjarðargöngin voru opnuð.

Axelsbúð var stofnuð af Axel Sveinbjörnssyni árið 1942 en þá hét hún Skipaverslun Axels Sveinbjörnssonar. Sá Axel er nú fallinn frá en Axel Gústafsson, barnabarn stofnandans, á nú verslunina og rekur.

„Ég er eiginlega alinn upp hérna inni,“ segir Axel. „Það er því sárt að sjá á eftir versluninni og húsinu sem verður sennilega rífið en hér er saga í hverri fjöl.“ Byggðasafnið á Akranesi er greinilega sammála því og hefur tryggt sér flesta innanstokksmuni versunarinnar til varðveislu á safninu.

Eitt af því sem vekur eftirtekt þeirra sem koma inn í verslunina er forlátur kókkælir. „Hann er rúmlega sextíu ára þessi kælir og hefur aldrei bilað,“ segir Axel til útskýringar.

Í dag er verslunin aðallega verkfæraverslun en þó er hægt að kaupa þar allt mögulegt; allt frá karamellu til hjólslöngu. Axel og Guðjón Finnbogason, fyrrum meðeigandi, hafa nefnilega sífellt verið að bæta við vörum. „Eftir að hjólaverslunin hætti tókum við inn hjólavörur svo fólk þyrfti ekki að fara til Reykjavíkur til að kaupa þær þar. Það sama gerðum



AXEL GÚSTAFSSON Axel stendur hér fyrir framan kókkælinn sem aldrei hefur bilað á rúmum sextíu árum. Kælirinn verður væntanlega til sýnis á Byggðasafninu á Akranesi.

við þegar aðrar verslanir hættu,“ segir hann til að útskýra fjölbreytt vöruúrvalið.

Hann segir að verslunin eigi sinn fasta kunnahóp en þó sé því ekki að neita að róðurinn hafi verið þungur eftir að bæði Byko og Húsasmiðjan opnuðu á Akranesi fyrir tveimur árum. „Svo hafa göngin haft sín áhrif en síðan þau opnuðu hafa fimmtán verslanir lokað,“ segir hann en fer svo að

vigta kaðla á fimmtíu ára gamalli vog.

Nokkrir viðmælendur Fréttablaðsins uppi á Akranesi segja ör-lög Axelsbúðar vera táknmynd þess sem er að gerast þar í bæ. Rótgrónar verslanir víkja fyrir verslunarkeðjum og Akranes tekur sífellt meir á sig mynd úthverfis meðan einkenni bæjarins eru hægt og sigandi að mást út.

jse@frettabladid.is

Haraldur Örn Ólafsson pólfari:

Með hundrað manns á hnjúkinn

Um hundrað manns munu ganga á Hvannadalshnúk um hvítasunnuna. Ferðin er farin á vegum Ferðafélags Íslands en fararstjóri er Haraldur Örn Ólafsson pólfari sem þekkir vel til. „Ég fór þetta fyrst 1987 og hef reynt að fara þetta einu sinni á ári síðan,“ segir Haraldur sem telur Hvannadalshnúk eitt fallegasta fjall landsins auk þess sem útsýnið frá honum sé einstakt.

Haraldur segir þetta mjög erfiða 15 tíma göngu. Fólk þurfi því að vera vel á sig komið og hafa æft sig vel. Ákveðin viðmið hafi verið sett um getu fólks en að öðru leyti meti það sjálft getu sína.

Haraldur verður þó ekki eini fararstjórinn enda vafalaust erfitt að hafa yfirsýn yfir 100 manna hóp á fjalli. Hópnum verður því skipt niður og hefur hver sinn fararstjóra. Ferðin er þó ekki með öllu hættulaus. „Fjallgöngur eru alltaf hættulegar, sérstaklega þegar þú ert kominn upp á jökla,“ segir Haraldur, en heyrst hefur af snjóflóða-hættu við hnjúkinn auk þess sem



HARALDUR ÖRN Haraldur verður fararstjóri í 100 manna ferð Ferðafélagsins á Hvannadalshnúk um helgina.

sprungur eru á leiðinni.

Eftir helgina heldur Haraldur til Kína þar sem hann verður í för með forseta Íslands sem hluti af viðskipta- og sendinefnd. „Kínverjar hafa mikinn áhuga á að efla öryggismál og þekkingu á fjallgöngu og búnaði,“ segir Haraldur

sem mun halda myndasýningu og fyrirlestur um ferðir sínar fyrir alpaklúbbinn í Peking 17. maí. Haraldur hefur aðeins einu sinni komið til Kína og það var þegar hann stóð þar með annan fótinn á toppi Everest.

- sgi



TILBOÐSDEKK

ÓTRÚLEGT VERÐ!

ÁÐEINS FYRSTA FLOKKS DEKK • FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK

DEKKJAHÓTEL

VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG ALLT ÁRIÐ GEGN VÆGU GJALDI

GÚMMÍVINNUSTOFAN EHF.

RÉTTARHÁLSI 2 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 5588

WWW.GVS.IS / WWW.TILBODSDEKK.IS



BMW.WilliamsF1Team

Mark Webber á Íslandi



Keppnisbíllinn
er kominn og
er til sýnis
í Hagkaupum
Smáralind.



Mark Webber áritar
í Hagkaupum
Smáralind,
mánudaginn 16. maí
frá kl. 13:00-14:00

Taktu þátt í Formúlu 1 leik Hagkaupa í tilefni heimsóknar Mark Webber til Íslands. Skriðu nafnið þitt og símanúmer á kassastrimilinn og þú ert kominn í pottinn. Fjórir heppnir þátttakendur komast á Silverstone kappaksturinn 9.-10. júlí. Í vinning er flug, gisting og miðar á kappaksturinn. Auk þess eru 10 formúla 1 rafmagns kappakstursbílar fyrir börn í vinninga. Dregið verður 29. maí í beinni útsendingu á RÚV.

- Rafmagnsbíll 12v fyrir 3 ára og eldri
- Lengd 160cm
- Hleðslubatterí og hleðslutæki



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

FBL GREINING: OFVIRK BÖRN

Rítalín eða lýsi

Vísindamenn við Oxford-háskóla í Englandi staðhæfa að lýsi hjálpi börnum að halda einbeitingu og að læra að lesa og skrifa. Við Íslendingar höfum líka um áratuga skeið verið sannfærð um að lýsi sé allra meina bót fyrir líkama og sál. Nú hafa bæði breskir og sænskir vísindamenn hins vegar hafið rannsóknir á áhrifum lýsis á ofvirk börn, sannfærðir um að það geti hjálpað þeim.

Rannsóknir sýna árangur

117 ofvirk bresk börn á aldrinum fimm til tólf ára hafa undirgengist rannsóknir á áhrifum lýsis á sjúkdóm-inn og hafa þær sýnt að lýsi getur hjálpað þessum börnum umtalsvert við nám og einbeitingu auk þess sem

lýsið róar krakkana heilmikið og hjálpar þeim að bæta félagslega stöðu sína. Lýsisneyslan fór að sýna heilmikinn árangur á einungis þremur mánuðum.

Sænskir vísindamenn hafa hafið svipaða rannsókn við barnaspítalann í Gautaborg. Þar á að prófa áhrif lýsis á 100 ofvirk börn og hafa sænskir foreldrar miklar væntingar til þess að rannsóknin sanni enn frekar jákvæð áhrif lýsis á ofvirk börn.

Íslendingar eiga heimsmet í rítalí-neyslu

Árið 2003 mældist notkun Íslendinga á rítalíni 5,3 dagskammtar á hverja þúsund íbúa og jókst enn á milli árianna 2003 og 2004. Þetta er umtals-

vert meiri notkun en hjá þeirri þjóð sem notar næst mest en það eru Bandaríkjamenn sem neyta 4,3 dagskammta á hverja þúsund íbúa. Rítalín hefur eins og önnur sterk lyf alvarlegar aukaverkanir og meðal algengra aukaverkana má nefna taugaveiklun, svefnleysi, minnkaða matarlyst og flökurleika. Þó má ekki gleyma því að lyfið getur hjálpað ofvirkum börnum að ráða við sjúkdóminn.

Eftir stendur spurningin: Gæti borgað sig að drekka meira lýsi og taka minna rítalín?

Heimildir: Aftonbladet og Vefsíða Lyfjastofnunar.



SPURT & SVARÐ

FYRNINGARFRUMVARPIÐ



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Ekki hættur

Frumvarp um afnám fyrningarfrests vegna kynferðisafbrotu gegn börnum var ekki tekið fyrir á lokadögum þingsins þrátt fyrir að hafa fengið afgreiðslu úr nefnd þar sem lagt var til að lengja frestinn um fjögur ár.

Hvað finnst þér um að fyrningarfrumvarpið hafi strandað? Ég er afskaplega ósáttur við það og þetta sýnir að stjórnarmeirihlutinn ætlaði aldrei að hleypa þessu máli í gegn.

Af hverju lagðir þú fram þetta frumvarp? Það var til að viðurkenna sérstöðu þessara brota svo að gerandinn njóti ekki þess aðstöðumunar sem er á honum og barninu.

Hvað ætlast þú fyrir með málið í framtíðinni? Ég ætla að taka málið aftur upp næsta haust. Ég mun ekki hætta á þingi fyrr en ég næ þessu í gegn.

Enn skiptir íslenskur stjórnmálamaður um flokk á miðju þingi. Vistaskipti Gunnars Örlygssonar eru nefnilega síður en svo þau fyrstu í stjórnmálasögu landsins og örugglega ekki þau síðustu.

Allar götur frá því stjórnmálaflokkar urðu til á Íslandi í upphafi síðustu aldar hafa flokkar komið og farið, sameinast og sundrast. Breytingar á stjórnmálaflokkum hafa meðal annars birst í því að stjórnmálamenn hafa skipt um flokk á miðju kjörtímabili. Hafa menn þá tekið sæti í þingflokki annars flokks og jafnvel stofnað nýja þingflokka.

FRÉTTASKÝRING
FLAKKAÐ MILLI FLOKKA

SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
BLAÐAMAÐUR

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....



FYRRUM SAMHERJAR Gunnar Örlygsson hefur setið sinn síðasta fund í þingflokki Frjálslynda flokksins. Hann tilkynnti í fyrravöld að hann hefði sagt skilið við Sigurjón Þórðarson og aðra þingmenn Frjálslynda flokksins og gengið til liðs við Sjálfstæðisflokkinn.

Flokkakljúfur sjálfrar náttúrunnar



Af víðförulum flokkaflokkurum skal fyrstan frægan telja Hannibal Valdimarsson, sem kom víða við á löngum pólitískum ferli. Gárungar kölluðu hann meðal annars flokkakljúf sjálfrar náttúrunnar.

Hannibal hóf ferilinn í Alþýðuflokknum á fjórða áratug síðustu aldar en eftir að hafa orðið undir í formannskjöri í flokknum 1954 skildu leiðir og 1956 stofnaði hann Alþýðubandalagið. Upp úr sauð á þeim bænum 1967 og fór Hannibal í sérframboð í þingkosningum það ár en starfaði þó áfram sem formaður Alþýðubandalagsins til 1968, er hann sagði sig úr flokknum. Hann stofnaði síðan Samtök frjálslyndra og vinstri manna 1969 og var formaður þess flokks til 1974, er hann hætti afskiptum af stjórnmálum.

Hysjaði ekki upp um stjórna



Bjarni Guðnason prófessor var einn af félögum Hannibals í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna og tók sem slíkur þátt í myndun vinstri stjórnarinnar sem sat frá 1971 til 1974. Hann yfirgaf reyndar skútuna 1973 og var utanflokka en átti síðan ekki hvað minnstan þátt í að stjórnnin féll þegar hann hætti stuðningi við hana með þeim fleygu orðum að stjórnnin væri með allt niðrum sig og hann ætlaði ekki að hysja upp um hana brækurnar.

Bjarni gekk síðan til liðs við Alþýðuflokkinn og var varaþingmaður hans til 1986.

Frá vinstri til hægri

Bandalag jafnaðarmanna varð til í aðdraganda alþingiskosninga 1983 en forystumenn þess komu að mestu frá Alþýðuflokknum. Flokkurinn kom fjórum mönnum



á þing en þraut örendi áður en kjörtímabilinu lauk. Gengu þeir þingmanna hans, þau Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir og Guðmundur Einarsson, til liðs við Alþýðuflokkinn en Kristín S. Kvaran gekk í raðir sjálfstæðismanna.

Í þremur flokkum á fjórum árum

Borgaraflokkurinn var stofnaður 1987 í kjölfar mikilla átaka innan Sjálfstæðisflokksins og kom sjö mönnum á þing sama ár. Albert Guðmundsson, formaður flokksins, hvarf af þingi ári síðar og varð sendiherra í Frakklandi. Árið eftir kvarnaðist enn úr flokknum þegar tveir þingmenn hans, þeir Ingi Björn Albertsson og Hreggviður Jónsson, stofnuðu Frjálslynda hægriflokkinn. Honum varð ekki langra lífdaga auðið því þeir Ingi Björn og Hreggviður gengu aftur í Sjálfstæðisflokkinn 1991.

Þar með höfðu þeir afrekað að vera í þremur stjórnmálaflokkum á einu kjörtímabili.

Úr og í Alþýðuflokkinn



Jóhanna Sigurðardóttir var fyrst kjörin á Alþingi fyrir Alþýðuflokkinn 1978. Hún yfirgaf flokkinn eftir að hún tapaði formannskjöri fyrir Jóni Baldvini Hannibalssyni 1994 og var utanflokka á þingi um skeið. Fyrir kosningarnar 1995 stofnaði hún Þjóðvaka og komst á þing við þriðja mann. Þjóðvaki rann síðan saman við Alþýðuflokkinn á miðju kjörtímabili og flokkurinn rann síðan allur inn í Samfylkinguna í fyllingu tímans.

Skjótur frami innan Framsóknar

Sá flokkaflakkari sem verið hefur hvað mest áberandi á síðari árum er tvímælaust Kristinn H. Gunnarsson. Hann var fyrst kjörinn á Alþingi 1991 fyrir Alþýðubandalagið og starfaði óslitið innan raða flokksins til ársins 1998,



er hann gekk skyndilega til liðs við Framsóknarflokkinn. Þetta gerðist í kjölfar þess að Alþýðubandalagið ákvað að ganga til sameiginlegs framboðs með Alþýðuflokki og Kvinnalista fyrir kosningarnar 1999. Fleiri Alþýðubandalagsmenn undu þessu ekki heldur og þannig gengu þeir Steingrímur J. Sigfússon og Hjörleifur Guttormsson úr flokknum á sama tíma og lögðu þar með drög að stofnun Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Kristinn H. náði skjóttum frama innan Framsóknar og varð þingflokksformaður eftir kosningarnar 1999 en heldur hefur andað köldu milli Kristins og forystu flokksins síðustu misserin.

Entist í tvö ár



Gunnar Örlygsson er svo nefndur til sögunnar síðastur í röð flokkaflakka en margir liggja þó óbættir hjá garði. Hann fór í framboð fyrir Frjálslynda flokkinn við alþingiskosningarnar 2003 og entist því ekki nema tvö ár í flokknum. Flokkurinn var reyndar upphaflega stofnaður af óánægðum sjálfstæðismönnum, Sverri Hermannssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, þannig að leiðin yfir í Sjálfstæðisflokkinn er kannski ekki svo ýkja löng þegar allt kemur til alls. Enda var Gunnar í Sjálfstæðisflokknum áður en hann gekk í Frjálslynda flokkinn. ■

VERTU UPPLÝSTUR



alltaf gott - alltaf ódýrt

allt fyrir helgina



389
kr.kg.

Kjúklíngaleggir/læri magnbakkar
verð áður 599 kr.kg.

grísaríf
eins og þau
gerast best



1.048
kr.kg.

Old West grísaríf
verð áður 1.637 kr.kg.



50%
afsláttur

149
kr.kg.

Kjúklíngavængir magnbakkar
verð áður 299 kr.kg.



99
kr.kg.

Bökunarkartöflur



beint á
grillið!

299
kr.

Borgarnes hamborgarar 4 stk. með brauði



frábært
verð

149
kr.

Lay's snakk



339
kr.

Góu Hraun- og Æðibita tvenna

allt í matinn á einum stað

www.netto.is - Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 13. til 16. maí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Lokað Hvítasunnudag - Ópið annan í Hvítasunnu 10.00-18.00

Akranes: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00

Akureyri: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00

Grindavík: mán. til fös. 09.00-19.45, lau. 10.00-18.00, sun. 10.00-18.00

Mjódd Reykjavík: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00

Salahverfi Kópavogi: mán. til fös. 10.00-21.00, lau. 10.00-21.00, sun. 12.00-18.00

nettó



Á FRELSUNARAFMÆLI Er Danir minnstust þess í síðustu viku að 60 ár voru liðin frá því að hernámi Þjóðverja lauk þaðst Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, sem hér situr við hlið Margrétar Þórhildar drottningar, afsökunar á því að dönsk stjórnmöld skyldu hafa sent nokkra tugi flóttamanna til Þýskalands í byrjun stríðsins. Bitur örlög þýzku flóttabarnanna í Danmörku eftir stríð hafa hins vegar legið í þagnargildi.

Myrkur kaflí í Danmerkursögunni

Þúsundir þýzkra flóttamanna, mest börn, dóu í búðum í Danmörku eftir stríðslok. Sagnfræðirannsókn dansks læknis hefur vakið snarpa umræðu um myrkan kafla danskrar sögu.



FRÉTTASKÝRING
ÞÝZK FLÓTTABÖRN
Í DANMÖRKU

AUÐUNN ARNÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

Hvers vegna dóu þúsundir þýzkra barna í flóttamannabúðum í Danmörku eftir að stríðinu var lokið? Í nýrri sagnfræðidoktorsritgerð dansks læknis eru bitur örlög þessara barna rakin og hafa niðurstöðurnar vakið mikla umræðu í Danmörku um svartan kafla í sögu þjóðarinnar.

Á lokamánuðum síðari heimsstyrjaldar vorið 1945 tókst um 250.000 þýzkum flóttamönnum, aðallega konum, börnum og gamlmennum frá þeim héruðum austanverðs Þýskalands sem lágu að Eystrasaltinu, Austur-Prússlandi og Pommern, að komast undan byssustingjum Rauða hersins í það sem flóttafólkið taldi vera örugga höfn í Danmörku. En þar var þjángingum þeirra sannarlega ekki lokið, eins og Kirsten Lylloff, yfirlæknir í Hillerød á Sjálandi, rekur

í bókinni „Börn eða óvinir?“ sem hún varði sem doktorsritgerð í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla í apríl síðastliðnum.

Yfir 13.000 dauðsföll

Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum Lylloff er að frá 5. maí, þegar þýzka hernámsliðið í Danmörku gafst upp, og það sem eftir lifði ársins 1945 dóu 13.492 þýzkir flóttamenn í búðum sem Danir settu þá í. Yfir helmingur þeirra sem dóu voru börn undir fimm ára aldri.

„Þetta var stærsti mannlegi harmleikur í síðari tíma sögu Danmerkur,“ segir höfundurinn.

Flóttamennirnir voru allir lokaðir bak við gaddavir í nærri eitt hundrað búðum um alla Danmörku og gætt af þungvopnuðum vörðum. Í stærstu búðunum voru 37.000 flóttamenn þegar flest var, en þær voru í Oksbøll á vesturströnd Jótlands. Fjórar sérstakar barnabúðir voru í þessu flóttabúðaneti. Börnin sem í þeim voru – flest munaðarleysingjar eða börn sem höfðu orðið viðskila við foreldra sína – fengu aldrei að fara út fyrir gaddavírsgirðinguna fyrr en hægt var að senda þau til Þýskalands. Af öllum slíkum flóttamannabúðum sem vistaðu þýzka flóttamenn utan Þýskalands eftir stríðið kvað vistin hafa verið einna verst í dönsku búðunum.

Matvæli voru mjög naumt skömmtuð flóttamönnum og læknishjálp nær engin veitt. Lylloff komst að því að í marz 1945 hefði danska læknafélagið gert samþykkt um að veita þýzkum flóttamönnum enga aðstoð. Í sama

mánuði neitaði einnig danski Rauði krossinn að aðhafast neitt til hjálpar flóttafólkinu, að sögn vegna þess að stemmningin meðal Dana væri „fjandsamleg Þjóðverjum“, að því er danska blaðið Politiken skrifar. Afleiðingin varð sú að átta af hverjum tíu ungbörnum sem örlögin skoluðu með þessum hætti að ströndum Danmerkur dóu úr vannæringu, vösbúð og skorti á lyfjum og læknisaðstöð.

Þar með, segir Lylloff, dóu í þessum búðum fleiri en allir þeir Danir sem féllu í stríðinu öllu.

Lylloff undrast sinnuleysi læknaKollega sinna á þessum tíma: „Hvers konar öfreskjur í mannsmynd voru þessir dönsku lækna ársins 1945?“ spyr hún.

Jörgen Poulsen, núverandi formaður danska Rauða krossins, tekur undir að hér sé um að ræða „myrkan kafla“ í þjóðarsögunni, „sem við verðum að skammast okkar fyrir“.

Gammelgaard, fulltrúa eldri kynslóðar danskra sagnfræðinga, en með þessum orðum vill hann afsaka framferði Dana gagnvart flóttafólkinu. En Lylloff bendir á að til dæmis norskt og hollenzkt flóttafólk hafi fengið góða meðhöndlun í Danmörku á sama tíma og þýzku flóttabörnin vesluðust upp úr vösbúð, hungri og sjúkdómum.

Að hennar mati er borðleggjandi að hatur hafi ráðið för, hatur sem bitnaði á þúsundum saklausra barna. Lylloff rifjar upp að er þýzka flóttafólkið streymdi til Danmerkur á sínum tíma hafi verið dreift dreifibréfum þar sem alið var á ótta Dana við „nýja gerð innrásar“.

„Þýzka hernámsliðið var varla búið að hypja sig, þá voru aftur komnir til landsins Þjóðverjar, í hundraðþúsundatali, en aðeins með aðra ásjónu.“ Svona orðar Lylloff tilraun sína til að skýra þá meðhöndlun sem flóttafólkið fékk. Börnin hafi fengið að kenna á þessu hatri sem beindist gegn öllu þýzku.

Meðhöndlunin sem börnin fengu „er hreint og klárt mesti mannlegi harmleikur í síðari tíma sögu Danmerkur.“

Okkur ber að skrifa söguna rétt til þess að geta lært af henni,“ hefur Politiken eftir Lylloff. „Þegar við [Danir] heyrum um þjóðernishreinsanir og hneykslumst á þeirri villimennsku sem átti sér stað í Rúanda og á Balkanskaganum ættum við að minna okkur sjálf á að við höfum gerzt sek um að haga okkur á hliðstæðum grunni þjóðernishaturs,“ segir Lylloff. ■

Húsbréf

Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. maí 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

1. flokki 1989	–	58. útdráttur
1. flokki 1990	–	55. útdráttur
2. flokki 1990	–	54. útdráttur
2. flokki 1991	–	52. útdráttur
3. flokki 1992	–	47. útdráttur
2. flokki 1993	–	43. útdráttur
2. flokki 1994	–	40. útdráttur
3. flokki 1994	–	39. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu föstudaginn 13. maí.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og liggja þar einnig frammi upplýsingar um útdregin húsbréf.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is

Flótti Þjóðverja úr austri vorið 1945

250.000 enduðu í Danmörku

SAGA Forsagan að því að um 250.000 þýzkir flóttamenn, þar af um 100.000 börn, lentu í Danmörku vorið 1945 er sú, að eftir því sem sókn Rauða hersins náði lengra inn í Þýzkaland – fyrst Austur-Prússland og svo Slésíu, Pommern og Berlín – flúðu fleiri þýzkir íbúar þessara svæða í ofboði, enda gengu miklar sögur um grimmdarlegar hefndar- aðgerðir sovézkra hermanna á þeim Þjóðverjum sem þeir náðu til. Öll börn undir fjórtán ára aldri voru send frá stærstu borgunum. Mörg þeirra enduðu í Danmörku.

Í marz 1945 var svo komið að þeir Þjóðverjar sem flúðu úr austri komust ekki lengur landleiðina í vestur þar sem Sovétherinn var kominn alla leið norður að Eystrasaltsströndinni. Flóttamennirnir voru því fluttir í öllum tiltækum skipum og bátum yfir Eystrasaltið. Yfir tvær milljónir manna, mest konur, börn og gamlmenni en einnig særðir hermenn, flúðu þannig sjóleiðina í vestur.

Flóttaskipunum var stefnt á hafnir vestar í Þýzkalandi, sem enn voru á valdi Þjóðverja, svo sem Lübeck og Rostock. Þegar hafnirnar yfirfylltust og skipin urðu fyrir loft- og kaþbátarásum – sem sókktu sumum þeirra – var brugðið á það ráð að skila flóttamönnum í land í Danmörku.

Af þeim um það bil 100.000 þýzku börnum sem örlögin höfðu

þannig skolað til Danmerkur þegar fimm ára hernámi Þjóðverja lauk snemma í maí 1945 voru um 10.000 munaðarlaus eða höfðu orðið viðskila við foreldra sína. Á flóttanum höfðu þau mörg hver orðið fyrir hræðilegri lífsreynslu, svo sem séð foreldra sína skotna. Einnig voru í þessum hópi heilu skólabeckirnir, sem foreldrarnir vissu ekki hvað hefði orðið um. Bráðabirgðastjórnin, sem settist að völdum í Kaupmannahöfn strax eftir stríðið, lét setja alla þýzku flóttamennina í búðir, þar sem þeir dvöldu unz hægt var að senda þá til Þýskalands, en það gerðist í flestum tilvikum á næstu tveimur til fjórum árum eftir stríðslokinn. ■

19.900

Vnr.410622413/32/42

Markísa

Markísa, 3,5 x 2,5m.
Til í grænu eða gráu.

7.490

Vnr.49804017

Garðborð

Island garðborð,
106 cm þvermál.

3.990

Vnr.49804018

Stóll

Island garðstóll.

*hafðu það
gott*

Vnr.0291450

Garðborð

Garðborð
1540x1770x710 mm.

8.900

Vnr.0291492

Garðbekkur

Garðbekkur, þriggja sæta,
gagnvarin fura.

9.990

Vnr.0291468

Sandkassi

Sandkassi með sæti,
1500x1500 mm.

7.290

Vnr.50632104

Borðhitari

MR HEAT borðhitari
ryðfrír, 2,7 kw, hæð
76 cm, hattur 48 cm.

9.900

BETRA VERÐ

**Bestu
BYKO
kaupin**

Vnr.88012330

Trampólín

Sund trampólín,
220 cm.

5.900

Vnr.49620217-8

Reiðhjól

12" stelpu- eða
strákahjól með
hjálpardekkjum,
fótbremsu og
keðjuhlíf.

6.900

12" REIÐHJÓL

Vnr.49600001-3

Golfsett

Wilson golfsett, karla
og kvenna, hægri og
vinstra sett. Járn: 3-
9+P, grafitkraft, púttar
og góður burðarpoki.
12 gólfkúlur fylgir.

19.900
+ 12 gólfkúlur

i allt sumar!

Vnr.91910638-40

Silkiblóm

St. Pálsjurt, hvít, bleik
eða fjólublá. Fæst í BYKO
Breidd og Selfossi.

690 ⁸⁹⁰

LANDSLAGS-arkitekt Á SELFOSSI

Laugardaginn 21. maí frá kl. 10-14

Í ár eins og undanfarin ár mun BYKO veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar landslagsarkitekts vegna fyrirhugaðra framkvæmda í garðinum. Björn Jóhannsson landslagsarkitekt mun veita þessa þjónustu eins og undanfarin ár en hann hefur meira en áratuga reynslu í hönnun og sérútfærslum á gördum. Hver viðskiptavinur fær hálf tíma ráðgjöf sem kostar 3000 kr. en þær fást endurgreiddar við kaup á palla- og girðingaefti hjá BYKO.

Skráðu þig strax í síma **480 4600**



BYGGIR MEÐ ÞÉR

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Fréttablaðið styrkir stöðu sína í efsta sætinu yfir vinsælustu fjölmiðla landsins.

Allir í áskrift

Á hverjum degi lesa að meðaltali um 150 þúsund Íslendingar Fréttablaðið. Það er um það bil fimmtán þúsund fleiri en horfa að jafnaði á Ríkissjónvarpið hvern dag, en sjónvarpið er í öðru sæti á fjölmiðlavinsældalista landsmanna. Þetta kemur fram í nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup sem birt var í gær.

Fréttablaðið ætlar hins vegar ekki að láta þar við sitja því næstu daga stækkar dreifingarsvæði blaðsins verulega þegar íbúar fjögurra bæja bætast í hóp þeirra sem fá blaðið borið heim til sín á hverjum morgni. Formleg dreifing blaðsins hófst á Selfossi í morgun og í næstu viku hefja blaðberar útburð á hvert heimili á Akranesi, í Borgarnesi og í Hveragerði. Þar með munu nú af hverjum tíu landsmönnum fá Fréttablaðið heim til sín.

Á hverjum degi lesa að meðaltali um 150 þúsund Íslendingar Fréttablaðið. Það er um það bil fimmtán þúsund fleiri en horfa að jafnaði á Ríkissjónvarpið hvern dag.

Þessi gríðarlega dreifing dagblaðs er einsdæmi í heiminum. Í því samhengi er hægt að hafa til samanburðar að upplag Fréttablaðsins er um tíundi hluti af upplagi stórblaðsins New York Times, sem er gefið út á hundrað sinnum stærri markaði.

Oft er rætt um Fréttablaðið í sömu andrá og önnur fríblöð úti í heimi, eins og til dæmis Metro-blöðin sem hafa farið sigurför um heiminn og margir kannast við. Fréttablaðið er þó í eðli sínu ólíkt þessum blöðum sem er dreift á fjölförnum stöðum, oftast lestarstöðvum. Dreifingu Fréttablaðsins má líkja við sjónvarps- eða útvarpsútsendingu sem nær inn á hvert heimili. Aldrei áður hefur slík hugsun verið að baki dreifingu á dagblaði og í raun jafngildir slík dreifing því að nánast allir landsmenn séu í áskrift að blaðinu.

Efnistöð og uppbygging Fréttablaðsins er líka allfrábrugðin Metro-blöðunum, sem byggja gjarnan á hraðsoðnu efni og greinum frá öðrum fréttastofum en sínum eigin. Fréttablaðið sækir aftur á móti í hefð klassískra morgun- og fréttablaða eins og eru þekkt í nágrannalöndum okkar og rekur eina öflugustu ritstjórn landsins.

Þetta sambland af gríðarlegri dreifingu og metnaðarfullu blaði fellur þjóðinni vel í geð, eins og kemur fram í fjölmiðlakönnunum Gallup. Í könnuninni sem birtist í gær sést að Fréttablaðið hefur aukið verulega forskot sitt á næsta keppinautinn, Ríkissjónvarpið. Í þriðja sæti er Stöð 2 og í því fjórða Morgunblaðið með um þrjátíu þúsund færri lesendur en Fréttablaðið hvern dag, en það er álika og samanlagður íbúafjöldi Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Fréttablaðið býður íbúa Selfoss, Hveragerðis, Akraness og Borgarness velkomna í hóp þeirra sem fá blaðið heim til sín á hverjum morgni. ■



Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.–fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Kringlan 1. hæð
Mán.–mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

Opið lengur



	FRÁ DEGI TIL DAGS	
Hátíðahöld í Kópavogi Mikið er um dýrðir í Kópavogi þessa dagana, bærinn enda fimmtugur og ærið tilefni til veisluhalds. Sjálfur afmælisdagurinn var í fyrradag og mættu þá fyrirmenni bæjarins og aðrir góðir gestir til hátíðardagskrár í Salnum. Meðal gesta voru forsvarsmenn annarra bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem vildu heiðra Kópavogsbúa og flytja þeim góðar gjafir í tilefni dagsins. Kópavogsbúar ætluðu líka að heiðra sitt góða fólk og var	 stórsöngvarinn Kristinn Sigmundsson mættur til að taka við nafnbótinni heiðurslistamaður Kópavogs árið 2005.	Hélt hún því næst til heiðurslistamannsins og hvíslaðist á við hann líka. Var greinilega mikið niðri fyrir því Kristinn stóð upp, greip styttna góðu og hvarf á brott með konunni. Kom að vörmu spori aftur, styttulaus.
Heiðurslistamaður fær styttnu Sté hann á sviði og tók við blómvendi og heiðursskjali úr hendi bæjarstjóra. Fleira fylgdi með því bæjarstjóri teygði sig undir þúlið, dró fram forláta styttnu og afhenti Kristni með bros á vör. Sneri Kristinn við svo búið í sæti sitt kátur mjög yfir höfðingsskap sinna manna. Var hátíðahöldum fram haldið um stund en menn veittu því eftirtekt að ábúðarfulla kona vék sér að Hansínu bæjarstjóra og hvíslaði einhverju að henni.		Styttnu farandverðlaun sögunnar Nokkru síðar kom borgarstjóri Reykjavíkur í pontu og flutti Kópavogsbúum kveður ásamt því að afhenda þeim forláta styttnu; afsteypu af verki Ásmundar Sveinssonar, Veðurspámanninn. Var þar komin styttna góða sem bæjarstjóri Kópavogs hafði skömmu áður afhent Kristni Sigmundssyni heiðurslistmanni. Heyrðist Kristinn hafa það á orði að þetta hefðu verið styttnu farandverðlaun sögunnar. ssal@frettabladid.is

Menningarlæsi og Kínamenn

Flest höldum við að enskan og engilsaxnesk menning sé gjaldgeng í samskiptum og viðskiptum hvar sem er í heiminum. Ekki síst nú á tímum hnattvæðingar og aukinnar menntunar. Nema kannski helst í Frakklandi – en Frakkar er nú eins og þeir eru. Það kom því nokkuð á óvart að heyra Rafn Kjartansson, lektor við Háskólann á Akureyri, segja frá því fyrir skömmu í málstofu sem tengdist Evrópuverkefni sem hann starfar við um menningarlæsi og viðskipti – og heitir CER-es – að enskan er ekki ætíð sá höfuðlykill, sem lýkur upp dyrum viðskipta og samskipta um allan heim. Rafn vitnaði til könnunar sem rannsóknafyrirtækið Interact International gerði fyrir nokkrum árum meðal breskra útflutningsfyrirtækja. Þar kom fram að allt að helmingur fyrirtækjanna sem spurð voru taldi sig hafa misst af viðskiptasamningum vegna þess að það hafði ekki á að skipa starfsfólki sem kunni skil á tungumáli og menningu þeirra ríkja og svæða sem fyrirhuguð viðskipti tengdust. Þetta er sláandi niðurstaða um mikilvægi þess að skilningur ríki milli aðila sem hyggjast eiga viðskipti.

Enda hafa augu fólks sem er í viðskiptum í vaxandi mæli verið að opnast fyrir því að til eru ýmsar fleiri viðskiptahindranir en hefðbundnir tollar, innflutningskvótar eða leyfisveitingar. Menningarlegir þröskuldar og tungumálaþröskuldar geta verið alveg jafn illvirgir – jafnvel þegar verið er að fjalla um það sem við í daglegu tali köllum „sama“ menningarsvæðið líkt og Evrópu, hvað þá þegar um er að ræða viðskipti milli ólíkra menningarheima. Því er víða farið, m.a. hér á landi, að leggja áherslu á menningarlæsi viðskiptalífsins, enda má til sanns vegar færa að þar liggi ein af forsendum þess að vel gangi í útrás viðskipta til erlendra landa. Hlutverk utanríkisþjónustunnar hefur í auknum mæli verið skilgreint sem aðstoð við fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og þannig

Í DAG

FORSETI OG NÁM Í KÍN-
VERSKRI MENNINGUBIRGIR
GUÐMUNDSSON

Vissulega getur utanríkisráðuneytið og opinberir aðilar opnað ákveðnar dyr fyrir mönnum í krafti menningarlegrar sérþekkingar og sérstakrar aðstöðu, en þegar á reynir hlýtur það hins vegar að vera fyrirtækjanna sjálfra að koma sér upp þekkingu af þessu tagi til þess að starfsemin geti gengið og vaxið frá degi til dags.

hefur vöxtur hennar iðulega verið réttlættur. Vissulega geta utanríkisráðuneytið og opinberir aðilar opnað ákveðnar dyr fyrir mönnum í krafti menningarlegrar sérþekkingar og sérstakrar aðstöðu, en þegar á reynir hlýtur það hins vegar að vera fyrirtækjanna sjálfra að koma sér upp þekkingu af þessu tagi til þess að starfsemin geti gengið og vaxið frá degi til dags. Þetta er hinn nýi veruleiki hnattvæðingar með ólíkum menningarsvæðum, þar sem hið mikilvæga samkeppnisforskot getur legið í raunhæfu menningarlæsi.

Kína er þessa dagana mikið í umræðunni, enda er þetta feiknalega markaðssvæði að tengjast öðrum mörkuðum, þar á meðal Íslandi. Við verðum vör við þetta í gegnum samkeppni í vöruframleiðslu þar sem Íslendingar eiga erfitt með að keppa við ódýrt kínverskt vinnuafli. En þarna eru líka að opnast gríðar-

leg tækifæri. Mikil þátttaka íslensks viðskiptalífs í ferð Ólafs Ragnars Grímssonar til Kína í sumar ber einmitt vott um að menn hafa augun opin. Sjálfur hefur Ólafur bent á möguleika íslenskra háskóla á „útflutningi“ á þekkingu með því að taka að sér kennslu fyrir Kínverja í „verktöku“ eins og hann orðaði það. Aukin viðskipti við Kína og jafnvel önnur ríki þýða að sjálfsögðu ekki að draga þurfi úr öðrum viðskiptum við markaði nær okkur, s.s. Evrópumarkað sem er í raun að verða okkar heimamarkaður. Þvert á móti er tilefni og þörf á sókn á báðum vígstöðvum.

Um það leyti sem þessar línur eru ritaðar fer fram athöfn í bókasafni Háskólans á Akureyri þar sem fulltrúar kínverska menntamálaráðuneytisins eru að afhenda bókagjöf frá Kína, 1.000 valdar bækur, í tilefni af því að við Háskólann er að hefjast símenntunarnám á sviði kínverskrar menningar, tungu og viðskiptahátta.

Kenndir verða áfangar í helsta tungumáli Kínverja, þróun og stöðu kínversks viðskiptalífs, kínverskum viðskiptaháttum og kínverskri nútímamenningu auk nokkurra annarra menningarnámskeiða. Auk þess mun vera í burðarliðnum samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands í austrænum fræðum.

Það er athyglisvert að sjá hvernig íslensku háskólarnir eru að bregðast við og taka þátt í breyttu umhverfi atvinnulífsins og sýna frumkvæði. Þar virðist ekki skipta máli hvort um ríkisháskóla eða einkaháskóla er að ræða. Mikilvægt er að gera þessari grósku kleift að dafna og blómstra í tengslum við formlegt vísinda- og fræðastarfræðisakademíunnar og kæfa hana ekki í misskildum skammtíma sparnaðar- og aðhaldsáformum. Menn geta deilt um hlutverk ríkisins í efnahagslífinu, en fáir munu telja hlutverk þess vera að traðka niður frumlega efnahagsgræðlinga að vori. ■



Sjálfsmynd Íslendinga

Skiptir álit annarra máli?

Ísland í augum Öpruh Winfrey

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

15% afsláttur á Voltaren Dolo frá 13.-24. maí



Voltaren Dolo

FLJÓTVIRKT VERKJALYF VIÐ M.A. TÍÐAVERKJUM
INNIHELDUR ENGIN ÁVANABINDANDI EFNI

Díklófenak-K 12,5 mg

FÆST ÁN LYFSEÐILS

- + **Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðapraut-um. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða eiga sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma, eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungu meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



BMW X5
Nýskr. 05.2003 2900cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 37 þ.



Hyundai Santa Fe V6
Nýskr. 04.2002 2700cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 56 þ.



Honda HR-V
Nýskr. 03.2004 1600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 21 þ.



VW Passat
Nýskr. 01.2001 1600cc,
4 dyra, bsk., ekinn 82 þ.



Hyundai Starex 4x4
Nýskr. 04.2003 2500cc,
4 dyra, bsk., ekinn 54 þ.



Nissan Primera
Nýskr. 03.2003 2000cc,
4 dyra, bsk., ekinn 33 þ.



Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

Fordómar fara úr böndunum

UMRÆÐAN
FORDÓMAR
GAGNVART
ÖRYRKJUM



SIGURÐUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

Það er öflug aðferð til að skapa andúð og fyrirlitningu að bendla hópa manna við niðrandi orð. Allir vita hvað orðið aumingi þýðir. Og aumingja eigum við víst að láta fá það alveg óþvegið hvort sem það eru öryrkjar, svertingjar eða atvinnuleysingjar. Þessi pistill Jóns Gnarr blandar saman fordómum og fyrirlitningu í garð þeirra sem búa við erfðar aðstæður í þjóðfélaginu og daðri við rasisma.

Skýrslan um það að öryrkjum hafi fjölgað á síðustu árum og að ástæðan sé ekki í öllum tilfellum læknisfræðileg skerðing á starfsorku hefur komið af stað mjög neikvæðri umræðu í þjóðfélaginu. Morgunblaðið reið á vaðið í glannalegum leiðara en enginn hefur þó gengið lengra en Jón Gnarr í pistli sínum í Fréttablaðinu 5. maí. Skýringar hans á fjölgun öryrkja eru einfaldar: „Ég held að æ fleiri notfæri sér velvild kerfisins, geri sér upp veikindi, leggist með lappirnar upp í loft og leggi ábyrgðina á sjálfum sér á kerfið. Og svo felur þetta fólk sig á bak við raunverulega öryrkja og baráttu þeirra.“

Svona verða fordómar til. Í öðru orðinu er velvild gefin í skyn í garð „raunverulega öryrkja“ en í öðru orðinu hneyklast á þeim sem „geri sér upp veikindi“. Ekki er hugsað út í það að með svona afgreiðslu eru öryrkjar sem heild gerðir tortryggilegir því þegar óorði er komið á hluta hóps er hætt við að það loði við allan hópinn. Jón Gnarr bætir um betur þegar hann segir að „öryrkja-vandamálið“ sé orðið stórvanda-

mál í Svíþjóð en 10% þjóðarinnar séu þar taldir öryrkjar. Jón segist vita fyrir víst að ekki séu þeir samt allir alvöru öryrkjar. Svíar eru í kringum 9 milljónir og meðal þeirra eru þá eitthvað um 900 þúsund öryrkjar. Jón Gnarr hefur víst gert sér sérstakt far um að kynna öllum þessum skara til að gefa af honum trúverðuga mynd. Loks klykkir hann út með því að fullyrða að umræðan um þessi mál sé sveipuð einhvers konar verndarhjupi sem minni á mál svertingja í Bandaríkjunum. Um þá megi ekkert segja nema nota ákveðin orð. Og það sé bara aumingjagæska.

Það er öflug aðferð til að skapa andúð og fyrirlitningu að bendla hópa manna við niðrandi orð. Allir vita hvað orðið aumingi þýðir. Og aumingja eigum við víst að láta fá það alveg óþvegið hvort sem það eru öryrkjar, svertingjar eða atvinnuleysingjar. Þessi pistill Jóns Gnarr blandar saman fordómum og fyrirlitningu í garð þeirra sem búa við erfðar aðstæður í þjóðfélaginu og daðri við rasisma.

Í Morgunblaðinu 2. maí segir

öryrki: „Að vera öryrki er ofboðslega neikvætt og maður verður fyrir fordómum.“ Og bætir við að margir öryrkjar skammist sín og finni til sektarkenndar sem von er. En sem betur fer hefur líka verið fjallað um fjölgun öryrkja af sanngirni og skilningi í blöðunum. Það hafa t.d. Birgir Guðmundsson, Árni Gunnarson og hagfræðingur Alþýðusambandsins gert. Þeir benda á að hér sé um samfélagslegt vandamál að ræða en ekki óheilindi einstaklinga sem vilja svinbla á kerfinu. En skýrast sést þetta í sjálfri skýrslunni um fjölgun öryrkja. Þar kemur vel fram að aðstæður atvinnuleysingja og láglænaafólks séu slíkar að það borgi sig fyrir þá að komast á örorkubætur og lítil fjárhagslegur hvatni sé til að hverfa af þeim bótum.

Skýrslan um fjölgun öryrkja ætti að verða þjóðinni áskorun um að endurskóða alla þá þætti sem þessi mál varða, meðal öryrkja, láglænaafólks og atvinnuleysingja, af samfélagslegri ábyrgð og heilindum í stað þess að láta frumstæðustu fordóma fara úr böndunum. ■

Farþegafjand-samlegt leiðakerfi

HERDÍS HELGADÓTTIR
SKRIFAR UM NÝTT LEIÐAKERFI STRÆTÓ SF.

Strætisvagnar Reykjavíkur borgar eiga 72ja ára afmæli á þessu ári. Þeim áfanga fagna ráðamenn höfuðborgarsvæðisins sem sitja í stjórn Strætó sf. með því að gjörbylta leiðakerfinu með flötum niðurskurði svo vart stendur steinn yfir steini. Nú er fokið í flest skjól hér farþegum eins og mér sem ferðast hef með þeim frá upphafi aksturs þeirra árið 1933.

Strætisvagnar Reykjavíkur urðu fyrir nokkrum árum að Strætó sf. - bus.is sameignarfélagið Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar og Mosfellsbæjar. Akstursleiðir eru 32 og verða það til 12. júní nk. Farþegar eru flestir ánægðir með núverandi kerfi þótt margir vildu að styttra væri milli ferða og ekið yrði eftir kl. 7 á kvöldin eins og á daginn. Sama má segja um aksturinn um helgar.

Í nýju áætluninni fækka akstursleiðum í 19 eins og sjá má á vefslóð bus.is (businn í skólanum), allar hraðferðir falla niður og miklar breytingar eru á öllum leiðum sem draga mjög úr þjónustu við farþega. Flestir vagnar í Reykjavík eiga nú að fara fram og aftur sömu leiðina, aðalþunginn verður á Garðastræti, Miklubraut að Kringlu og inn og niður Hverfisgötu að miðstöðinni á Hlemmi. Miðstöðin við Lækjartorg verður líklega að venjulegri biðstöð sem og þær í Árbæ og Mjódd.

Haldnir voru hverfafundir í fyrravor t.d. í Gerðubergi til að kynna nýjungarnar. Við fundargestir, íbúar Fella- Hóla- og Bakkahverfa mótmæltum því að vagnarnir hættu að aka eftir Vesturbergi, færu aðeins Austurbergið, að hringtorgi við Asparfell og snéru þar við. Einnig að vagninn okkar sem verður nr. 4 gengi ekki um Hólahverfið eins og 12 gerir nú. Hólabúar eiga að flengjast niður Selín í nýrri tölfu sem kemur úr Árbæ, fer í Mjódd og að Hlemmi. Þá lögðum við til að 900 metra gönguleið frá biðstöð í Fossvogskirkju og -garð yrði stytta. Ekki var hlustað á ábendingar okkar og því spyr sá sem ekki veit hvort fundirnir hafi aðeins verið til að sýnast? Fækka á biðstöðum og hafa yfirleitt u.þ.b. 400-500 metra gönguleiðir að þeim. Nú syrtir verulega í álinn hjá þeim sem eru haltir eða ekki færir um langar

göngur. Stöðug fjölgun láglænaafólks, öryrkja og eftirlænaafólks í landi þar sem lágmarkslaun eru 103 þús.kr. á mánuði leiðir til að þeim fjölgar sem ekki geta keypt og rekið bíl. Ekki er heldur hugsað um börn og unglinga að 17 ára aldri sem oft þurfa að sækja skóla langar leiðir.

Mér finnst mælirinn vera fullur. Þeir sem skipulögðu þetta kerfi hafa greinilega fæstir þurft að nota Strætó um dagana. Þeir hafa líka í engu horft til þess hvað gert er í stórborgum Evrópu til að draga úr notkun og mengun einkabílsins með vel skipulögðum strætisvagnaleiðum þar sem vagnar ganga alla daga á 10 mín. fresti. Í London ætlaði borgarstjórn að lækka tapreksturinn fyrir nokkrum árum og lét vagnana ganga á 20 mín. fresti. Þetta varð til að farþegar hurfu eins og dögg fyrir sólu enda höfðu þeir val á góðu neðanjarðarlestarkerfi. Borgarstjórnin neyddist til að láta vagnana aka aftur eins og áður, þ.e. á 10 mín. fresti og farþegar fylltu bílana á ný.

Stjórn þessa félags, Strætó sf., virðir í engu samfélagsskyldu sínar og talar í sífellu um taprekstur. Aldrei er rætt um taprekstur þegar kemur að árlegum menningarvikum, menningaráttum og menningarnóttum í Reykjavík og umræddum bæjarfélögum. Dýrmæt og stórkostleg hlýtur sú menning að vera sem tekin er fram yfir nauðpurftir fólks/skattborgara sem því miður eiga ekki í annað hús að venda en Strætó til að komast leiðar sinnar.

Þetta athæfi mun ekki auka vinsældir R-listans eða fulltrúanna í stjórn sf. félagsins hjá hinum bæjunum í næstu kosningum að ári. Ef til vill væri vænlegast fyrir okkur að stofna hollvinasamtök um Strætó sf. til að koma í veg fyrir að stofnunin verði lögð niður í næstu atrennu þessarar stjórnar. Ég hvet alla sem hafa aðgang að tölvu til að kynna sér nýju áætlunina á netinu og láta í sér heyra á útvarpsstöðvum og skrifa í blöðin.

Höfundur er mannfræðingur

LEIÐRÉTTING

Í jarðarfarartilkynningu í blaðinu í gær urðu þau leiðu mistök að nafn kirkjunnar sem Lovísa Rut Bjargmundsdóttir var jarðsögun frá misritaðist. Aðstandendur hennar og lesendur blaðsins eru innilega beðnir afsökunar.

Barnalán fimmtugs Kópavogsbæjar

UMRÆÐAN
AFMÆLI KÓPAVOGS



GUÐRÚN ALDA HARÐARDÓTTIR
LEKTOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Það er 11. maí, klukkan er að nálgaast hálf tíu og bærinn að vakna. Birta frá þaki Smáralindar umlykur verk leikskólabarna sem hefur verið haglega fyrirkomið. Það er dagur barnanna í dag, þetta er sýning þeirra um bæinn þeirra. Lúðrasveit byrjar að spila, áhorfendur koma sér fyrir uppi á svölum og horfa yfir breiðan og bjartan ganginn. Undir lúðrablaðstri ganga 1500 tveggja til sex ára börn í takt inn eftir göngum hússins með fánaborg í fararbroddi, um mig fer ljúf gæsaúð. Fyrir hverjum skóla ganga nokkur börn sem fánaberar með fána skólans, þar á eftir skólafélagar og kennarar. Hver leikskóli klæðist sama lit, með eins húfur eða í bolum – afmælisfötin eru merkt Kópavogsmerkinu.

Smám saman fyllast gangar Smáralindar og barnastraumurinn liggur yfir í Vetrargarðinn. Fjöldi myndavéla er á lofti til að festa brot af atburðinum á filmu, en stund sem þessi verður aldrei fyllilega skráð. Upplifun hvers og eins er ólík og einstök. Þrígga ára stúlka lítur upp á svalirnar, brosir og vinkar okkur hinum um leið og hún heldur áfram með skólanum sínum og er hluti af 1500 barna hóp. Þegar inn í Vetrargarðinn er komið setjast börnin á gólf, hver skóli fyrir sig. Þegar þau hafa sest kemur í ljós að saman mynda þau mynstur sem líkist sólagæisum. Börnin eru sest og mynda hálfhring, áhorfendur mynda hálfhring á móti og sviðið er mitt á milli þessara tveggja hópa.

Fimmtán hundruð leikskólaborn syngja saman hátt og skýrt, ég sé nokkra stjórnmalamenn yfirgefa svæðið eftir að hafa hlustað á á eitt lag, spyr mig hvort það hafi verið vegna áhugaleysis, eirðarleysis eða að annað mikilvægara hafi beðið þeirra – erfitt að segja. Börnin syngja og lögin eru hvert öðru unaðslegra og allt í kring má sjá stolta foreldra og ættingja. Lítil stúlka stendur við hlið mér, horfir í gegnum plastvegginn á svölum og tekur undir sönginn. Að lokum syngja börnin lagið „Vertu til er vorið kallar á þig...“, en þá er setningu sýningarinnar lokið og börnin ganga út í vorið á sama hátt og þau komu inn.

Áhorfendur dreifast um svæðið og skoða sýninguna, foreldrar skoða verk barna sinna og ljósmyndir af þeim í leik og starfi. Við svæði eins leikskólans standa foreldrar og dást af kjól sem sonur þeirra saumaði ásamt níu fjögurra ára skólafélögum. Foreldrarnir snúa sér að mér og lýsa ánægju sinni yfir verkinu og segja mér frá því hve áhugasamur drengurinn hefur verið. Á veggspjaldi má sjá ljósmyndir af honum sauma bæði með nál og þræði svo og á saumavél. Móðir-in segir mér frá því að dag einn hafi drengurinn séð að það var saumspretta á bol einum heima hjá þeim, hann hafi þá sagt henni að bara ef hann fengi nál og tvinna þá gæti hann alveg lagað bolinn.

Foreldrarnir halda áfram og segja mér frá því að drengurinn hafi miðlað einu og öðru um verkefnið til þeirra eins og því að þegar saumað sé á saumavél þá verði að stíga létt á pedalann, annars saumi maður of hratt. Stoltir foreldrar halda áfram að skoða sýninguna og segjast hlakka til að fara aftur seinnipart dagsins, og þá með drengnum. ■

Vaxtalaust verðhrun

Dupen rúmin og svefnsófar fást eingöngu í Hagkaupum
Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika



VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá á mánuði	stgr.
90 x 200	2.999[*] _{kr}	35.988.-
120 x 200	3.999[*] _{kr}	47.988.-
150 x 200	4.999[*] _{kr}	59.988.-
180 x 200	5.999[*] _{kr}	71.988.-
Stillanleg rúm	5.999[*] _{kr}	71.988.-

Svefnsófar í úrvali

Vaxtalaust
tilboð
2.999^{*}_{kr}
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 29.990.-



Klikk klakk svefnsófi
• Með hágæða dýnu og hágæða botni

Vaxtalaust
tilboð
1.999^{*}_{kr}
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 19.990.-



Gestarúm/sófi
• 3 mismunandi stillingar
Einnig fánlegt í dökkbláu.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.986* +0,79% Fjöldi viðskipta: 203 Velta: 876 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Hampiðjan
Burðarás
Landsbankinn

MESTA LÆKKUN

↓ Flaga
Bakkavör
FL Group

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,30 – ... Atorka 6,10 +0,83% ... Bakkavör 33,50 -0,59% ... Burðarás 13,80 +2,60% ... FL Group 14,35 -0,35% ... Flaga 5,06 -0,78% ... Íslandsbanki 13,05 +0,77% ... KB banki 523,00 +0,58% ... Kögun 62,50 – ... Landsbankinn 16,20 +1,89% ... Marel 55,80 – ... Og fjarskipti 4,23 +0,71% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,40 – ... Össur 79,50 –

*Tölur frá kl. 15.10 í gær. Nánar á Vísir.

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Peningaskápurinn...

Búnir fyrir öll veður

Á morgunverðarfundum Landsbankans um eignaverðbólgu á Íslandi var Ragnar Önnundarson, framkvæmdastjóri Kreditkorts ehf., í pallborði. Hann vitnaði til 100 ára gamals leiðara í The Economist og sagði að bankamenn væru eins og menn sem vilji lána þér regnhlíf í sólskinu. Um leið og byrji að rigna vilji þeir fá hana aftur. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans,



var ekki að lengi að svara þessari ásökun og sagði þetta hafa viðgengist í gamla bankakerfinu. Í dag eigi Landsbankinn bæði sólhlíf og regnhlífir. Miðað við kappið í bönnunum er þess varla langt að biðja að sólvörn og regngallar verði líka í boði.

Áhuginn verðmætari en tæknin

Þegar rætt er um nýsköpun hættir mörgum við að einblína á tæknimenntun. Rögnvaldur Sæmundsson kynnti frumkvöðlaskýrslu GEM þar sem borið er saman umfang frumkvöðlastarfs milli landa. Rögnvaldur benti á að þegar hann var að hefja verkfræðináms hefðu ýmsir býsnast yfir öllu því fólki sem færi í kvikmyndaðgerð. Engin þörf væri fyrir allt þetta fólk í landi sem gerði eina bíómynd á ári. Raunin væri hins vegar sú að fólk sem hefði brennandi áhuga á því sem það menntaði sig til fyndi sér farveg og kvikmyndaðnaður hefði blómstrað hér á landi. Jafnvel svo að skortur væri á fagmönnum í greininni. Það skipti því mestu að fólk fylgdi áhuga sínum og skapaði sér verkefni í framhaldinu. Þess má geta að auk innlendra bíómynda hefur íslenskt kvikmyndagerðarfólk haft nokkuð að sýsla vegna erlendra verkefna hér á landi, auk þess sem margir starfa við hið upprennandi fyrir-tæki Latabæ.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Hagnaður **FinnAir** fyrir skatta og fjármagnsliði á fyrsta ársfjórðungi var 18,7 milljónir evra – um 1,6 milljarðar króna – sem er töluvert umfram það sem búist var við.

Vörur voru fluttar inn fyrir 22 milljarða króna í apríl. Þetta er átján prósent aukning miðað við í fyrra. Þessar tölur komu fram í **Vefriti fjármálaráðuneytisins**.

Hagnaður **Tryggingamiðstöðvarinnar** á fyrsta ársfjórðungi var 1,4 milljarðar króna, samanborið við 1,1 milljarð á sama tíma í fyrra.

Jarðboranir högnuðust um 136 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi. Á fyrsta fjórðungi í fyrra nam hagnaðurinn 80 milljónum.



HALLDÓR BENJAMÍN ÞORBERGSSON, ÞÓR SIGFÚSSON OG BJARNI ÁRMANNSSON Ísland lækkar um tvö sæti, fer úr fimmtánda í sautjándra.

Skilvirkkt viðskiptalíf

Samkeppnishæfni Íslands batnar og er nú hin fjórða besta í heimi.

Ísland er í fjórða sæti á lista yfir samkeppnishæfni sextíu þjóða en var í því fimmta í fyrra. Bandaríkin eru efst, svo koma Hong Kong og Singapur. Íslenskt viðskiptaumhverfi er það næstskilvirkasta í alþjóðlegum samanburði.

Þetta kemur fram í könnun sem IMD-viðskiptaháskólinn í Sviss hefur staðið árlega fyrir síðan 1989. Verslunarráð Íslands kynnti niðurstöður könnunarinnar

í fyrradag. Halldór Benjamín Þorbergsson segir niðurstöðuna í heild mjög jákvæða fyrir íslenskt efnahagslíf.

Hátt hlutfall fjárfestinga Íslendinga erlendis sem hlutfall af landsframleiðslu, lítið skrifræði og lágt hlutfall atvinnulausra eru meðal þátta sem hafa jákvæð áhrif á niðurstöðuna.

Sé horft til heildarskatttekna hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu er Ísland í 47. sæti. Það þýðir að 46 þjóðir eru með lægra hlutfall heildarskatta og dregur það Ísland niður í samanburðinum

– bg


Gengi krónu hríðlækkar

Bandaríkjadalur heldur áfram að styrkjast og er kominn í 66 krónur. Spáð er frekari lækkun krónunnar á næstunni.

Gengi krónunnar hefur verið að gefa verulega eftir síðustu daga. Um miðjan dag í gær stóð gengisvísitalan í 116,5 stigum og hafði hún því veikt um 1,2 prósent frá deginum áður. Þessi veiking kemur í kjölfar verðbólguþátta sem sýna að verðbólga fer minnkandi. Hún mælist nú 2,9 prósent á ársgrundvelli í stað 4,3 prósent á og eru þar með minni líkur á því að Seðlabankinn hækki vexti á næstunni. Hefur krónan veikt um þrjú prósent frá síðustu mánaðamótum en um 8,5 prósent frá því að hún náði hæsta gildi 21. mars síðastliðinn.

Frá síðustu áramótum hafa allir helstu gjaldmiðlar styrkst gagnvart krónunni nema sænska krónan. Bandaríkjadalur hefur styrkst mest eða um 6,7 prósent og kostar hann yfir 66 krónur. Fara þarf aftur til 24. nóvember til að finna dalinn jafn hátt skráðan. Pundið hefur svo styrkst næstmest frá áramótum eða um 4,5 prósent.

Íslandsbanki spáir enn frekari lækkun á gengi krónunnar á næstu misserum. Fréttir af miklum halla á viðskiptum við útlönd og yfirskot krónunnar í mars



GJALDEYRISMARKAÐUR Krónan byrjaði að lækka flugið í lok mars og hefur fallið skarpt undanfarna daga. Spáð er frekari lækkun á gengi krónunnar vegna mikils viðskiptahalla.

skýra að miklu leyti lækkanir síðustu daga að mati bankans. Í febrúar spáði bankinn að krónan gæti lækkað um 20 prósent en þá var vísitölugildi hennar 110

(krónan veiktist þegar vísitalan hækkar). Gengisvísitalan gæti því farið upp í 130 stig áður en hún kemst í jafnvægi.

eggert@frettabladid.is



Tæknifræði í Háskólanum í Reykjavík:

Fjölbreytt tækifæri og framtíðarmöguleikar

Það sem er best að mínu mati, við það nám sem ég stunda núna, er praktísk tenging við vinnumarkaðinn, víðtæk starfsréttindi að loknu námi og frábær bekkjarstemning.

Þorvaldur Konráðsson,
nemandi í byggingartæknifræði.

Háskólinn í Reykjavík býður framúrskarandi nám í tæknifræði, sem byggir á traustum grunni tæknifræðináms sem kennt hefur verið við Tækniháskóla Íslands.

Full starfsréttindi eftir krefjandi nám í þrjú og hálf ár.

Tækifæri til að halda áfram námi og taka MSC gráðu í tæknifræði eða verkfræði.

Byggingartæknifræðingar starfa við hönnun mannvirkja og stjórnun framkvæmda.

Rafmagnstæknifræðingar starfa við hönnun og smíði raforkukerfa og rafeindabúnaðar, auk eftirlits, þróunar og stjórnunar.

Véltæknifræðingar starfa við hönnun, þróun, eftirlit og stjórnun svo sem við virkjun vatnsorku, jarðvarma og nýtingu vetnis.

Frestur fyrir umsóknir er til 27. maí

Opið fyrir umsóknir núna á www.ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

FABRIKAN



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR GREININGARDEILDAR LANDSBANKANS Ekki skrítið að skuldir heimilanna aukist við þessar aðstæður.

Verðhækkanir hafa étið upp hagræði

Mánaðarleg greiðslubyrði íbúðalána er hærri þótt vextir séu lægri.

Stór hluti nýrra kaupenda er verr staddur í dag en fyrir innkomu bankanna á íbúðalánamarkað. Þetta kom fram í máli Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans, á morgunverðarfundum bankans. Hún sagði að fyrir breytingar á lánamarkaði hefði stór hluti fólks

átt rétt á 90 prósent lánum og sá hópur væri verr staddur í dag. „Verðhækkanir hafa þegar étið upp hagræði.“

Edda sýndi dæmi um kaup á 65 fermetra íbúð nú á fyrsta ársfjórðungi og fyrir ári síðan, þá kostaði hún 9,5 milljónir en nú 11,9 milljónir. Mánaðarleg greiðslubyrði er 46.900 í stað 43.553 króna áður. Greiðslan á mánuði er því 7,5 prósentum hærri, þrátt fyrir lægri vexti.

– dh

Sólarupprás

Hádegir

Sólarlag

REYKJAVÍK

4.19

13.24

22.32

AKUREYRI

3.46

13.09

22.35

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 13. maí, 133. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Kennarinn segir að heilinn á mér sé á röngunni. Hann sogar allt í sig og segir það svo aftur á bak.

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 6

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á [visir.is](#)

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL **TILBOÐ** o.fl.

allt

tilboð o.fl.

Stafrænar vélar á hálfvirið

BLS. 5

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Doddi er ekki mikið fyrir grænmetið þó að samstarfsmennirnir á Kiss FM 89,5 fylli ísskápin af því í hverri viku.

Óæt humarsúpa í öll mál

Þórður Helgi Þórðarson, dagskrárgerðarmaður og hljóðvinnslumaður á Kiss FM 89,5 er ekki jafn mikill kokkur og hann er matmaður.

„Ég er eiginlega bara afleitur í eldhúsinu, sem sannaðist best um daginn þegar ég var að flytja og tæma frystinn,“ segir Þórður, kallaður Doddi. „Í ljós komu tveir pokar af humri í frystinum svo ég ákvað að gera eitt-hvað meiriháttar úr honum. Ég eyddi fimm klukkutímum í þetta og árangurinn var versta súpa í heimi, sem allir neita að að borða, en verður samt í öll mál þangað til hún klárast. Maður hendir ekki humar,“ segir Doddi ákveðinn.

Doddi var vanur að leita til ömmu sinnar og afa þegar hann þurfti ráðleggingar við í matreiðslunni, en nú eru þau bæði fallin frá.

„Ég fékk einhvern tíma humaruppskrift hjá ömmu, en ég mundi hana greinlega ekki nógu vel. Svo var þessi humar nú ekki alveg fyrsta flokks heldur.“

Doddi er mikill matmaður en borðar

ekki sérstaklega hollan mat. „Mér finnst skyndibitinn bestur og svo auðvitað góðar steikur með feitum sósam. Nú er runninn upp tíminn þegar allt er grillað, það liggur við að cocoa-puffsinu sé hent á grillið á morgnana. En ég er ekki einu sinni mjög velkominn við grillið. Mig langaði alveg að vera svona karl sem er alltaf að snúa við steikum í garðinum en konan mín treystir mér greinilega ekki nógu vel og sér um grillið sjálf.“

Doddi er með morgunþátt milli sjö og tíu á morgnana á Kiss FM 89,5 og svo spilar hann danslög á sömu stöð á laugardagskvöldum.

„Ég er einn í morgunþættinum en með nokkra fasta pósta. Þetta eru sérfræðingar í tisku, rómantík og erótík og svo er ég með stelpu sem hefur ekkert vit á fótbolta sem sér um enska boltann. Danslögin á laugardagskvöldum eru stuðlög síðastliðinna tíu ára og nú þegar ég er laus við samkeppnina frá Gísli Marteini og Spaugstofunni býst ég við að landsmenn séu bara límdir við danslögin.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í tilboðum

Markaðsstemming er í sölu-tjaldi Intersport á Bíldshöfða sem nú rýmir fyrir nýjum vörum í verslun sinni. Þar er almennur fatnaður eins og bolir, buxur og peysur á bæði dómur og herra á stórlækkuðu verði og allar gerðir af íþróttaskóm. Í dag er allt á hálfvirið og á morgun verður 70% afsláttur af því sem eftir verður. Tjaldið opnar klukkan 12 báða dagana.

Hringborð, sófaborð, blaðaborð og margir fleiri eigulegir hlutir eru nú á sumartilboði í versluninni 1928 sem er til húsa á Laugavegi 20 og Auðbrekku 1. Allt að 70% afsláttur er á vörum en 50% er samt algengari. Sem dæmi um verðlækkun má nefna sófaborð sem áður kostaði 19.500 en fæst nú á 9.000 kr. og lítið borð með hvítri rós og blaðagrind undir er nú á 3.900 kr. en kostaði 7.900 kr. fyrir lækkun.



tilbod@frettabladid.is

BEST BUY

®

PREMIER

EE

ENERGY EFFICIENT

Pín eigin heilsulind!

HotSpring®

Portable Spas

Bandrískir hágæða pottar

Nú er rétti tíminn til að panta HotSpring rafmagns nuddpottinn vegna hagstæðs gengis dollarans

Vista® Spa

6 manna

2,5 x 2,31

hæð 97 sm

Grandee® Spa

7 manna

2,54 x 2,31

hæð 97 sm

Envoy® Spa

5 manna

2,36 x 2,26

hæð 91 sm

Vanguard® Spa

6 manna

2,20 x 2,20

hæð 91 sm

Sovereign® Spa

6 manna

2,03 x 2,36

hæð 84 sm

Prodigy® Spa

5 manna

1,88 x 2,21

hæð 84 sm

Jetsetter® Spa

3 manna

2,08 x 1,57

hæð 74 sm

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Bolholti 4 • 105 Reykjavík

Sími 568 0340 • www.isleifur.is

Bakaðar kartöflur

Kartöflur sem settar eru í álpappír inn í ofn bakast ekki heldur soðna. Þess vegna á alls ekki að setja þær í álpappír heldur setja þær inn berar á ofnplötu en stinga fyrst á þær nokkur göt með gaffli til að hleypa vökvanum út.



LINDEMANS: Klassa kassavín

Vínin frá Lindemans eru framleidd í sex flokkum sem innihalda meira en 60 tegundir af léttvíninum en þetta er í fyrsta skipti sem Lindemans-kassavín fást hér á landi.



Lindemans Shiraz /Cabernet kemur frá Suður Ástralíu, og eru hér tvær þrúgur notaðar. Hluti af

víninu er geymt á eik áður en það er sett í kassa sem hefur mjög góð áhrif á vínid. Þetta er vín sem enginn verður svikinn af. Fyrsta sending er að verða uppseld í Vínbúðum og greinilegt að Íslendingar voru að biða eftir gæðavinum í kössum. Stórgott vín með nautakjöti, léttum grilluðum kjötréttum sem og pasta.

Lindemans Chardonnay-vínið er frá besta svæði suður-Ástralíu og er þetta einnar þrúgu vín úr chardonnay sem nýtur gríðarlegrar hylli Íslendinga. Hluti af þessu víni er einnig geymdur á eik fyrir átöppun. Þurt vín sem passar einkar vel sem fordrykkur, með austurlenskum mat, fiskréttum sem og salati. Nánar má fræðast um vínin á www.lindemans.com. Verðið í kassa jafngildir því að hefðbundin flaska kostaði 900 kr.

Fást í Heiðrónu og Kringlunni og kosta 3.600 kr. í 3 lítra kössum.

Ferskur, mildur og tælandi

Nú er uppskerutími aspasins, en þetta góða grænmeti var í eina tíð bara fyrir fína fólkið en er nú öllum aðgengilegt.

Asparagus, eða aspas eins og við köllum hann, hefur stundum fengið viðurnefnið „konungur grænmetisins“. Aspasinn, sem er mildur og tælandi á bragðið, ber í sér von um hjarta og sól-ríka daga, rétt eins og vorið sjálft.

Uppskerutími aspasins stendur nú sem hæst og nær hámarki síðustu vikuna í júní. Framleiðendur hafa þó vegna vinsælda hans tekið tæknina í sína þjónustu og lengt uppskerutímann, sem hefst í sumum tilfellum í mars eða byrjun apríl.

Aspas er af ljublómaætt og var fyrst vinsæll meðal Grikkja og Rómverja á fyrstu öld eftir Krist. Hann hefur dottið úr og í tísku gegnum aldirnar, en hefur trúlega aldrei verið vinsælli en undanfarna áratugi. Lengi vel var aspas álitinn grænmeti ríka fólksins, en nú er hann öllum aðgengilegur á viðráðanlegu verði.

Breyttur lífsstíll undanfarna ára hefur líka kynt undir vinsældir hans því aspasinn er sneisafullur af steinefnum og vítamínum og inniheldur nánast ekkert af fitu og kolvetnum.

Veljið aspas sem er þéttur og ekki farinn að opna sig, þá er hann ferskastur. Skerið hörðu endana af.

Aspas fer sérlega vel með smjöri, osti og eggjum. Hann er líka ljúffengur með hverskyns kryddi og mildum mat eins og kjúklingum og fiski. Svo er einfaldlega hægt að snöggsjóða hann og borða með bráðnu smjöri eða hollandaise-sósu. ■



Ferskur aspas á ítalska vísu

1 búnt ferskur aspas
Mossarellaostur
1/2 bolli góð olífuolía
1/4 bolli vatn
1/4 bolli tarragonedik
salt og pipar eftir smekk

Skerið aspasinn í bita og sjóðið þangað til hann er mjúkur en stökur. Blandið saman olífuolíu, vatni og ediki í lítinn pott og sjóðið í fimm mínútur. Hellið yfir aspasinn og bætið við salti og pipar og stráði osti yfir. Smakast vel með hollandaise-sósu.

Salat með ferskum aspas, spináti og jarðarberjum

500 g aspas, skorinn og snöggsóðinn
500 g spinat
300 g jarðarber, skorin
1 bolli valhnetur, skornar og ristaðar
3 msk. edik
4 msk. olífuolía
pipar og salt

Aspasinn, jarðarberin og spinatið fara í skál ásamt valhnetunum. Blandið saman ediki, olífuolíu, pipar og salti og hrærið öllu varlega saman. Berið strax fram. Sérlega ljúffengt með grilluðum fiski og kjúklingum.



Góð hugmynd að spennandi máltíð

Kjúklingaréttur með E. Finnsson Salome grillsósu

- 4 kjúklingabringur
- 1 krukka E. Finnsson SALOME grillsósa
- 1 dl sojasósa
- 3 msk aprikósumarmelaði
- 1 dl bjór, léttbjór eða eplasíder.

Kjúklingabringurnar eru settar í eldfast mót. Hrærið saman Salome grillsósunni, sojasósunni, bjórnum og marmelaðinu og hellið yfir kjúklinginn. Rétturinn er bakaður í ofni við 180°C í 40 mínútur. Borið fram með soðnum hrísgrjónum, fersku salati og nýbökðu brauði eða íslenskum kartöflum og fersku grænmeti.

Salome grillsósuna má einnig nota til að pensla grillkjöt og sem krydd í hverskyns matargerð.

Verði ykkur að góðu!



VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

BAVARIA: Hollendingurinn fljúgandi

Hollenski bjórinn Bavaria þykir ein bestu kaupin miðað við verð og gæði í Vínbúðunum. Bavaria Premium er kominn í 13. sæti þeirra vara sem gefa Vínbúðunum mesta framlegð sem segir sína sögu um ánægjustuðul landans gagnvart bjórnum!

Bavaria er einn vinsælasti bjór Hollendinga en Bavaria framleiðir 500 milljónir lítra ár hvert og er önnur stærsta bjórverksmiðja Hollands. Bavaria hefur verið einna þekktastur fyrir ferskt bragð og mjúkan keim og er það þakkað því að fyrirtækið framleiðir sitt eigið malt til framleiðslunnar og notar eingöngu lindarvatn. Innflytjendur Bavaria hér á landi hafa haldið áfram að fylgja þeirri stefnu að bjóða Bavaria Premium á hagstæðu verði þrátt fyrir ofuráfengistolla ríkisins. Bavaria hefur það fram yfir marga bjóra að hann er enn í 5 prósentum, til samanburðar við marga sem hafa lækkað sig í áfengismagni á kostnað gæða.



Bavaria Premium er fáanlegur í 500 ml dós á 179 kr.
330 ml dós á 129 kr. og 330 ml flösku á 149 kr.



FISKBÚÐIN HAFBERG

TILBOÐ
Nýr skötuselur
Aðeins 1290 kr.kg

Stór humar
Sigin grásleppa

Opið frá 10-18:15

GNÓÐARVOGI 44

fiskbúð sælkerans!

Frá Dr. Gillian McKeith

Living Food
Energy duft
fyrir súper heilsu

Living Food Energy er súperfæða sem skilar sér í bættari heilsu og meiri orku

Fæst í apótekum og heilsubúðum



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR PARTÍMAT

BABA GANOUSH með pítuflögum

Það er alltaf vel þegið að fá nýjar uppskriftir að partímat. Þessi ljúffenga ídýfa er ættuð frá Mið-Austurlöndum. Hún kemur á óvart og staldrar stutt við á veisluborðinu. Pítuflögurnar eru svo auðvitað tær snilld!

3 eggaldin	salt og pipar og ferskt blóðberg til skreytingar	
1 hvítlauksgeiri		
25 g hakkaðar möndlur		
4 msk tahini mauk (sesamsmjör)		
safi úr 1½ sitrónu		
1½ tsk. malað kumin	Pítuflögur	6 pítur
2 msk. fersk mynta		3 msk. sesamfræ
2 msk. ólífuolía		3 msk. birkifræ
		3 ms.k ferskt blóðberg
		1 og 1½ dl ólífuolía

Byrjið á því að útbúa pítuflögurnar. Skerið píturnar í tvennt eftir endilöngu þannig að úr hverri verði tvær þunnar kökur. Setjið fræin og saxað blóðberg í mortel. Merjið allt örlítíð til að losa um keiminn. Penslið píturnar (innhliðarnar) með ólífuolíu og stráið fræblöndunni yfir. Bakið píturnar í heitum ofni þar til þær verða gullnar og stökkar. Kælið og brjótið svo píturnar gróft.

Grillið eggaldinin (passið að pikka í þau með prjóni svo þau springi ekki). Snúið þeim oft á grillinu og grillið í um 20 mínútur eða þar til skinnið er orðið vel dökkt og kjótið mjúkt. Takið eggaldinin af grillinu og flettið hýðinu af og saxið kjótið í grófa bita.

Setjið kjótið í sigti og látið vökvann renna vel af. Setjið eggaldinkjöt-ið því næst í matvinnsluvél ásamt hvítlauk, hökkuðum möndlum, tahini-mauki, sitónusafa, kúmindufti. Maukið og salti síðan og piprið eftir smekk. Saxið myntulaufin og hrærið út í blönduna. Setjið Baba ganoush blönduna í skál, dreifið nokkrum myntu- og blóðbergslaufum yfir og hellið að síðustu ólífuolíu yfir allt. Skóflið upp með pítubrotunum.

Girnilegar gúrkur

GÚRKUR MÁ NOTA TIL ANNARS EN AÐ STÝFA ÞÆR ÚR HNEFA OG BRYTJA Á BRAUÐ.



Gúrkupastasósa
Köld pastasósa sem gott er að skella út á sjóðheitt pasta. Hún geymist í fáeina daga í ísskápnum og svo má líka frysta hana.

1 íslensk gúrka, lítil
3 íslenskir tómatar
1-2 íslenskar gulrætur
hnefayflli af spinati
1-2 hvítlauksgeirar, saxaðir
3 cm bútur af engifer, saxaður
1½ knippi íslensk basilíka
safi úr 1½ sitrónu
3 msk. ólífuolía
nýmalaður pipar og salt

Gúrka, tómatar og gulrætur skorið í bita og sett í matvinnsluvél ásamt öllu hinu. Maukið og smakkið til með pipar og salti. Sósan er góð á hvers kyns pasta og það má líka nota hana til dæmis með fiski eða kjúklingi.



Austurlenskur gúrkuréttur
Þessi réttur er súrsætur og ljúffengur.

1 íslensk gúrka
15 cm bútur af blaðlauk (hvíti hlutinn)
1 íslensk paprika
1½ chilialdin, eða eftir smekk
3 msk. olía
1 lítil dós ananas í bitum
2 msk. ostrusósa
1 msk. sojasósa
1-2 msk. salthnetur (má sleppa)

Gúrkan skorin í bita, þeir settir í sigti og dálitlu salti stráð yfir. Látnir standa nokkra stund en síðan eru bitarnir skol-aðir og þerraðir á eldhúspappir. Blað-laukurinn skorinn í ræmur, paprikan fræhreinsuð og skorin í bita og chili-aldinið saxað smátt. Olían hituð á pönnu og blaðlaukurinn steiktur við meðalhita í nokkrar mínútur. Gúrkum, papriku og chili bætt á pönnuna, steikt áfram í nokkrar mínútur og hrært oft á meðan. Ananasinn er svo settur á pönn-una ásamt safanum úr dósinni, ostrusósu, sojasósu og salthnetum, og látið malla þar til ananasinn er heitur í gegn. Smakkað til og borið fram heitt, til dæmis með hrísgrjónum eða núðlum.

CANEPA: Chile-vín loks í kössum

Það kom að því að unnendur Canepa á Íslandi gætu loks fengið uppáhaldsvínið sitt í kössum. Jose Canepa var ítalskur innflytjandi sem hóf vínrækt í Chile árið 1930 og varð fljótí einn virtasti framleiðandi landsins. Canepa-vínin eru þekkt fyrir stöðugleika í gæðum og að endurspeglu það sem bæði þrúgan og jarðvegur-inn hafa upp á að bjóða á þeim svæðum sem vínin eru ræktað. Í boði eru tvær tegundir, annars vegar rauðvínin úr cabernet sauvignon þrúgunni og hins vegar hvítvín sem er blanda af semillon og chardonnay. Bæði vínin tilheyra Varietals-línunni en það er sú lína sem er hvað vinsælust hérlandis.



Canepa Semillion Chardonnay
Ef fólk er að leita að fersku, ávaxtaríku og ljúfu hvítvíni þá er þetta vínið. Ákaflega sjaldgæft að jafn gott hvítvín sé í boði í kössum. Vín sem gengur með öllum fiski, ljósu kjöti, salötum eða eitt og sér.

Canepa Cabernet Sauvignon
Hefur bæði mykt og bragð sem einkennir gott cabernet en er samt kröftugt með vott af eik. Vínið býður upp á allt sem okkur Íslending-um finnst gott við Chile-vínin, ljúft bragð en góðan kraft. Vín sem smellur með grillkjötinu eða bara til að njóta eitt og sér.

Fæst í Heiðrúnu og Kringlunni og kostar 3.390 kr.

Verð í Vínbúðum 3.190 kr.

Jarðarber eru góð í salatið

ÞÓTT JARÐARBER SÉU EINKUM NOTUÐ Í EFTIRRÉTTI ÞÁ ERU ÞAU LÍKA KJÖRIN TIL AÐ SKREYTA OG BRAGÐBÆTA AÐALRÉTTI.

200 g reyktur lax
1 paprika
1 höfuð jöklasalat
3 dl soðin pastafiðrildi
2 harðsoðin egg
Ristaðir brauðteningar.

Út á salatið er kjörið að setja sósu úr vinediki. Hún er búin til úr nokkrum hundasúrum, olífuolíu, sitrónusafa,

1½ teskeið af sykri, salti og pipar. Sósa sem þessi verður enn betri ef hún er látin standa í nokkra stund áður en henni er hellt yfir salatið. Raðið salatinu fallega á fat og hellið sósunni varlega yfir. Þá er loks komið að jarðarberjunum en þau gefa salatinu fallett yfirbragð. Raðið þeim ofan á salatið ásamt niðursneiddri steinselju.





Stálpottasett á góðu verði
Brúðhjónalistar og gjafakort



búsáhöld

KRINGLUNNI

S í m í : 5 6 8 6 4 4 0 | b u s a h o l d @ b u s a h o l d . i s



Réttir kvöldsins

Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

Forréttur	verð f/ einréttu	verð f/ þriggja rétta máltíð
Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði	kr. 850	
Aðalréttir		
Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.950	kr. 3.890
Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.980	kr. 3.890
Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 3.150	kr. 3.990
Eftirréttur Súkkulaðifraud	kr. 690	

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Raudarárstíg 27 www.madonna.is

PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA

NÝTT

MEIRA Á MILLI

Nýjar matarmiklar samlokur í innsigliðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.



SÓMI FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI



www.somi.is

allt

tilboð

o.fl.

Íslenskar agúrkur
í Fjarðarkaupum eiga toppsætið á tilboðstöflunni þessa viku. Kílóíð lækkar
úr 279 krónum í 89 og það telst vera kostaboð.

70%

Sico gæðasmokkar,

öruggir, ódýrir, handhægir. Finndu þann sem hentar þér:

Fást í helstu lyfja-
verslunum um land
allt, fæst einnig í
Amor, Videoheimar
Faxafeni, Allt í Einu
Jafnaseli, Söluturn-
inn Miðvangi, Bæj-
arvideo, Foldaskál-
inn og Bíó Grill.



-Grip
-Extra strong
-Ribbed
-Pearl
-Safety
-Sensitive
-Color
3 og 9 stykkja
pakkingar

Kínaskór! Tilboð



EITT PAR KR. 1290-
TVÖ PÖR KR. 2000-

Litir: rauðir, bleikir, túrkis,
orange, grænir, svartir og
hvítir.

Einnig mikið úrval af
skóm með kínamunstri
Ný sending af blóma-
skóm kr. 990-

Barna- og dömustærðir

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Sendum í póströfu

Levante sokkabuxurnar fást á eftirtöldum stöðum:
Hagkaup Kringlunni, Skeifan, Smáralind, Spöngin og
Akureyri, Lyfja og Lyrí og heilsa, Perlusól Egilsstaðir,
Apótekið Vestmannaeyjum, Siglufjarðar Apótek, Silfur-
torg Ísafirði og Sauðarkróks Apótek.

Jói Fel

FABRIKAR

Brownies
að hætti Jóa Fel

- stökkt að utan, mjúkt að innan

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10-18. Sun. 12-18.

SPAR Bæjarlind	<table><tr><td>Vörutegund:</td><td>Tilboðsverð</td><td>Verð áður</td><td>Eininga-, kíló- og lítraverð</td><td>lækkun í %</td></tr><tr><td>Lambakjöt 1/2 skrokkur, frosið</td><td>559</td><td>678</td><td>559</td><td>20</td></tr><tr><td>Lamba Prime flokkur F+</td><td>1.348</td><td>2.450</td><td>1.348</td><td>45</td></tr><tr><td>Lambalæri klofin krydduð</td><td>929</td><td>1.498</td><td>929</td><td>40</td></tr><tr><td>Lamba grillsagaður frampartur</td><td>429</td><td>658</td><td>429</td><td>35</td></tr><tr><td>Lamba grillrif, krydduð</td><td>299</td><td>399</td><td>299</td><td>25</td></tr><tr><td>Mc Cain maistönglar 8 stk.</td><td>259</td><td>329</td><td>32</td><td>20</td></tr><tr><td>Doritos Salsa Chili Cheese 304 g</td><td>238</td><td>298</td><td>784</td><td>20</td></tr><tr><td>Doritos Nacho Cheese 200 g flögur</td><td>198</td><td>259</td><td>990</td><td>25</td></tr><tr><td>Pepsi Max 50 cl dós</td><td>49</td><td>89</td><td>98</td><td>45</td></tr><tr><td>Vanillukremkex 500 g</td><td>169</td><td>229</td><td>338</td><td>25</td></tr><tr><td>Súkkulaðikremex 500 g</td><td>169</td><td>229</td><td>338</td><td>25</td></tr><tr><td>Te og kaffi Java Mocca malað 400 g</td><td>398</td><td>479</td><td>995</td><td>15</td></tr><tr><td>Te og kaffi Java Mocca baunir 400 g</td><td>398</td><td>479</td><td>398</td><td>15</td></tr></table>	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %	Lambakjöt 1/2 skrokkur, frosið	559	678	559	20	Lamba Prime flokkur F+	1.348	2.450	1.348	45	Lambalæri klofin krydduð	929	1.498	929	40	Lamba grillsagaður frampartur	429	658	429	35	Lamba grillrif, krydduð	299	399	299	25	Mc Cain maistönglar 8 stk.	259	329	32	20	Doritos Salsa Chili Cheese 304 g	238	298	784	20	Doritos Nacho Cheese 200 g flögur	198	259	990	25	Pepsi Max 50 cl dós	49	89	98	45	Vanillukremkex 500 g	169	229	338	25	Súkkulaðikremex 500 g	169	229	338	25	Te og kaffi Java Mocca malað 400 g	398	479	995	15	Te og kaffi Java Mocca baunir 400 g	398	479	398	15
Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %																																																																			
Lambakjöt 1/2 skrokkur, frosið	559	678	559	20																																																																			
Lamba Prime flokkur F+	1.348	2.450	1.348	45																																																																			
Lambalæri klofin krydduð	929	1.498	929	40																																																																			
Lamba grillsagaður frampartur	429	658	429	35																																																																			
Lamba grillrif, krydduð	299	399	299	25																																																																			
Mc Cain maistönglar 8 stk.	259	329	32	20																																																																			
Doritos Salsa Chili Cheese 304 g	238	298	784	20																																																																			
Doritos Nacho Cheese 200 g flögur	198	259	990	25																																																																			
Pepsi Max 50 cl dós	49	89	98	45																																																																			
Vanillukremkex 500 g	169	229	338	25																																																																			
Súkkulaðikremex 500 g	169	229	338	25																																																																			
Te og kaffi Java Mocca malað 400 g	398	479	995	15																																																																			
Te og kaffi Java Mocca baunir 400 g	398	479	398	15																																																																			
BÓNUS	<table><tr><td>Vörutegund:</td><td>Tilboðsverð</td><td>Verð áður</td><td>Eininga-, kíló- og lítraverð</td><td>lækkun í %</td></tr><tr><td>Marineraðir laxabitar</td><td>779</td><td>1.198</td><td>779</td><td>35</td></tr><tr><td>Villikrydduð lambalæri</td><td>899</td><td>1.498</td><td>899</td><td>40</td></tr><tr><td>Grillkryddaðar lambaframpartssneiðar</td><td>599</td><td>899</td><td>599</td><td>35</td></tr><tr><td>Ali svínakótilettur</td><td>1.049</td><td>1.498</td><td>1.049</td><td>30</td></tr><tr><td>Ali úrbeinaður svínahnakki</td><td>1.049</td><td>1.498</td><td>1.049</td><td>30</td></tr><tr><td>Ferskir kjúklingsbitar</td><td>299</td><td>399</td><td>299</td><td>25</td></tr><tr><td>Ferskt pokasalat 100 g</td><td>159</td><td>299</td><td>1.590</td><td>45</td></tr><tr><td>Furuhnatur 100 g</td><td>129</td><td>179</td><td>129</td><td>30</td></tr><tr><td>Mackintosh dós 907 g</td><td>699</td><td>1.399</td><td>770</td><td>50</td></tr><tr><td>Kaldar grillísur 200 g</td><td>99</td><td>159</td><td>495</td><td>40</td></tr><tr><td>Hrásalat 350 g</td><td>95</td><td>159</td><td>271</td><td>40</td></tr><tr><td>Kartöflusalat 350 g</td><td>95</td><td>159</td><td>271</td><td>40</td></tr></table>	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %	Marineraðir laxabitar	779	1.198	779	35	Villikrydduð lambalæri	899	1.498	899	40	Grillkryddaðar lambaframpartssneiðar	599	899	599	35	Ali svínakótilettur	1.049	1.498	1.049	30	Ali úrbeinaður svínahnakki	1.049	1.498	1.049	30	Ferskir kjúklingsbitar	299	399	299	25	Ferskt pokasalat 100 g	159	299	1.590	45	Furuhnatur 100 g	129	179	129	30	Mackintosh dós 907 g	699	1.399	770	50	Kaldar grillísur 200 g	99	159	495	40	Hrásalat 350 g	95	159	271	40	Kartöflusalat 350 g	95	159	271	40					
Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %																																																																			
Marineraðir laxabitar	779	1.198	779	35																																																																			
Villikrydduð lambalæri	899	1.498	899	40																																																																			
Grillkryddaðar lambaframpartssneiðar	599	899	599	35																																																																			
Ali svínakótilettur	1.049	1.498	1.049	30																																																																			
Ali úrbeinaður svínahnakki	1.049	1.498	1.049	30																																																																			
Ferskir kjúklingsbitar	299	399	299	25																																																																			
Ferskt pokasalat 100 g	159	299	1.590	45																																																																			
Furuhnatur 100 g	129	179	129	30																																																																			
Mackintosh dós 907 g	699	1.399	770	50																																																																			
Kaldar grillísur 200 g	99	159	495	40																																																																			
Hrásalat 350 g	95	159	271	40																																																																			
Kartöflusalat 350 g	95	159	271	40																																																																			
FK FJARÐARKAUP	<table><tr><td>Vörutegund:</td><td>Tilboðsverð</td><td>Verð áður</td><td>Eininga-, kíló- og lítraverð</td><td>lækkun í %</td></tr><tr><td>Svínalundur úr kjötborði</td><td>1.498</td><td>1.778</td><td>1.498</td><td>15</td></tr><tr><td>Svínakótilettur úr kjötborði</td><td>798</td><td>998</td><td>798</td><td>20</td></tr><tr><td>Svínahnakki sneiddur úr kjötborði</td><td>858</td><td>1.198</td><td>858</td><td>30</td></tr><tr><td>FK Bayonne skinka</td><td>858</td><td>1.198</td><td>858</td><td>30</td></tr><tr><td>Maiststönglar stórir 4 í pakka</td><td>298</td><td>398</td><td>74</td><td>25</td></tr><tr><td>Fjallaglóðasteik frá Fjallalambi</td><td>948</td><td>1.298</td><td>948</td><td>25</td></tr><tr><td>Fjallalambs grillæri 1/2</td><td>1.298</td><td>1.698</td><td>1.298</td><td>25</td></tr><tr><td>Íslenskir tómatar 500 g bakki</td><td>99</td><td>279</td><td>198</td><td>65</td></tr><tr><td>Íslenskar agúrkur</td><td>89</td><td>279</td><td>89</td><td>70</td></tr><tr><td>FK jurtakryddað lambalæri</td><td>959</td><td>1.599</td><td>959</td><td>40</td></tr></table>	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %	Svínalundur úr kjötborði	1.498	1.778	1.498	15	Svínakótilettur úr kjötborði	798	998	798	20	Svínahnakki sneiddur úr kjötborði	858	1.198	858	30	FK Bayonne skinka	858	1.198	858	30	Maiststönglar stórir 4 í pakka	298	398	74	25	Fjallaglóðasteik frá Fjallalambi	948	1.298	948	25	Fjallalambs grillæri 1/2	1.298	1.698	1.298	25	Íslenskir tómatar 500 g bakki	99	279	198	65	Íslenskar agúrkur	89	279	89	70	FK jurtakryddað lambalæri	959	1.599	959	40															
Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %																																																																			
Svínalundur úr kjötborði	1.498	1.778	1.498	15																																																																			
Svínakótilettur úr kjötborði	798	998	798	20																																																																			
Svínahnakki sneiddur úr kjötborði	858	1.198	858	30																																																																			
FK Bayonne skinka	858	1.198	858	30																																																																			
Maiststönglar stórir 4 í pakka	298	398	74	25																																																																			
Fjallaglóðasteik frá Fjallalambi	948	1.298	948	25																																																																			
Fjallalambs grillæri 1/2	1.298	1.698	1.298	25																																																																			
Íslenskir tómatar 500 g bakki	99	279	198	65																																																																			
Íslenskar agúrkur	89	279	89	70																																																																			
FK jurtakryddað lambalæri	959	1.599	959	40																																																																			
KRÖNAN	<table><tr><td>Vörutegund:</td><td>Tilboðsverð</td><td>Verð áður</td><td>Eininga-, kíló- og lítraverð</td><td>lækkun í %</td></tr><tr><td>Móa grillaður kjúklingur kaldur kg</td><td>489</td><td>699</td><td>489</td><td>30</td></tr><tr><td>Krónu hrásalat</td><td>99</td><td>159</td><td>99</td><td>40</td></tr><tr><td>Goða Bratwurst grillpysur</td><td>637</td><td>980</td><td>637</td><td>35</td></tr><tr><td>Búrfells kindabjúgu</td><td>159</td><td>229</td><td>159</td><td>30</td></tr><tr><td>Krónuís jarðarberja</td><td>99</td><td>179</td><td>99</td><td>45</td></tr><tr><td>Krónubrauð stórt og gróft 770 g</td><td>99</td><td>129</td><td>129</td><td>25</td></tr><tr><td>Krónusúkkulaðikex 2 pk.</td><td>199</td><td>299</td><td>100</td><td>35</td></tr><tr><td>X-tra sjampó 500 ml</td><td>139</td><td>169</td><td>278</td><td>18</td></tr><tr><td>Epli Fuji</td><td>69</td><td>149</td><td>69</td><td>55</td></tr><tr><td>Maiststönglar ferskir 2 stk.</td><td>229</td><td>349</td><td>115</td><td>35</td></tr></table>	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %	Móa grillaður kjúklingur kaldur kg	489	699	489	30	Krónu hrásalat	99	159	99	40	Goða Bratwurst grillpysur	637	980	637	35	Búrfells kindabjúgu	159	229	159	30	Krónuís jarðarberja	99	179	99	45	Krónubrauð stórt og gróft 770 g	99	129	129	25	Krónusúkkulaðikex 2 pk.	199	299	100	35	X-tra sjampó 500 ml	139	169	278	18	Epli Fuji	69	149	69	55	Maiststönglar ferskir 2 stk.	229	349	115	35															
Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %																																																																			
Móa grillaður kjúklingur kaldur kg	489	699	489	30																																																																			
Krónu hrásalat	99	159	99	40																																																																			
Goða Bratwurst grillpysur	637	980	637	35																																																																			
Búrfells kindabjúgu	159	229	159	30																																																																			
Krónuís jarðarberja	99	179	99	45																																																																			
Krónubrauð stórt og gróft 770 g	99	129	129	25																																																																			
Krónusúkkulaðikex 2 pk.	199	299	100	35																																																																			
X-tra sjampó 500 ml	139	169	278	18																																																																			
Epli Fuji	69	149	69	55																																																																			
Maiststönglar ferskir 2 stk.	229	349	115	35																																																																			
bankadeildinni í sumar er á þriðjudaginn gegn KR á Árbæjarvelli. Fylkismönnum var spáð 5. sæti deildarinnar af þjálfurum og fyrirliðum en þeir geta stillt upp sínu sterkasta liði í fyrsta leik, allir leikmenn liðsins eru til í slaginn samkvæmt Ásgeiri. Björgólfur Takefusa kom til landsins í gær og á að vera í fínu standi og þá er hinn sænski Eric Gustavson allur að koma til en þegar hann kom til landsins var hann í nánast engu formi.

-egm



SVARTSÝNN Ásgeir Ásgeirsson er ekki vongóður um að Argentínumennirnir endi í herbaðum Fylkis.

Skýr smoothie

S K Y R D R Y K K U R

Nýr
Heilsudrykkur
frá KEA-skýr

Jarðarber
Sitróna

Perur
Piparminta
Epli

Swiss
Mocha



FEGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA

Kvennalið ÍR í körfunni:

Ætla að vera með í vetur

KÖRFUBOLTI. ÍR-ingar eru þessa dagana að vinna í að koma saman kvennaliði í körfuboltanum, sem fyrirhugað er að taki þátt í annarri deild Íslandsmeistarans í vetur. Það eru fyrrverandi leikmenn liðsins sem hafa frumkvæðið að stofnun liðsins, sem hefur verið eitt ár frá keppni á Íslandsmóttinu.

Þær Rakel Viggósdóttir, Eva Grétarsdóttir og Jófríður Halldórsdóttir munu allar vera að ihuga að leika með liðinu næsta vetur, en þær hafa allar spilað með ÍR áður. Félagið var síðast með lið árið 2004.



EKKI BÚINN AÐ ÁKVEÐA SIG Sverrir Þór Sverrisson, einn allra besta varnarmaður landsins, er ekki búinn að ákveða hvort hann spilar með Keflavík næsta vetur en hann ætlar að þjálfra kvennaliðið áfram.

Keflvíkingar semja til tveggja ára við Sigurð Ingimundarson og Sverri Þór:

Þjálfarar Íslandsmeistaranna endurráðnir

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar hafa gert tveggja ára samning við þjálfara Íslandsmeistaraliða sinna í körfunni en Keflavík varð eins og menn muna tvöfaldur Íslandsmeistari í karla og kvennaflokk í vetur.

Þetta var þriðja árið í röð sem Keflavík vannur tvöfalt. Sigurður Ingimundarson, sem hefur gert Keflavíkurliðið fjórum sinnum að Íslandsmeisturum, heldur áfram með karlaliðið og Sverrir Þór Sverrisson, sem stjórnaði kvennaliðinu til sigurs í 29 af 34 leikjum vetrarins, skrifaði við sama tækfæri undir tveggja ára samning.

Þetta verða því níundu og tíundu tímabilin sem Sigurður

verður við stjórnvölinn á Sunnubrautinni.

Eins og fram kemur á heimasíðu Keflavíkur þá hefur Sverrir Þór Sverrisson síðustu árin ekki viljað ákveða hvort hann leiki áfram með liðinu fyrr en nær liður hausti og svo er enn nú. Hins vegar hefur Sverrir Þór samþykkt, að svo fremi hann leiki áfram, muni hann leika með Keflavík.

Það reyndi mikið á Sverri Þór í úrslitakeppninni enda tók hann þátt í 17 úrslitaleikjum á aðeins 30 dögum auk æfinga en Keflavík vann 13 af þessum 17 leikjum og hann varð annar aðilinn á eftir Sigurði Ingimundarsyni (1993) til

þess að verða Íslandsmeistari sama árið með karla og kvennaliðum eftir að úrslitakeppnin hófst hjá konunum 1993.

Þá skrifaði Gunnar Einarsson fyrirliði einnig undir tveggja ára samning en fyrr í vetur höfðu þeir Jón Nordal Hafsteinsson og Magnús Þór Gunnarsson framlengt samninga sína við Keflavík.

Þetta eru bara fyrstu skrefin hjá stjórninni sem mun vinna áfram í því að reyna að tryggja að allir Íslandsmeistarar karla og kvenna verði áfram í félaginu eins og fram kemur í frétt á heimasíðu Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

ooj@frettabladid.is

Þjálfarar í Landsbankadeildinni eru búnir að vinna heimavinnuna sína.



ERTU BÚINN

Stigahæstu liðin eftir 6, 12 og 18 umferðir fá veglega vinninga:

AÐ STILLA UPP

Ferð fyrir tvo á leik á Englandi - PSP, nýja leikjatölvan frá Playstation

DRAUMALIÐINU

Gjafabréf frá Landsbankanum - Áskrift að Sýn

ÞÍNU Á VISIR.IS?

Aukavinningur fyrir öflugasta hópleikinn



Ný þjónusta fyrir Draumaliðsþjálfara:
BOLTAVAKTIN - allt beint af
vellingum á visir.is

visir



N á tali hjá Hemma Gunn
Sunnudaga kl. 16-18:30



UPPSKERAN Í VETUR Hólmgeir Einarsson, sem verið hefur formaður handknattleiksdeildar ÍR um árabil, hefur stigið af stóli sem formaður, en hér sést hann með uppskeru karlaliðsins í vetur en ÍR varð þá bikarmeistari í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fáið landsliðs-sætið hjá okkur

Það eru miklar hræringar hjá ÍR-ingum í handboltanum og margir leikmenn á leiðinni.

HANDBOLTI. Hólmgeir Einarsson, sem verið hefur formaður handknattleiksdeildar ÍR um árabil, hefur stigið af stóli sem formaður, en Haukur Loftsson hefur tekið við starfinu í hans stað.

Hólmgeir er þó langt í frá hætta að hafa afskipti af handboltanum í Breiðholti. Hólmgeir sagði í samtali við Fréttablaðið að það hefði lengi staðið til hjá sér að stíga af stóli, en benti á að í stjórn ÍR ríkti mikið lýðræði.

„Það er nú samt ekki síst af heilsufarsástæðum sem maður er að minnka við sig í þessu. Ég er búinn að fara í þrjár hjartapræðingar á síðustu tveimur mánuðum, svo að maður verður að fara að huga aðeins að heilsunni. Annars er nú komin upp sú staða hjá okkur í liðinu að maður getur ekkert slitið sig frá þessu,“ sagði Hólmgeir léttur í bragði.

Mikil blóðtaka

Eins og kunnugt er hefur lið ÍR orðið fyrir mikilli blóðtöku undanfarið og lykilmenn þeirra hafa verið að streyma frá liðinu í atvinnumennsku erlendis.

„Menn hafa verið að tala mikið við mig og spyrja mig hvort við ætlum ekki að fá okkur útlanding, en ég segi þeim einfaldlega að það komi ekki til greina en það er ekki svo að ég hafi eitthvað á móti útlandingum. Undanfarin ár höfum við einfaldlega verið að keyra þetta á okkar strákum og mönnum sem önnur lið töldu sig ekki geta

notað og það getur hver sem er séð hvernig það hefur gengið.

Þessir strákar eru hver á eftir öðrum á leiðinni í atvinnumennsku og komnir í landsliðið og mér finnst það bera vott um það góða starf sem er unnið hjá okkur. Þessir strákar geta allir veitt félaginu góð meðmæli, hérna eru allir ánægðir og þessvegna held ég að við auglýsum okkur einfaldlega þannig að ef menn vilja ná langt í íþróttinni geta þeir komið til okkar,“ sagði Hólmgeir.

Engin uppgjöf hjá ÍR

„Það er engin uppgjöf hjá okkur þó að við höfum misst nokkra menn og ég verð að segja að ég er stoltur af þeim Júlíusi og Finn-boga að halda áfram hjá okkur þrátt fyrir þetta mótlæti. Þeir standa stífir á sínu og ætla að halda áfram þessu starfi. Það verða engar stórar taktískar breytingar hjá okkur þess vegna og þessir strákar fá ekki betri skóla en frá svona mönnum, sem þekkja þetta allt frá a til ö. Við þurfum auðvitað að bæta við okkur einum eða tveimur markmönnum og einhverjum útivallarleikmönnum, en við erum ennþá með fullt af strákum frá því í fyrra og þriðji flokkurinn okkar varð Íslandsmeistari í fyrra. Það eru strákar sem munu stimpla sig inn hjá okkur fljótlega, svo við höfum engar áhyggjur af þessu,“ sagði Hólmgeir.

baldur@frettabladid.is

SLÁANDI YFIRBURÐIR



Samkvæmt niðurstöðum nýrrar fjölmiðlarkönnunar Gallup eru lesendur Fréttablaðsins 43% fleiri en Morgunblaðsins á meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára. Þessi aldurshópur er langvirkastur í kaupum á hvers kyns vörum og þjónustu.

Fréttablaðið er einfaldlega það blað sem fólk kys að lesa, umfram önnur dagblöð.

Fréttablaðið er með 43% fleiri lesendur en Morgunblaðið á aldrinum 18-49 ára.

PHOTOMEDIA/ALAMY

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er boðið upp á mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám og sérdeild.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám í sérskólum.

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Upplýsinga- og tækniabraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

Listnámsbrautir

Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

Löggilt iðnnám

Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

Löggilt starfsnám

Sjúkraliðabraut

Eins til tveggja ára starfsnám

Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og
mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

Almenn námsbraut

Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er boðið upp á viðbótaráfanga í raungreinum og stærðfræði til að styrkja stöðu nemenda gagnvart námi í tækniskólum og raunvísindum.

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.

Innritað er á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu.



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is

STUÐ MILLI STRÍÐA · Börn á biðlista

SIGRÍÐI B. TÓMASDÓTTUR LEIÐIST DAGMÖMMUSTRESS

MYND: HELGI SQUIRRESON



Það vita það allir sem reynt hafa að það er frábært að eignast barn. Og mikið er merkilegt að fylgjast með því dafna og þroskast á degi hverjum. Þessir fyrstu mánuðir eru hreint ævintýralegir. Þess vegna er alveg frábært að geta notið þeirra til fulls, sex mánaða fæðingarlof er algjört lágmark – og mikið er gott að karlar skuli líka fá orlof. Það hlýtur að hafa verið meiriháttar fúlt fyrir feður að fá ekki tækifæri til að vera heima með barninu ungu, eins og

tíðkaðist hér fyrir einungis nokkrum árum.

Þetta tímabil tekur auðvitað enda og þá er komið að dagmömmuvist fyrir litlu krílin, áður en leikskólarnir taka við. Það er að segja ef þau fá pláss hjá dagmömmu – það er aldeilis ekki hlaupið að því að komast að hjá þeim.

Ég hef aldrei verið sérstaklega þekkt fyrir að vera fyrirhyggjusöm. En eftir að hafa heyrt um mæður sem settu börn sín á biðlista hjá dagmömmum áður en þau komu í heiminn þá afréð ég að hefjast handa og hringja í þær nokkrar þó að drengurinn þurfi ekki á plássi að halda fyrir en í árslok.

Undirtektirnar hafa ekki verið

sérlega góðar. Sumar eru að hætta, aðrar eru með ógnarlanga biðlista nú þegar. Ekki hafa þær endilega yfirsýn yfir hvaða börn verða áfram hjá þeim næsta vetur þannig að í rauninni kemur ekkert í ljós fyrir en í haust hvernig veturinn verður hjá þeim. Þá er hins vegar pottþétt að það er of seint að hringja til að athuga málin þannig að ég get ekki annað en haldið áfram að setja barnið mitt á biðlista hjá sem flestum dagmæðrum.

Mikið væri það nú frábært ef það væri einfaldlega nóg framboð af dagforeldrum þannig að foreldrar þyrftu ekki að vera í stressi og angist yfir því hvað eigi að gera við barnið þegar fæðingarorlofinu lýkur.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Uppi á sviði með Rolling Stones

Hinir síngu rokkarar í The Rolling Stones eru á leiðinni í enn eina tónleikaferðina um heiminn. Reisan hefst í Boston 21. ágúst en þegar hafa 35 tónleikar verið bókaðir í Bandaríkjunum og Kanada. Því næst mun sveitin halda til Mexíkó, Suður-Ameríku, Austurlanda og loks Evrópu sumarið 2006.

Í tónleikaferðinni, sem nefnist The Rolling Stones Onstage, gefst áhorfendum kostur á að sitja á sviðinu sjálfu en nokkur hundruð sætum verður komið fyrir á sviðinu á hverjum tónleikum þannig að áhorfendur geti látið draum sinn rætast og verið uppi á sviði með goðunum sínum.

Rollingarnir fjórir tilkynntu um tónleikaferðina í Juilliard-tón-



ROLLING STONES Rollingarnir Charlie Watts, Mick Jagger, Ron Wood og Keith Richards þegar þeir kynntu nýju tónleikaferðina í Juilliard-tónlistarskólanum í New York.

listarskólanum í New York og sungu óvænt þrjú lög á svölum skólans fyrir gesti og gangandi. Fyrst sungu þeir Start Me Up, næst Oh No Not You Again af

næstu plötu sinni og loks slagarann Brown Sugar. Þetta var í fyrsta sinn sem The Rolling Stones syngja á blaðamannafundi síðan 1975. ■

Pakistan og Púertó Ríkó bætast við á Hróarskeldu

Hljómsveitirnar Faiz Ali Faiz frá Pakistan, sem spilar trúartónlistina Qawwali, og danssveitin Plena Libre frá Púertó Ríkó hafa bæst við fjölmennan hóp listamanna sem koma fram á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku sem hefst 30. júní.

Í ár kemur hátíðin til með að bjóða upp á tjaldsvæði, sem verður sett upp sérstaklega fyrir þá hátíðargesti sem kunna betur að meta þöglar nætur. Eftir talsverðar beiðnir hátíðargesta hefur verið ákveðið að verða við þeirri bón að útbúa tjaldsvæði þar sem minna verður um umgang og háværa tónlist. Þar verður meðal annars hægt að stunda Chi Gong,



HRÓARSKELDA Boðið verður upp á tjaldsvæði á Hróarskeldu fyrir þá sem vilja þöglar nætur.

sem samanstendur af slakandi heilunaræfingum fyrir hug og líkama. ■



PEARL JAM Rokksveitin ætlar að fylgja eftir plötunni Riot Act í lok ársins.

Pearl Jam í tónleikaferð

Rokksveitin Pearl Jam er á leiðinni í tónleikaferð um Kanada í haust eftir að hafa legið í dvala í nokkurn tíma. Fyrstu tónleikarnir verða í Vancouver 2. september.

Pearl Jam er um þessar mundir hálfnuð með sína áttundu hljóðversplötu sem mun fylgja eftir Riot Act sem kom út fyrir þremur árum. Nýi gripurinn er væntanlegur í lok ársins. ■



CHRISTINA AGUILERA Ætlar ekki að bjóða „vinkonu“ sinni Britney Spears í brúðkaupið.

Þér er ekki boðið

Samband poppdívanna Britney Spears og Christinu Aguilera hefur sjaldan verið gott. Þær rifust um athyglina í Mikka Músiklúbbnum þar sem þær skemmtu ásamt Justin Timberlake og stirt hefur verið milli þeirra allar götur síðan. Margir héldu að þær hefðu grafið stríðsöxina þegar þær sungu og kysstu Madonna á MTV-hátíðinni 2003. Svo virðist nú heldur betur ekki vera.

Þegar Spears giftist dansaranum Kevin Federline í september á síðasta ári var Aguilera ekki boðið og nú ætlar Christina að borga í sömu mynt. „Það er enginn möguleiki á því að henni verði boðið. Hún bauð mér ekki og ég ætla ekki að bjóða henni,“ sagði Christina Aguilera. ■



BRITNEY SPEARS Bauð Aguilera ekki í brúðkaupið sitt og fær ekki að vera með þegar Aguilera giftir sig.

THE DOCUMENT COMPANY

XEROX

Xerox – merki sem í áraraðir hefur einkennt gæðaprentara og ljósritunarvéla.

Tæknival er sölu- og þjónustuaðili fyrir Xerox á Íslandi.

Lækkaðu rekstrarkostnaðinn í ljósritun eða prenti

Sjálfvirk tvíhliða prentun/ljósritun dregur úr pappírnotkun. Einstaklega einföld í notkun.

Xerox CopyCentre C20 Ljósritunarvél

21 síða á mínútu
Frumritamatari í duplex
Fyrsta síða innan við 8 sek.
600 dpi upplausn í skönnun
Tvíhliða prentun (Duplex)
500 bls bakki inn +100
250 bls bakki út
Skannar og prentar í duplex

Listaverð: 159.900 kr.
Verð: 139.900 kr. með vsk

Lengri ending tónerhylkis og helmingi meira vinnsluminni en í sambærilegum prenturum.

Xerox Phaser 3150 Laserprentari

22 síður á mínútu
Fyrsta síða innan við 10 sek.
32MB minni
1200 x 600 dpi upplausn
Parallel og USB 2.0
250 bls innbakki
50 bls út
Mjög hljóðlátur

Listaverð: 34.900 kr.
Tilboðsverð: 29.900 kr.

Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Akureyri - [www.penninn.is](#) / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - [tvest@simnet.is](#)
Netheimar - Ísafjörður - [www.netheimar.com](#) / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - [www.eyjatolvur.com](#)
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - [tvals@mi.is](#) / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martölvur - Höfn í Hornafirði - [www.martolvan.is](#)

SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
[www.taeknival.is](#)

**Kl. 17.00**

Útskriftarmyndir ellefu nemenda af kvikmyndabraut Kvikmyndaskóla Íslands verða sýndar í dag í Bæjarbíói, Strandgötu 6 í Hafnarfirði, í tilefni þess að nemendur eru að útskrifast. Öllum er heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir.

menning

menning@frettabladid.is

Rambó 7 á Smíðaverkstæðinu

Rambó 7, nýtt verk eftir Jón Atla Jónasson, verður frumsýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins á fimmtudaginn í næstu viku. Þetta er í fyrsta sinn sem Þjóðleikhúsið setur upp verk eftir Jón Atla. Leikstjóri er Egill Heiðar Anton Pálsson og er þetta einnig í fyrsta sinn sem hann starfar við Þjóðleikhúsið. Stjarna vaknar upp hjá fimmtugum höstler og röltir niður í eldhús. Þar situr Johnny við símann. Júlí sækó er týndur í Bosnía. Og svo kemur Pési burðardýr, á sínum eilífa flóttan undan handrúkkunum. Jón Atli Jónasson er ungur höfundur sem hefur á skömmum tíma vakið mikla athygli í leikhúshéiminum og sýnt fram á ótvíræða hæfileika til að skrifa leikrit. Meðal verka hans má nefna Draugalest sem sýnt var í Borgarleikhúsinu og Brim sem Vesturport setti upp, en sú sýning var valin til sýningar á Leiklistartværingnum í Wiesbaden sem helgaður er nýjum verkum evrópskra leikskálda.



Leikendur eru Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir, sem þreyja frumraun sína í Þjóðleikhúsinu, Ólafur Egill Egilsson og Ólafur Darri Ólafsson.

EKKI MISSA AF...

... leiksýningunni **Ævintýri Þumalínu** sem íbúar á Sólheimum í Grímsnesi sýna á annan í hvítasunnu.

... vortónleikum **Mótettukórs Hallgrímskirkju**, sem verða haldnir á annan í hvítasunnu.

... sumarsýningu hommaleikhússins Hégóma, sem verður frumsýnd í Naustinu við Vesturgötu klukkan 23 í kvöld.

Tónlistarhátíð í Borgarnesi

Núna um hvítasunnuhelgina verður haldin í Borgarneskirkju í fyrsta sinn tónlistarhátíðin Ísnord, sem væntanlega verður árviss viðburður í framtíðinni.

„Við höfum alltaf verið með eitthvað af tónleikum í tengslum við Borgfirðingahátíð sem er alltaf í júní,“ segir Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari, „en nú ákváðum við að gera þetta svölítið stærra og hafa um hvítasunnuhelgina, sem alltaf er mikil ferðahelgi.“

Jónína er listrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt því að vera píanóleikari og tónlistarkennari í Borgarnesi.

Á opnunartónleikunum í kvöld

flytja söngkonurnar Dagrún Hjartardóttir og Theódóra Þorsteinsdóttir ásamt Jónínu Ernu á píanóið meðal annars tvö ný sönglög eftir Önnu Sigríði Þorvaldsdóttur við ljóð eftir Þorstein frá Hamri.

Á morgun verða tvennir tónleikar. Á þeim fyrri leikur norskur píanóleikarinn Helgi Kjekshus með Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, en á síðari tónleikunum leikur Pamela de Sensi flautuleikari ásamt Hannesi Þ. Guðrúnarsyni gítarleikara.

Á sunnudaginn verða svo lokatónleikar hátíðarinnar þar sem allir þessir listamenn leggja saman í tónleika helgaða norska tónskáldinu E. Grieg. ■



JÓNÍNA ERNA ARNARDÓTTIR Hún hefur skipulagt tónlistarhátíðina Ísnord í Borgarnesi nú um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



JESSICA MORGAN Jessica Morgan er sýningarstjóri flestra myndlistarsýninga Listahátíðar í Reykjavík, sem hefst á morgun.

Dansað í kringum Dieter

Listahátíð hefst um hvítasunnuhelgina með opnun fjölmargra myndlistarsýninga og teygir anga sína víða um land að þessu sinni.

Myndlistarhluti hátíðarinnar er gríðarlega stór í sniðum og hefur aldrei verið stærri. Um þrjátíu erlendir sem innlendir listamenn sýna verk sín á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

Viðamikil sýning á verkum Dieters Roths í þremur sýningar-sölum er þungamiðjan í myndlistarhlutanum. Sýngarstjóri þeirrar sýningar er Björn Roth, sonur Dieters, en Jessica Morgan hefur haldið utan um aðrar myndlistarsýningar á Listahátíðinni.

Undirbúningurinn hefur staðið yfir í hálft annað ár og á þessum tíma hefur Jessica haft í mörg horn að líta.

„Já, ég held það hafi verið í október sem mér var boðið að taka þetta að mér. Undanfarið hef ég komið til Íslands næstum því mánaðarlega. Einhver spurði mig að því um daginn hve oft ég hefði komið hingað, en ég hef ekki lengur tölu á því.“

Jessica Morgan er sýngarstjóri við Tate Modern listasafnið í London, þar sem hún vinnur að uppsetningu sýninga fyrir safnið.

„Mest eru það sýningar á samtímalist. Síðan hef ég alltaf unnið að öðrum verkefnum utan safnsins, en þetta er held ég það stærsta sem ég hef nokkurn tímann tekið að mér utan safnsins.“

Hún þekkti svolítið til íslenskrar myndlistar áður en hún tók þetta verkefni að sér, en hefur

orðið margs vísari um bæði íslenskt mannlíf og íslenska myndlist á þessu hálfa öðru ári.

„Ég þekkti auðvitað Ólaf Elíasson vel. Við höfðum gert nokkrar sýningar saman, bæði í Boston og Englandi. Ég hafði komið hingað með honum og þá kynntist ég Gabrielu og fleira fólki. Finnþóga hitti ég líka og Gjörningaklúbbinn þekkti ég auðvitað. Þetta var áður en ég hafði nokkra hugmynd um þessa listahátíð.“

Við val á listamönnum til þátttöku í Listahátíð var ákveðið að taka töluvert mið af Dieter Rothsýningunni. Jessica hafði til hliðsjónar þrjú þemu, sem mynda ramma utan um listsköpun Roths og eru jafnframt heildaryfirskrift Listahátíðar í Reykjavík 2005.

Á íslensku er þessi titill Tími – Rými – Tilvera, en á ensku Material Time / Work Time / Life Time.

„Síðan lét ég listamönnum það alfarið eftir hvað þeir gerðu. Ég vonaði auðvitað að þeir hefðu einhvern áhuga á því hvers vegna þeim var boðið, og þeir myndu síðan gera eitthvað sem tengdist á einhvern hátt þessari meginhugmynd. Mér fannst líka mjög áhugavert að fylgjast með því að sumir listamennirnir, sem þekktu ekki verk hans mjög vel, öfluðu sér upplýsinga og lásu bækur og eru núna algerlega upprifnir yfir þessu öllu saman.“

Henni vefst svolítið tunga um tönn þegar hún er spurð hvort hún geti nefnt eitthvað sem beri hærra en annað að hennar mati á hátíðinni.

„Ég held ég verði þó að nefna fyrst ýmsa þá listamenn sem vinna í anda Dieters Roth og eru hluti af þeirri hefð. Jonathan

Meese væri einn af þeim, John Bock líka. Ragnar Kjartansson sömuleiðis og Elke Krystufek frá Vínarborg, og sennilega líka Gabriela Friðriksdóttir. Þau nota gjarnan eigin persónu í verkum sínum í bland við einhverja goðsögulega þætti.“

Eins og gefur að skilja er afstaða allra þessara ólíku listamannanna til Dieters Roths og verka hans afar mismunandi.

„Sjálfrí fannst mér líka forvitnilegt að kynnast afstöðu íslensku listamannanna, sem sumir hverjir eru ekkert sérlega spenntir fyrir Dieter Roth og hafa fengið leið á honum. Anna Línal er til dæmis að gera eitthvað allt annað á sýningu sinni á Seyðisfirði, sem er nánast heilagur staður í augum aðdáenda Dieters, og það finnst mér skapa skemmtilega spennu í þetta allt saman. Aðrir hafa hins vegar orðið fyrir miklum áhrifum af Dieter Roth, annað hvort vegna þess að allir kennarar þeirra voru undir áhrifum frá honum, eða þá að þeir eru gamlir vinir hans, eins og til dæmis Kristján Guðmundsson.“

Allar sýningarnar snúast því með einum eða öðrum hætti í kringum Dieter Roth, en afstaða listamannanna til Íslands og áhrif landsins á listsköpun vöktu líka sérstaka athygli Jessicu.

„Erlandu listamennirnir, eins og til dæmis John Bock og Jonathan Meese, vildu ólmir fara að gera kvikmyndir um firðina og náttúruna og allt það, á meðan íslensku listamennirnir hafa engan áhuga á því.“

Þeir hafa fengið sig fullsadda af Íslandi. Mér fannst þetta fyndið og þetta gefur af sér mjög skemmtilega blöndu.“ ■

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Guðrún Gunnarsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir mæta Andreu Gylfa og Berglindi Björk

ÞAÐ VAR LAGIÐ

Í kvöld kl. 20:30




GOTT FÓLK MORGAN

ÞAÐ VAR LAGIÐ STÖÐ 2!

10 vinsælustu þættirnir

Áskrifendur Stöðvar 2

1	Það var lagið	59,96 %
2	Strákarnir	45,39 %
3	Spaugstofan	45,08 %
4	Laugardagskvöld með Gísla Marteini	35,86 %
5	Amazing Race	32,97 %
6	American Idol	32,61 %
7	Joey	30,77 %
8	Twenty Four	30,73 %
9	Sjálfstætt fólk	29,17 %
10	Ísland í bítið	29,01 %



Hlutdeild í sjónvarpsáhorfi:
Allar íslenskar konur undir 50 ára.



515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

■ LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK 2005

Schlingensief í Klink og Bank

Þýski leikstjórinn Christoph Schlingensief frumsýnir á morgun nýtt verk eftir sig í húsakynnum Klink og Bank á Listahátíð. Schlingensief hefur undanfarið unnið að undirbúningi verksins hér á landi ásamt hópi íslenskra listamanna og leikara frá Þjóðleikhúsinu.

Verkið heitir Animatograph og er að hluta til kvikmynd, sem varpað er á hringsvíð þar sem ýmsar verur eru á kreiki. Leikstjórinn vinnur út frá ýmsum minnum úr verkum Wagners, afrískum trúarhefðum, Íslendingasögunum og íslenskum samtíma. Meðal annars koma Þingvellir og stofnun Alþingis við sögu.

Schlingensief kallar verkið íslensku útgáfuna af „húsi þráhyggjunnar“, sem hann stillir upp á móti „húsi þingsins“ og dregur fram í dagsljósið baráttu allra samfélaga við spillingar- og kúgunaröfl af hvaða tagi sem er.

Verkið á eftir að ferðast víða og verður sýnt í Afríku og Ameríku auk ýmissa Evrópulanda, en verkið mun taka breytingum í hvert sinn sem það er sett upp.

Schlingensief vakti fyrst á sér athygli sem kvikmyndagerðarmaður fyrir hálfum öðrum áratug eða svo en færði sig síðan yfir í leikhúsið og hefur verið nefndur „enfant terrible“ þýska kvikmynda- og leikhússheimsins.

Undanfarið hefur hann svo verið að fikra sig smám saman yfir í myndlistina og er þetta verk, sem frumflutt verður hér á landi, fyrsta stóra skrefið hans í þá áttina.

Á síðasta ári leikstýrði Schlingensief óperunni Parsifal eftir Wagner á Bayreuth-hátíðinni í Þýskalandi og vakti sú



CHRISTOPH SCHLINGENSIEF Þýski leikstjórinn Christoph Schlingensief frumsýnir verk sitt Animatograph í húsakynnum Klink og Bank á laugardag.

sýning gríðarlegar deilur. Þrjár sýningar verða á verkinu Animatograph nú um helgina, en innsetningin verður áfram til sýnis ásamt kvikmyndum sem eru hluti af henni. ■

Alls konar skrímslamyndir

Hugleikur Dagsson opnar á laugardaginn sýninguna „I see a dark sail“ á Café Karólínu í Listagilinu á Akureyri. Þetta er önnur einkasýning Hugleiks, sem hefur tekið þátt í um tuttugu samsýningum auk þess sem hann hefur gefið út myndasögubækurnar Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur og einnig gert teiknimyndir fyrir Tvíhöfða á Popptívi.

„Þetta eru ýmsar teikningar sem ég hef verið að gera, alls konar skrímslamyndir og ógeð. Ein fjögurra mynda serían er til dæmis af köttum að æla og svo eru þarna myndir af hákörlum og annars konar skrímslum,“ segir Hugleikur.

„Þetta er allt eitthvað sem ég hef nú bara verið að gera á síðustu dögum og allt í mínum eigin teiknimyndastíl. Hugmyndirnar fæ ég úr ýmsum hryllingsmyndum, japönskum teiknimyndum eða bókmenntum og annað er komið úr vísindaskáldskap.“ ■



SKRÍMSLAMYNDIR Hugleikur Dagsson hefur sett upp sýninguna „I see a dark sail“ á Café Karólínu á Akureyri.

ENNEWM / SIA

20% afsláttur af smjöri

ÁFRAM MEÐ SMJÖR IÐ!

Tilboð

Leikskrá

Alveg briliant

SKELNAGUR

UPPSELT

var á allar sýningar í apríl

UPPSELT er á flestar sýningar í maí.

Miðasala er hafin á sýningar í júní.

Ósóttar pantanir seldar daglega í Borgarleikhúsinu.

DANSLEIKIR

um helgina

Föstudags- og laugardagskvöld

13. & 14. maí

Úlfar

Utrandi fin Hljómsveit

KLÚBBURINN

við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

VODKAKÚRINN

Helga Braga Steinn Ármann

AUSTURBÆR

Fös.13/05'05 kl: 20:00

Aukasýning

HÓTEL SELFOSS

Fös.20/05'05 kl: 21:00

IsMedia expert

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.vodkakurinn.is

Stórdansleikir um hvítasunnuhelgina

laugardagur: HREÐAVATNSSKÁLI

sunnudagur: TRAFFIC, Keflavík

á móti sól

www.amotisol.is

„What we do in life echoes in eternity.“



- Skilmíngabráellinn Maximus í Gladiator vissi nákvæmlega hvernig maður skráir nafn sitt á spjöld sögunnar.

bíó

bio@frettabladid.is

Frá skjánum á hvíta tjaldið

Um helgina verða frumsýndar tvær kvikmyndir, báðar með þekktum sjónvarpsleikurum í aðalhlutverkum. Hvorugur þessara leikara tekur mikla áhættu, því að **Debra Messing** leikur kvikmyndaútgáfu af *Grace* í *The Wedding Date* og **Steve Harris** leikur metnaðarfullan lögræðing, líkt og *Eugene Young* var í *The Practice*, í *Diary of a Mad Black Woman*.

Sjónvarpið hefur þótt góður stökupallur fyrir leikara á hvíta tjaldið. Það er þó ekki sjálfgefið að leikarar nái að brjótast út úr því hlutverki sem þeir voru í á skjánum.

Johnny Depp lék meðal annars í *21*. *Jump Street* á árunum 1987 til 1990 en fáir muna sennilega eftir því hvað hann lék þar. Hann hefur sjálf sagt þótt eftirminni-legri sem **Edward Scissorhands** eða **Jack Sparrow**. **Kelsey Grammer** hefur oft reynt fyrir sér á hvíta tjaldinu með vægast sagt hörmulegum hætti því hver getur séð

þennan geðþekka leikara sem eitthvað annað en *dr. Fraiser Crane*? Sá leikari sem flestir sjónvarpsleikarar horfa til er þó án nokkurs vafa **George Clooney**. Hann hóf sinn leikaraferil í kvikmyndum en hrökklaðist þaðan eftir nokkrar hroðalegar myndir. Ferill hans komst aftur á flug þegar hann fékk hlutverk *dr. Ross* í *E.R.* Eftir að hafa tryggt sér traustan aðdáendahóp hóf Clooney leik á hvíta tjaldinu aftur og er nú ein stærsta stjarnan í Hollywood.

Þá þekktist það einnig að kvikmyndastjörnur reyni fyrir sér í sjónvarpi til þess að „pumpa“ upp nýjar þáttaraðir. Stórleikkonan **Glenn Glóse** er meðal annars að leika í *The Shield* þessa dagana. Þá hefur ferill **Kiefers Sutherland** gengið í endurnýjun lífdaga með þáttaröðinni *24*. Þá má heldur ekki gleyma **Gary Sinise** sem um þessar mundir leikur í New York-útgáfunni af *CSI*.



GARY SINISE Varð heimsþekktur fyrir leik sinn í kvikmyndum á borð við *Forrest Gump* og *Ransom* en leikur núna lögregluforingjann Mac Taylor í *CSI: New York*

EKKI MISSA AF...



... hinna mögnuðu **House of Flying Daggers**, sem er enn í sýningum eftir gott gengi á IIFF 2005 kvikmyndahátíðinni. Þessi listavel gerða bardagamynd hverfist um hjartnæmt ástar-ævintýri elskenda sem eru jafn dauðadæmdir og Rómeó og Júlia. Áhrifarík mynd sem lætur engan með fullu viti ósnortinn.

FRUMSÝNDAR Í DAG

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)




DIARY OF A MAD BLACK WOMAN

The Wedding Date

Internet Movie Database 5,1 / 10
Rottentomatoes.com 11% / Rotten
Metacritic.com 5,1 / 10

Diary of a Mad Black Woman

Internet Movie Database 4,0 / 10
Rottentomatoes.com 16% / Rotten
Metacritic.com



MESSING OG MULRONEY *The Wedding Date* er sögð vera í anda *Four Weddings and a Funeral*

Er hægt að kaupa ástina?

Kvikmyndin *The Wedding Date* er sögð vera í anda *Four Weddings and a Funeral*. Hún segir frá Kat Ellis sem er í frekar slæmum málum. Hálf systir hennar, hin ofdrækada Amy, er að fara ganga upp að altarinu með fyrrverandi kærasta hennar og hún hefur það ekki í sér að mæta í brúðkaupið ein. Hana langar sjálfa í kærasta sem getur gert fyrrverandi kærasta afbrýðissaman, fær konur til þess að snúa sig úr hálsliðnum og gæti tælt til sín hvaða konu sem er með augngotunum einum. Eftir að hafa snúið New York á haus nálgaast brúðkaupið óðfluga og Kat ákveður að grípa til örþrifaráða. Hún ræður sér atvinnumann á þessu sviði, fylgdarsveininn Nick Mercer sem er sagður sá besti á sínu sviði. Þau fljúga saman til London til þess að vera viðstödd brúðkaupið. Þar heillar Nick alla

upp úr skónum og Kat fer að finna fyrir tilfinningum sem hún hefur ekki fundið áður. Hún er því í enn verri málum en áður, því ástin sem hún hafði keypt er kannski sú rétta.

Það er leikkonan Debra Messing sem fer með hlutverk hinnar seinheppnu Kat Ellis. Aðdáendur Will og Grace ættu að kannast við hana þar sem hún leikur sjálfa Grace. Hún hefur reyndar verið að feta sín fyrstu spor á hvíta tjaldinu og lék meðal annars hina ótrúu eigin konu Ben Stiller í *Along Came Polly*. Nick er leikinn af Dermot Mulroney sem sló einmitt í gegn í annarri brúðkaupsmynd, *My Best Friend's Wedding*. Leikstjóri myndarinnar er Clare Dilner en *The Wedding Date* verður frumsýnd í Sambíóunum á föstudaginn. ■

Tónlistarfólkið er snilldin

Íslenska tónlistarkvikmyndin *Gargandi snilld* verður frumsýnd á morgun og væntanlegur er geisladiskur með tónlist úr kvikmyndinni. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Ara Alexander Ergis leikstjóra myndarinnar.

„Við eigum 250 tíma af efni sem kemur ekki fyrir í myndinni,“ segir Ari og fær sér sopa af kaffinu sínu. „Við ætlum því að gefa út DVD-disk með myndinni sem kemur til með að innihalda mjög mikið af aukaefni,“ segir hann.

Gargandi snilld hefur verið í vinnslu síðastliðin tvö ár og er Ari búinn að sjá hana yfir tvö hundruð sinnum og segist loksins vera orðinn nokkuð sáttur við hana. „Annars er ég þannig týpa að ég er aldrei fyllilega sáttur,“ bætir hann við og hlær. Myndin hefur enda verið fullgerð tuttugu og átta sinnum og það verður því 29. útgáfan sem íslenskir biógestir fá að sjá.

Hélt að þetta væri grín

Ari Alexander er menntaður myndlistarmaður og lærði í París um sex ára skeið. Hann fór að gera heimildarkvikmyndir fyrir tíu árum og hefur gert myndir um Síberíu og Erró myndlistarmann. Gargandi snilld er þó án nokkurs vafa hans stærsta verkefni. Þegar Sigurjón Sigghvatsson, framleiðandi myndarinnar, hringdi í Ara og spurði hvort hann vildi gera mynd um íslenska tónlist í fimmtíu ár hélt hann að þetta væri eitthvert grín. „Röddin kom samt upp um hann,“ segir hann og hlær.

Í kjölfarið það Sigurjón hann um að hitta sig og koma með allar þær myndir sem hann hafði gert. „Þetta var eins og stórt atvinnuviðtal,“ segir Ari og veltir því fyrir sér af hverju hann, af öllum mönnum, ætti að gera mynd um íslenska



BJÖRK Á TÓNLEIKUM SÍNUM Á CONEY ISLAND „Íslensk tónlistarkvikmynd án Björkar hefði aldrei gengið.“

tónlist. „Ég var enda eini maðurinn í tókulíðinu sem ekki hafði verið í eða var í hljómsveit,“ segir hann og hlær. „Ég hafði hins vegar alltaf verið mikill áhugamaður um rímur og kvæði, sem mér fannst liggja eins og naflastrengur um íslenska tónlist,“ segir hann en Naflastrengur var einmitt vinnuheitið á myndinni.

Dæmigerð íslensk athafnasemi

Eftir að Ari hafði fengið verkefnið í sínar hendur byrjaði hann að lesa sér til um íslenska tónlist. „Ég dat



ARI ALEXANDER ERGIS „Þegar Sigurjón Sigghvatsson hringdi í mig og spurði hvort ég vildi gera mynd um íslenska tónlist í fimmtíu ár hélt ég að þetta væri grín.“

eiginlega í lukkupottinn þegar ég rambaði inn á sýningu um sýn erlendra fræðimanna á Íslendinga í þúsund ár. Þá gerði ég mér grein fyrir því að við höfum ekkert breyst. Þetta er ennþá sama gleðin, sama manían, ástin og hatrið.“ Myndin hefst enda á tæplega þúsund ára gömlum texta. Þar kemur fram undrun höfundar á hæfileika þjóðarinnar til þess að kveða rímur og hann vonar jafnframt að hin óblíðu náttúruöfl komi ekki til með að eyða þessari þjóð. „Þar með var grunnhugmyndin komin en björninn þó ekki unninn,“ segir hann.

Björk varð að vera í þessari kvikmynd að sögn Ara. „Ef við ætludum að selja kvikmyndina erlendis og Björk væri ekki í henni hefðu menn bara hlegið og sagt: Engin Björk, gleymið þessu!“, útskýrir Ari en það var aðeins einn hængur á. „Björk var að ljúka heimsferðinni sinni í New York eftir fimm daga. Það var svona jafn fjarlægð að ná henni og að við værum á leiðinni til tungslins,“ segir Ari og glottir. Þegar þeir höfðu gert sér grein fyrir þessu hringdi Sigurjón og grennsaðist fyrir um gang mála. „Ég sagði honum frá þessu vandamáli og það var greinilega ekki stærra en svo, að fjórum dögum seinna vorum við mættir til New York með fimmtán manna tókulíði frá Los Angeles,“ segir Ari sem hlær og bætir því við

að þetta sé lýsandi dæmi um íslenska athafnasemi. „Hlutirnir eru bara gerðir.“

Tónlistarmennirnir eru þessi gargandi snilld

Mikil vinna var lögð í öll smáatriði við lokavinnslu myndarinnar. „Þegar við sýndum hana í Gautaborg blístraði fólk og stappaði. Það var einmitt sú upplifun sem við vildum ná, að fólki liði eins og það væri státt á tónleikum,“ segir Ari og bætir því við að hann hafi ekki viljað hafa of mikið tal í myndinni. „Við vildum leyfa tónlistinni að tala.“

Ari segir myndina kallast á við kvikmynd Friðriks Þórs, *Rökk í Reykjavík*. „Hún á að sýna hversu mikil þróun hefur átt sér stað frá þessum árum,“ segir hann. Nafn kvikmyndarinnar hefur vakið mikla athygli og Ari segist vel skilja það. „Ég hef þvælst með myndlistarmönnum og veit hversu merkilegir þeir eru með sig. Þeir komast ekki í hálfkvísti við það sem tónlistarmenn eru og mér finnst það fallegt. Þeir hafa fulla trú á því sem þeir eru að gera og eru í þessu á sínum eigin forsendum,“ segir Ari og bætir því við að nafnið vísi ekki til myndarinnar sjálfar heldur tónlistarfólksins sem kemur við sögu í henni. „Það er það sem er þessi gargandi snilld.“

freyrgigja@frettabladid.is

Pegar skýjaborgirnar hrynja

Kvikmyndin *Diary of a Mad Black Woman* er byggð á samnefndu leikriti Tyler Perry sem hefur verið sýnt í Bandaríkjunum við miklar vinsældir. Myndin segir frá Helen McCarter sem lifir hinu fullkomna lífi með sínum ástríka eiginmanni Charles McCarter. Helen hefur ætíð verið manni sínum trú á meðan hann kom sér upp glæstum starfsferli sem lögfræðingur í Atlanta. Þau eiga réttu fötin, flotta bíla, auk þess að búa í glæsilegri villu með sundlaug og tennisvelli. Þau eiga því nánast allt sem að hugurinn girnist.

Á 18 ára brúðkaupsafmælinu hrynur heimur Helenu þegar eiginmaður hennar biður um skilnað.

Hann nánast hendir henni út til þess að rýma fyrir nýju konuna í lífi sínu.

Helen leggur upp í ferðalag með alla búslóðina sína í litlum sendiferðabíl og með aðstoð fjölskyldu sinnar fær Helen allan þann styrk til þess að sjá að hún þarf að taka málin í sínar hendur. Hún áttar sig einnig á því að allir þeir hörmulegu atburðir sem hafa átt sér stað hafa sína skoplegu hlið með aðstoð hinnar útúrreyktu, byssuenskandi ömmu sinnar, Madeu.

Tyler Perry byrjaði að skrifa leikrit aðeins átján ára gömul og síðan þá hafa átta leikrit hennar verið sett upp. Perry leikur sjálf í myndinni en hún bregður sér í

hlutverk ömmunnar, Madea. Það er Kimberly Ellis sem fer með hlutverk Helenu en hún lék meðal annars á móti Denzel Washington í kvikmyndinni *John Q.* Leikarann Steve Harris ættu margir að kannast við sem Eugene Young í þáttunum *Practice*. Harris hefur síðan að þátturinn var lagður af reynt fyrir sér í kvikmyndaleik með misgóðum árangri en lék meðal annars aðstoðarmann Tom Cruise í *Minority Report*. ■

MCCARTER-HJÓNIN Helen McCarter er ekki sátt við framkomu fyrrverandi eiginmanns síns og snýr aftur til þess að hefna sín á honum



ANAKIN Anakin Skywalker umbreyttist í Svarthöfða í nýju Stjörnustríðsmyndinni.

500 miðar fyrsta daginn

Alls seldust 500 miðar í gær í for-sölu á stórmyndina *Star Wars Episode III: The Revenge of the Sith*. Komin var biðröð í Smárabíó um leið og miðasalan var opnuð og sömu sögu er að segja frá öðrum kvikmyndahúsum.

Morgunþátturinn Zuuber á FM957 leitar nú að einstaklingi sem er tilbúinn að sjá stórmyndina í heilan sólarhring frumsýningardaginn 20. maí. Byrjar hann að horfa kl 13 og sér síðan myndina þrettán sinnum yfir sólarhringinn. Verður síðasta sýningin klukkan 11 um morguninn. Í verðlaun fyrir þann sem er tilbúinn í þetta krefjandi verkefni er heimabíó, allar sex myndirnar á DVD, tveir miðar í Lúxussal Smárabíós og árskort í Smárabíó og Regnbogann.

Þess má geta að Kvikmynda-skoðun er búin að sjá nýju *Star Wars*-myndina og verður hún bönnuð börnum innan 10 ára, rétt eins og *Episode I* og *II*. ■

Bragðgóðar fjölvítamíntöflur með steinefnum

VitaMineral

Fyrir fullorðna og börn eldri en 11 ára

Út að borða með fjölskylduna um Hvítasunnuna

2 á 2200

Fjölskyldutilboð

Tvær miðstærðar pizzur með tveimur áleggjum á kr. **2200**

Gildir einungis í veitingasal. Gildir til 17. maí 2005



Láttu sjá þig

Nordica • Sprengisandi • Smáralind
www.pizzahut.is • 533 2000

Football Manager fyrir PSP

Tölvuleikurinn Football Manager 2006 fyrir PSP er væntanlegur síðar á árinu. Leikurinn er sérhannaður fyrir þessa nýju leikjatölvu frá Sony, þannig að nú geta aðdáendur Football Manager-leikjanna spilað leikinn hvar sem er.

Leikurinn mun innihalda raunveruleikastig og þau gæði sem við þekkjum úr Football Manager, nema hvað hann er hannaður sérstaklega til að vera einfaldari og hraðari í spilun.



PSP Tölvuleikurinn Football Manager 2006 verður gefinn út fyrir PSP síðar á árinu.

„Allt frá því að við fengum PSP-tölvuna í hendurnar vissum við að þarna væri komin lófátölva sem gæti skartað Football Manager í öllum þeim gæðum sem aðdáendur leikjanna eiga að venjast,“ segir Miles Jacobson, forstjóri Sports Interactive.

Fjörugt ástarlíf stjarnanna

Stjörnurnar í kvikmyndaheiminum eru í miklum ástarham. Tom Cruise og Katie Holmes ásamt Brad Pitt og Angelinu Jolie eru hvað heitust en þau eru þó ekki þau einu sem eru að skjóta saman nefjum.

Orlando Bloom, sem nýlega hætti með kærustu sinni Kate Bosworth eftir tveggja ára samband, virðist hafa fundið ástina í örmum MTV kynnisins Vanessu Minnillo. Þau voru óaðskiljan-



VANESSA MINNILLO Þetta á vísu að vera nýja ástin í lífi Orlando Bloom

leg á bar í New York, þar sem þau hvísluðust og dönsuðu saman á eggjandi hátt að sögn sjónarvotta. „Fjölmargar stelpur reyndu að komast í tæri við Bloom í von um smá hlýju en leikarinn vísaði þeim öllum frá og einbeitti sér að Minnillo,“ sagði einn sjónarvotta.

Orlando er þó ekki sá eini sem er að slá sér upp á ný, því Jake Gyllenhaal virðist vera búinn að ná sér eftir að samband hans og Spiderman stjörnunna Kirsten Dunst rann út í sandinn. Hann er sagð-



GYLLENHAAL OG DUNST Lengi vel var orðrómur um að parið myndi taka saman á nýjan leik en nú virðist útséð með það

ur í tygjum við leikkonuna Catalinu Sandino Moreno sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í kvikmyndinni María full náðar, sem sýnd var IFFF 2005 kvikmyndahátíðinni. ■



KRINGLUNNI

S: 553 5020



Sumar gjafir skipta öll börn máli!

Gefum börnum góða sumargjöf

MICHAEL JACKSON Popparinn segist aldrei hafa misnotað börn. Þess í stað segir hann að fullorðnir hafi farið illa með sig.

Culkin neitar misnotkun

Leikarinn Macaulay Culkin hefur harðneitað því að popparinn Michael Jackson hafi misnotað sig kynferðislega. Segir hann ásakanirnar fáránlegar.

Leikarinn Macaulay Culkin neitaði því harðlega í réttarhöldunum yfir Michael Jackson að popparinn hefði misnotað sig kynferðislega og sagði ásakanirnar fáránlegar.

Culkin, sem sló í gegn í byrjun tíunda áratugarins í kvikmyndunum Home Alone, er þriðji ungi maðurinn sem hefur neitað því fyrir rétti að hafa verið misnotaður af Jackson í heimsóknum sínum á búgarð hans Neverland. Vitni saksóknara hafði áður haldið því fram að hafa séð Jackson snerta Culkin á ósæmilegan hátt.

Culkin viðurkenndi fyrir réttinum að hafa sofið þónokkrum sinnum í rúmi Jacksons þegar hann var tíu til fjórtán ára gamall.



MACAULAY CULKIN Culkin fyrir utan dómshúsið. Hann sló í gegn í tveimur Home Alone-myndum á tíunda áratugnum.

Stundum sagðist hann hafa sofið í rúminum með öðrum drengjum. Að sögn Culkins hafði Jackson gengið í gegnum það sama og hann var að upplifa á þessu tíma-bili sem barnastjarnan úr Home

Alone. „Einn daginn er maður bara venjulegur strákur sem er einnig leikari en næsta daginn er fólk að fela sig á bak við runna til að taka af þér mynd,“ sagði Culkin sem er 24 ára. „Það er erfitt að kynnast öðru fólki sem hefur lent í svipuðum kringumstæðum.“

Culkin sagði að mjög gott hefði verið að fá stuðning frá Jackson á þessum tíma. Neitaði hann því jafnframt að Jackson hefði misnotað sig á meðan hann svaf. „Það er mjög ólíklegt. Ég held að ég hefði áttað mig á því ef eitthvað slíkt væri gert við mig.“

Myndband með viðtali við Jackson var einnig sýnt í réttarhöldunum. Þar sagðist hann hafa átt skrítna æsku og sagði elska börn vegna sakleysis þeirra og myndi aldrei gera neitt til að skaða þau. „Ég er ekki klikkaður,“ sagði hann. „Ég er mjög gáfaður. Ég hefði aldrei getað náð svona langt ef ég væri klikkaður. Börn hafa aldrei svikið mig eða gabbbað. Það er fullorðna fólkíð sem hefur farið illa með mig.“ ■

Róleg og góð

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hún Hildur Vala heillaði land og þjóð í Idol-keppninni sem lauk í mars. Þar steig hún vart feilspor og virtist hafa mesta stöðugleikann á meðal keppenda. Á endanum bar hún verðskuldaðan sigur úr býtum og voru sigurlaun hennar útgáfusamningur hjá Senu.

Hildur er mestmegnis á rólegu nótunum á þessari fyrstu plötu sinni, þar sem hún syngur lög eftir valinkunna listamenn á borð við Stefán Hilmarsson, Jón Ólafsson, Valgeir Guðjónsson, Joni Mitchell og Suzanne Vega.

Fyrsta lagið, Both Sides Now, er ákaflega fallett í hlýlegum flutningi Hildar, sem og Dark

End of the Street og Songbird. Næst kemur Líf en eitthvað virðist mér það vera farið að þreytast þó að Hildur syngi það vel. Í fylgnum hjartans er fallett lag og Cuck E's in Love er bæði létt og skemmtilegt. Hildur bætir svo sem ekki miklu við góðan flutning Emilfönu Torrini á laginu The Boy Who Giggles So Sweet en skilar sínu þó með ágætum. Einnig syngur hún Bítalagíð For No One frábærlega.

Það á greinilega vel við Hildi Völu að syngja róleg lög þar sem gullfallett rödd hennar nýtur sín svo vel. Þó að lögin á plötunni séu ekki öll jafngóð hífir Hildur Vala þau flest upp til skýjanna með söng sínum. Ég saknaði reyndar Án þín á þessari plötu sem hún söng óaðfinn-



HILDUR VALA

HILDUR VALA

NIDURSTAÐA: Það á greinilega vel við Hildi Völu að syngja róleg lög þar sem gullfallett rödd hennar nýtur sín svo vel. Þó að lögin á plötunni séu ekki öll jafngóð hífir Hildur Vala þau flest upp til skýjanna með söng sínum.

anlega í úrslitum Idol. Það bíður vonandi betri tíma.

Freyr Bjarnason

Aftur í loftinu!
X-ID 97.7 kynnir:

FOO FIGHTERS

97.7

QUEENS of the STONE AGE

Á REYKJAVÍK ROCKS 2005
EGILSHÖLL 5. JÚLÍ

Forsala hefst laugardaginn 21. maí kl. 11:00
í verslunum 10-11 Lágmúla, Austurstræti og Akureyri
Almenn miðasala hefst sunnudaginn 22. maí
í öllum verslunum 10-11

REYKJAVÍK
ROCKS
2005

www.reykjavikrocks.is
www.xid977.is



SKARTGRIPIR frá Wouters & Hendrix eru æði fallegir. Þeir eru unnir úr gulli og silfri.



TRILOGI Jette og Sæunn hanna undir merkinu Trilogi sem heitir í höfuðið á verslun þeirra.

Skapandi miðbæjarkonur

Ferskir vindar blása um hönnunarverslunina Trilogia. Eigendur hennar hafa verið á kafi í fatahönnun um langa hríð og færa íslendingum framsækna hönnun frá ýmsum heimshornum. **Marta María** tók þær tali og skyggðist inn í veröld Sæunnar og Jette og mátaði ekta vintage sölgleraugu frá Christian Dior.

